

**SKOÐUN** Finnbogi Hermannsson skrifar um skýrslu Jóns Geirs Þórissonar. 16



**TÍMAMÓT** Heiðrún Hámundardóttir var heiðruð fyrir tónlistarstarf með ungu fólki. 18



**LÍFIÐ** Alma Mjöll Ólafsdóttir vill að fleiri kvenkyns skáld taki upp pennann. 30



**SPORT** Kynslóðaskiptin ganga illa hjá íslenska landsliðinu í handbolta. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
4. nóvember 2014
259. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Slegist um öldungadeild

Í dag er gengið til kosninga um 34 þingsæti af 100 í öldungadeild Bandaríkjaþings. Repúblikanar vonast til að ná meirihluta. 12

**Annast sorpið sjálfur** Ábúandinn á Fagrabakka í Rangárþingi eystra segist hættur að borga sorphirðugjöld. 2

**Aukin áhersla á tónleika** Tónleikahald íslenskra tónlistarmanna í útlöndum hefur stóraukist. Markaðssetning skilar sér. 4

**Forgangsröðun sögð röng** Formaður SFR segir ríkið ekki setja laun starfsmanna sinna í forgang og kasta frá sér tekjum. 8




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | SSV | 3 |
| Akureyri | -2° | | S | 4 |
| Egilsstaðir | -3° | | S | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | | S | 3 |
| Reykjavík | 3° | | S | 5 |

**FROSTSTILLA** Í dag verður yfirleitt hæg suðlæg átt og bjartviðri en dálítil úrkoma syðst síðdegis og SV-til í kvöld. Frost víða 0-5 stig en hiti að 7 stigum syðst. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Bílar | Fólk**












**ÝMSU MÓTMÆLT** Þegar mest var segir lögregla að um 4.500 manns hafi komið saman á Austurvelli síðdegis í gær til að mótmæla. Í hópnum voru fulltrúar margvíslegra hópa sem finnst á sig hallað af stjórn landsins. Sjá síðu 6

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ummæli ráðherrans herða læknadeiluna

Loforð fjármálaráðherra um byggingu nýs Landspítala hefur engin áhrif á kröfur lækna. Formaður samninganefndar Læknafélags Íslands segir orð ráðherrans um óraunhæfar kröfur þeirra ekki hvetjandi. Ætla samt að halda áfram á sömu braut.

**HEILBRIGÐISMÁL** Loforð Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra um að hafist verði handa við byggingu nýs Landspítala á þessu kjörtímabili hefur engin áhrif á kjaraviðræður lækna. Þetta segir Sigurveig Pétursdóttir, formaður Læknafélags Íslands, í samtali við Fréttablaðið.

Bjarni sagði á flokksráðsfundi Sjálfstæðisflokksins um helgina að vinna við nýjan Landspítala geti hafist á kjörtímabilinu.

„Við erum ekki að semja um spítala, ekki frekar en fólkið sem vinnur í Bónus semur um hvað verður gert við kornflexið í búðunum. Þetta hefur engin áhrif á okkur,“ segir Sigurveig.

Á fundinum sagði ráðherrann jafnframt að kröfur lækna um margra tuga prósenta launahækkun væru óraunhæfar.

Sigurveig segir slíkt ekki heldur hafa áhrif á viðræðurnar.

„Við höldum bara áfram, við vitum hvað við þurfum. En auðvitað er þetta ekki hvetjandi,“ segir Sigurveig.

Samninganefndin fundaði í gær með samninganefnd ríkisins og til umræðu voru atriði er varða vaktafyrirkomulag lækna.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Sigurveig segir það tímafreka vinnu og gerir ekki ráð fyrir að hægt verði að ná saman í vikunni.

Verkfallsaðgerðir lækna héldu áfram í gær og standa yfir þar til á fimmtudag, þegar meðal annarra svæfingar- og skurðlæknar leggja niður störf.

Í pistli Páls Matthíassonar, forstjóra Landspítalans, á heimasíðu spítalans sem birtist á föstudag segir að dragist verkfallið á langinn út boðaðan tíma til 11. desember megi ætla að um 800 skurðaðgerðum verði frestað.

Læknar sem Fréttablaðið hefur haft samband við segja ljóst að yfirlýsingar Bjarna um að ekki verði gengið að launakröfum lækna í þeirri mynd, sem þær eru í dag, séu til þess fallnar að færa hörku í kjaradeiluna.

Ekki hefur náðst í fjármálaráðherra vegna verkfalls lækna þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

- fbj



**Í FOSSVOGI** Í nógu var að snúast á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi þegar ljósmyndara bar þar að garði í gær. Yfirlæknir á bráðamóttöku sagðist í gær óttast að hættuástand myndi skapast þar vegna undirmönnunar í verkfalli lækna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við erum ekki að semja um spítala […]. Þetta hefur engin áhrif á okkur.**
>
> *Sigurveig Pétursdóttir, formaður samninganefndar lækna.*

Fer úr tónlist í myndlist:

## Opnar sína fyrstu sýningu



**EINAR ÖRN**

**FÓLK** Einar Örn Benediktsson opnar sína fyrstu myndlistarsýningu á miðvikudaginn.

„Haraldur Jónsson myndlistarmaður sagði að ég væri bara að teikna tónlist Ghostigital. Það er að vísu alveg til í því, af því að ég hlýt að vera tónlistin sem ég spila, þannig að ég hlýt líka að vera teikningin sem ég teikna,“ segir Einar Örn.

- þij / sjá síðu 30




## SPURNING DAGSINS



Ragnhildur, gætu læknanemar verkfallið á jólaprófunum?

**„Já, við þurfum að læknadeiluna.“**

Verkfall lækna hefur mikil áhrif á nám læknanema. Ragnhildur Hauksdóttir er formaður Félags læknanema.

Stjórnarmenn í Strætó munu ræða kaup á Mercedes Benz fyrir forstjórann:

# Stjórn ekki upplýst um kaupin

**STJÓRNSÝSLA** Stjórn Strætó bs. var ekki upplýst um kaup á Mercedes Benz til handa Reyni Jónssyni, framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Bíllinn var keyptur 20. ágúst en skráður á Strætó 2. október. DV hefur fullyrt að verðmæti bílsins sé um 10 milljónir króna.

„Ráðningarsamningur hans gerir ráð fyrir því að hann hafi afnot af bíl sem sé í eigu fyrirtækisins,“ segir Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og stjórnarformaður Strætó. „Í ráðningarsamningnum er ekkert tilgreint um gerð bílsins,“ segir hún aðspurð um það hvort eðlilegt sé að hann sé þetta dýr. „Ég hef ekki haft aðkomu að þessum nýju kaupum og þekki ekki til þeirra,“ segir hún.

„Ég á eftir að kynna mér þetta betur og ræða þetta í stjórninni,“ segir Bryndís. Stjórnarfundur verður haldinn á miðvikudaginn. „Við erum að fara að ræða ráðningarsamninginn og ég hef fengið beiðni frá stjórnarmönnum um að fá einhverjar upplýsingar um þetta,“ segir Bryndís.

Kristín Soffía Jónsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík og stjórnarmaður í Strætó, segist ekki hafa fengið upplýsingar um málið aðrar en þær sem hafa komið fram í fjölmiðlum. Hún muni ekki tjá sig fyrr en hún fái upplýsingar.

- jhh



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Reynir Jónsson ekur um á nýjum Benz. Viðskiptavinir hans ferðast hins vegar um á bíl eins og þeim sem sést á þessari mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÍK KOMIN Í LAND** Komið var með lík og þá sem björguðust eftir að bátur með flóttafólk sökk við Hellusund til hafnar í Istanbúl í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Sex af 40 bjargað af báti sem sökk undan strönd Istanbúl:

# Flóttabátur sökk á Marmarahafi

**TYRKLAND, AP** **Að minnsta kosti 24 fórust þegar bátur, sem talinn er hafa borið flóttafólk frá Afganistan og Sýrlandi, sökk undan strönd Istanbúl í Tyrklandi í gær. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu borgarstjóra Istanbúl hafði sex verið bjargað í gærkvöldi en tólf var enn saknað.**

**Bátar landhelgisgæslu, kafarar og fiskibátar leituðu í gær á hafsvæðinu rétt norður af Hellusundi. Að sögn tyrknesku landhelgisgæslunnar voru um 40 manns í bátnum. Ekki liggur fyrir hvað olli skipsskaðanum eða hvaðan báturinn var koma.** - óká

Voðaverk IS halda áfram:

# Tala látinna komin yfir 200

**ÍRAK, AP** Skæruliðar á vegum hermdarverkasamtakanna Íslamska ríkisins (IS) skutu í gær á almannafæri í Írak til bana 36 súnní-múslima, þar á meðal konur og börn. Talsmaður yfirvalda í Írak segir fjölda látinna vegna voðaverka samtakanna í landinu síðustu daga vera kominn yfir 200.

Sheik Naim al-Gaoud, öldungur í Al Bu Nimr-ættbálkinum, sagði skæruliðana hafa drepið 29 karla, fjórar konur og þrjú börn. Þeim var stillt upp til opinberrar aftöku í þorpinu Ras al-Maa, norður af Ramadi í Anbar-héraði. Þar eru 120 fjölskyldur enn sagðar innikróaðar. - óká

Byrjað á hjúkrunarheimili:

# Stærsta verk frá því fyrir hrun

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Stærstu framkvæmdir sem ráðist hefur verið í eftir hrun á Fljótsdalshéraði standa nú yfir á Egilsstöðum. Um er að ræða smíði nýs hjúkrunarheimilis.

Áætla má að heildarkostnaður nálgist tvo milljarða króna, með verksamningi, jarðvegsvinnu, hönnunar- og eftirlitskostnaði og frágangi. Til að ná niður kostnaði var þó ráðist í margvíslegar sparnaðaraðgerðir, meðal annars með því að forsteypa sem flestar einingar í einingaverksmiðju VHE í Fellabæ. Áformað er að húsið verði tilbúið í febrúar og má ætla að fyrstu íbúar verði fluttir inn eftir fimm mánuði eða svo. - kmu



**HVOLSVÖLLUR** Ábúandinn á Fagrabakka starfar á Hvolsvelli og er nú farinn að kippa heimilissorpinu með þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sleppt við gjöldin og annast sorpið sjálfur

Ábúandinn á Fagrabakka í Rangárþingi eystra segist hættur að borga sorphirðugjöld vegna vanrækslu verktaka sem á að sækja ruslið. Hann fer nú sjálfur með sorpið á Hvolsvöll. Verktakinn segir erfitt um vik að tæma horfnar ruslatunnur.

**ÞJÓNUSTA** „Það er með ólíkindum hversu mikið langlundargerð sveitarstjóri og stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu virðast hafa gagnvart síendurteknum brotum verktakans á verksamningi,“ segir Guðmundur Svavarsson á Fagrabakka í bréfi til Rangárþings ytra.

Í bréfinu rekur Guðmundur það sem hann segir vera ítrekaða vanrækslu sorphirðuverktakans Gámakó (Gámaþjónustunnar) á að uppfylla samninga við Sorpstöðina gagnvart heimili hans á Fagrabakka.

„Nú er staðan sú að sorphirðuverktaki hefur ekki fjarlægt sorp frá heimilu mínu síðan í byrjun júlí,“ segir Guðmundur í bréfi sínu og kveður þetta vera stöðuna þrátt fyrir yfirlýsingar sveitarstjórans, Ísólfs Gylfa Pálmasonar, um að sveitarfélagið vildi gera allt sem í þess valdi stæði til að koma málinu í lag.

„Sveitarfélagið innheimtir sorphirðugjöld af íbúum og greiðir sorphirðuverktaka athugasemdalaust fyrir þjónustu sem ekki er veitt. Því miður virðist frammistaða verktakans gagnvart heimilinu á Fagrabakka ekkert einsdæmi því undirrituðum er kunnugt um að víða í sveitarfélaginu eru sorphirðumál í ólagi, jafnvel við stofnanir sveitarfélagsins sjálfs,“ fullyrðir Guðmundur.

Ísólfur Gylfi sveitarstjóri segir Guðmund hafa nokkuð til síns máls. Skýringin felist að hluta til í óskráðri reglu um að sorpbílar fari ekki um lokuð hlið svo verkið gangi greiðlega. Þetta telur Guðmundur misskilning.

„Ekkert í samningi verktaka eða útboðsgögnum segir að verktaka sé frjálst að bregðast skyldum sínum þurfi hann að opna hlið. Auk þess skal bent á að ítrekað hafa sorpílát ekki verið tæmd, jafnvel þótt hlið standi opið,“ segir ábúandinn á Fögrubrekku. Hann er búinn að skila sorptunnunum og ekur sjálfur sínu sorpi á gámavöll á Hvolsvelli eins og hann stakk upp á að fyrirkomulagið yrði gegn því að hann þyrfti ekki að greiða sorphirðugjöld.

„Þessi lausn er millileikur en við ætlum að ræða við Gámaþjónustuna til að fá yfirsýn yfir framkvæmdina,“ segir Ísólfur Gylfi.

Elías Ólafsson hjá Gámaþjónustunni segir það hafa farist fyrir hjá afleysingamönnum að losa tunnur á Fagrabakka. „Var þá kvartað yfir því sem von var og báðumst við velvirðingar,“ segir Elías.

Eftir það hafi verið losað á Fögrubrekku með eðlilegum hætti í nokkrar vikur. „Þá bra svo við að tunnurnar hurfu og tilkynnti starfsmaður okkar það til sveitarfélagsins. Síðan þá er okkur erfitt um vik að losa tunnurnar sem vonlegt er. Um leið og tunnurnar verða aftur settar á viðeigandi stað mun ekki standa á okkar starfsmönnum að losa þær,“ segir Elías Ólafsson.

**gar@frettabladid.is**



**ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASON** Sveitarstjórinn hyggst ræða við fulltrúa Gámaþjónustunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Því miður virðist frammistaða verktakans gagnvart heimilinu á Fagrabakka ekkert einsdæmi.**
> *Guðmundur Svavarsson á Fagrabakka.*



> **Um leið og tunnurnar verða aftur settar á viðeigandi stað mun ekki standa á okkar starfsmönnum að losa þær.**
> *Elías Ólafsson, framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar.*


## Heilsufarsmælingar

**Heilsufarsmælingar eru mikilvægur þáttur í heilsueflingar- og vinnuverndarstarfi.**

**Mælingarnar fara fram á vinnustað og eru framkvæmdar af hjúkrunarfræðingum Vinnuverndar ehf.**

**Starfsmaður fær upplýsingar um eigið ástand auk þess sem ráðgjöf er veitt og spurningum svarað.**

Vinnuvernd ehf.
Brautarholt 28
105 Reykjavík
s: 5780800
www.vinnuvernd.is
vinnuvernd@vinnuvernd.is



VINNUVERND ehf
vellíðan í vinnu




## Komdu við hjá okkur og reynsluaktu Volkswagen Golf.

Volkswagen Golf er einn mest seldi bíll í heimi. Hann kom fyrst á markað 1973 og hefur selst í 30 milljónum eintaka. Síðastliðinn 40 ár hefur Golf verið þekktur fyrir áreiðanleika, gæði, þægindi og hönnun. Viðtökurnar við sjöundu kynslóðinni sýna svo ekki verður um villst að Volkswagen Golf er fremstur meðal jafningja.

**Volkswagen Golf Comfortline kostar frá:**

**3.850.000 kr.***

Aukabúnaður á mynd: 18" felgur og Xenon ljós.

*Golf Comfortline, 1.4 TSI, 122 hestöfl, 7 gíra sjálfskiptur, 116 $CO_2$ í útblæstri (g/km), 5 l. meðaleyðsla í blönduðum akstri.
Staðalbúnaður á Comfortline: 15" álfelgur, fjarlægðarskynjarar, útvarp með 5.8" snertiskjá, 8 hátölurum og SD kortarauf, Bluetooth símatengi, Start/stop búnaður, loftþrýsingsviðvörun í hjólbörðum, hiti í sætum, hraðastillir (cruise control), Comfort sæti, hraðanæmt rafstýri, ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn.

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## SVONA ERUM VIÐ



**166** **manns búa á Raufarhöfn en voru 390 aldamótaárið 2000.**

Í dag búa 93 karlar í þorpinu en konurnar eru 73 talsins.

Yfirvöld öryggis- og varnarmála í Frakklandi kanna dularfullar ferðir dróna yfir kjarnorkuverum:

# Drónaflug yfir orkuverum skelfir Frakka

**FRAKKLAND, AP** Fjöldi tilvika óútskýrðs og ólöglegs yfirflugs dróna (ómannaðra smáflugvéla) yfir tugum kjarnorkuvera í Frakklandi hafa hrundið af stað sérstakri rannsókn yfirvalda öryggis- og varnarmála þar í landi.

Vaknað hafa spurningar um öryggismál, þar sem Frakkar reiða sig mestanpart á kjarnorku við orkuframleiðslu.

Umhverfisverndarsinnar hafa sagt þróun mála vekja ugg. Frá því í október hafa yfirvöld talið að minnsta kosti 15 tilvik þar sem flogið hefur verið yfir kjarnorkuver á fimm mismunandi stöðum í landinu, að því er fram kom í máli fulltrúa stjórnvalda í gær.



**DRÓNAFLUGVÉL**

Ekki er vitað hver eða hverjir standa á bak við yfirflugið eða hvað liggur þar að baki. Ýmsar hugmyndir hafa þó verið viðraðar í þeim efnum, svo sem að þetta gæti verið könnunarflug hryðjuverkamanna, iðnaðarnjósnir, aðgerðir stjórnmála- eða umhverfisverndarhreyfinga, eða jafnvel að hér gæti verið um ólöglegt grín spéfugla að ræða.

Segolene Royal, ráðherra umhverfis- og orkumála í Frakklandi, segir engar vísbendingar um hver kunni að standa á bak við drónaflugið.

- óká



**BELLEVILLE-SUR-LOIRE-VERIÐ** Litlum flygildum hefur ítrekað verið flogið yfir kjarnorkuver í Frakklandi. NORDICPHOTOS/AFP



**HÓTEL VALHÖLL** Stórbruni varð á Þingvöllum í júlí 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fjárfestar vilja Þingvallalóð:

## Veitingastaður við Hrafnagjá?

**ÞJÓNUSTA** Fjárfestar vilja byggja veitingastað á vegamótum við Hrafnagjá í austanverðum þjóðgarðinum.

Þingvallanefnd afgreiddi erindið ekki á síðasta fundi sínum. „Nú er unnið að stefnumótun um hvaða þjónustu eigi að veita í þjóðgarðinum en engar ákvarðanir hafa verið teknar um ýmis erindi sem borist hafa til Þingvallanefndar,“ segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður. - gar

Kallaður aftur fyrir Alþingi:

## Lofar samráði við tollstjórann

**STJÓRNSÝSLA** „Engin leynd hvíldi yfir innflutningi vopnanna gagnvart tollgæsluyfirvöldum,“ segir Landhelgisgæslan í yfirlýsingu vegna tollafgreiðslu hríðskotabyssa frá Noregi.



**GEORG LÁRUSSON**

Landhelgisgæslan segir tollverði hafa tollskoðað vélina sem flutti byssurnar til Íslands. „Vopnin hafa ekki enn verið tollafgreidd inn í landið. Fullt samráð verður haft við tollstjóra um þá afgreiðslu,“ segir stofnunin. Fulltrúar hennar eiga í dag að skýra byssumálið öðru sinni hjá allsherjarnefnd Alþingis. - gar

# Sprenging í tónleikahaldi Íslendinga í útlöndum

Framkvæmdastjóri Útón segir að sprenging hafi orðið í tónleikahaldi íslenskra hljómlistarmanna erlendis. Vinna við markaðssetningu er sögð hafa skilað sér. Áhersla á tónleikahald hefur aukist með minnkandi diskasölu. Sextán atriðum frá Íslandi hefur verið boðið að taka þátt í Eurosonic-hátíðinni í Hollandi á næsta ári.

**MENNING** Stærsta breytingin á tekjumódelum tónlistarmanna síðustu árin er það að með minnkandi diskasölu er meiri áhersla á tónleikahald, segir Sigtryggur Baldursson hjá Útón, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar.

Sigtryggur segir að þetta sé hluti af þeirri ástæðu að sprenging hefur orðið í tónleikahaldi íslenskra tónlistarmanna á erlendri grundu. „Menn þurfa bara að komast út að spila,“ segir hann. Íslenskir tónlistarmenn hafi tekið þátt í þeirri þróun eins og aðrir. Sigtryggur tók þátt í umræðufundi um fjármál í íslenskri tónlist á vegum VÍB, eignastýringaþjónustu Íslandsbanka, í gær.

Hann segir í samtali við Fréttablaðið að íslenskir tónlistarmenn taki sífellt meiri þátt í tónleikahaldi erlendis. En víða í öðrum löndum hafi menn einnig orðið varir við hið sama.

„Aukningin hefur kannski verið sérstaklega áberandi hérna af því að þetta er svo lítill markaður og þetta er ákveðin vinna sem er að skila sér,“ segir hann. Hann segir að margir aðilar hafi komið að tengslamyndunarvinnu og markaðssetningarvinnu sem sé farin að skila sér. Iceland Airwaves er gott dæmi. Útón líka og svo geirinn sjálfur,“ segir Sigtryggur.

Til dæmis um aukinn áhuga á íslenskri tónlist bendir Sigtryggur á að Ísland sé fókusland á Eurosonic-hátíðinni 2015. Hún verður haldin í Hollandi. „Það voru yfir 70 íslenskir listamenn sem sóttu um fyrir fyrsta september og það er nú þegar búið að bjóða sextán íslenskum listamönnum þarna inn,“ segir Sigtryggur.

Sigtryggur segir að það sem skorti hér á Íslandi einna helst séu innviðir til þess að hægt sé að reka tónlistariðnaðinn út frá viðskiptalegum forsendum héðan frá Íslandi. Þetta þurfi að gera með því að bæta viðskiptastjórn tónlistarmannanna.

Útón sé í mjög virku sambandi við Maríu Rut Reynisdóttur, sem er meðal annars umboðsmaður Ásgeirs Trausta tónlistarmanns. Henni hafi gengið vel í viðskiptastjórninni. „Ólafur Arnalds er dæmi um „self-management“ sem er að virka vel,“ segir Sigtryggur. Þá bendir hann á að Sykurmolarnir hafi stjórnað sínum eigin málum fyrir 25 árum og það hafi gengið vel. Sigtryggur var einmitt sjálfur trommuleikari í Sykurmolunum „En við vorum að vinna með mjög góðu fólki í Englandi,“ segir Sigtryggur. Tónlistarmennirnir þurfi alltaf að vinna með sterkum viðskiptaaðilum.

Sigtryggur segir að Útón hafi unnið markvisst að því að efla viðskiptastjórn, meðal annars með fræðslufundum hér á landi.

jonhakon@frettabladid.is



**SPENNANDI TÍMAR FRAM UNDAN** Sigtryggur Baldursson segir að búið sé að bjóða sextán íslenskum tónlistarmönnum að taka þátt í Eurosonic-hátíðinni 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

> **Það voru yfir 70 íslenskir listamenn sem sóttu um fyrir fyrsta september og það er nú þegar búið að bjóða sextán íslenskum listamönnum þarna inn**
>
> *Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri Útón*


## VÖRUHÓTEL – LAGERPLÁSS TIL LEIGU Í SKÚTUVOGI ÁSAMT SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI

- Lagerhúsnæði m/án þjónustu, 12m lofthæð, sprinkler
- Í boði er sveigjanleg lagerstærð
- Glæsilegar skrifstofueiningar í stærðum: 162m², 287m² eða samtals 450m².
- Lyftuhús og næg bílastæði



Frábært tækifæri fyrir t.d. litlar og millistórar heildsölur sem vilja komast í hringiðu flutningastarfsemi landsins og fá um leið fullan sveigjanleika í lagerstærð. Til boða stendur að leiga rými undir ákveðinn brettafjölda. Möguleiki að leigja eingöngu rými í vöruhóteli eða skrifstofur. Skrifstofueiningarnar eru með vönduðum innréttingum og skiptast í lokaðar skrifstofur, opin vinnurými og vel útbúin fundarherbergi.

LEIGULISTINN LEIGUMIÐLUN

**Áhugasamir hafið samband við sölumenn okkar.**

**s. 511-2900**


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi





**VÍÐA GOSMÓÐA** Ljómandi fínt veður á landinu í dag, hæg suðlæg átt og bjartviðri en við þessar aðstæður má gera ráð fyrir gosmóðu víða um land. Hvessir af suðaustri á morgun með rigningu eða slyddu sunnan- og vestanlands.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Friedrichshafen | 16° | New York | 16° |
| Aþena | 17° | Gautaborg | 13° | Orlando | 25° |
| Basel | 14° | Kaupmannahöfn | 13° | Ósló | 11° |
| Berlín | 14° | Las Palmas | 26° | París | 12° |
| Billund | 12° | London | 12° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 14° | Mallorca | 20° | Stokkhólmur | 11° |





**Á MORGUN** 10-18 m/s síðdegis, hvassast syðst.





**FIMMTUDAGUR** 8-15 m/s.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

heimkaup.is

# Landsins mesta úrval af **Chicco** barnavörum er á **Heimkaup.is**




Gildir til 9. nóv. á meðan birgðir endast.

Örugg vefverslun
Yfir 10.000 vöru á hagstæðu verði
Keyrum út 7 daga vikunnar
Sendum um allt land

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

* Gildir þegar pantað er fyrir 4.000 kr. eða meira.
Afhendum samdægurs á höfuðborgarsvæðinu og daginn eftir víðast hvar á landsbyggðinni.

HEIMKAUP

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvenær var Kóngsvegur á Þingvöllum lagður?
**2.** Hver er fjöldi nýskráðra metanbíla á árinu?
**3.** Hver leikstýrir farsanum Beint í æð?

**SVÖR:**
**1.** 1906 og 1907. **2.** 34. **3.** Halldóra Geirharðsdóttir.

Grunur um ebólusmit hjá farþega í vél sem lenti á Keflavíkurflugvelli reyndist ekki á rökum reistur:

# Viðbragðsteymið var í startholunum

**ALMANNAVARNIR** Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra barst rétt eftir hádegi í gær tilkynning um vél sem væri að lenda með veikan farþega sem talið var að gæti verið ebólusmitaður.

Að sögn Víðis Reynissonar, formanns almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra, þá hafði vélin fyrst fengið leyfi til að lenda með veikan farþega en rétt fyrir lendingu kom önnur tilkynning um að lækni um borð grunaði að sjúklingurinn væri ebólusmitaður. Í kjölfarið var viðbragðsáætlun vegna ebólu sett í gang.

Þegar vélin lenti fór íslenskur læknir frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um borð til þess að kanna ástand sjúklingsins en hann var ekki klæddur í hlífðarbúning.

„Hann gerði frumathugun til þess að kanna hvort um ebólusmit gæti verið að ræða. Sú athugun leiddi í ljós að honum fannst mjög ólíklegt að um ebólu væri að ræða. Hann skoðaði sjúklinginn sem reyndist ekki vera með nein einkenni og hafði ekki verið á svæðum þar sem ebóla er útbreidd,“ segir Víðir en sjúklingurinn var að koma frá Suður-Afríku. Hefði verið um alvörusmit að ræða þá segir Víðir að Landspítalinn hafi verið í stakk búinn til þess að taka við sjúklingnum. Undir það tekur Hildur Helgadóttur, verkefnastjóri viðbragðsteymis vegna ebólu. **- vh**

> **Við höfum verið að búa okkur undir að fá svona tilkynningar, að einhvern um borð grunaði að það væri smit þannig að þetta kom okkur ekki á óvart.**
>
> *Víðir Reynisson, formaður almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra.*







TIMEOUT HÆGINDASTÓLL



TIMEOUT
Tilboð
kr. 322.980
með skemli



TIMEOUT STÓLLINN
Hannaður með fagurfræði og þægindi að leiðarljósi.
Hönnuður: Jahn Aamodt

CONFORM®

Betra BAK

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 11-16 og sunnudaga frá kl. 13-17




**FJÖLMENNI** Talið er að um 4.500 manns hafi lagt leið sína á Austurvöll í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Enn er hamrað á girðingar lögreglu

4.500 manns komu saman á Austurvelli í gær til þess að mótmæla ríkisstjórn Íslands. Mótmælin voru þó að mestu leyti friðsamleg en lögreglan var við öllu búin.

**MÓTMÆLI** Mikill fjöldi fólks tók þátt í mótmælum gegn aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem fram fóru á Austurvelli í gær en talið er að um 4.500 manns hafi verið á Austurvelli þegar mest lét. Mótmælin voru friðsamleg og var samstaðan mikil á milli manna en á staðnum mátti sjá fólk á öllum aldri. Lögreglan var þó við öllu búin og hafði sett upp grindverk fyrir framan Alþingishúsið.

Fólk lét í sér heyra og lamdi og sparkaði meðal annars í grindverkið til að búa til eins konar mótmælaryþma. Þá var einnig lamið í potta og önnur búsáhöld og flugeldum skotið á loft. Á sjöunda þúsund manns höfðu boðað komu sína á mótmælin á Facebook-síðu þar sem þau voru boðuð.

„Við erum ekki á neins vegum, þetta bara spratt upp á þremur dögum. Við erum bara að koma þarna til að finna hvert annað og finna samhug í réttlætiskennd og reiði. Vegna þess að okkur er misboðið,“ segir Svavar Knútur Kristinsson tónlistarmaður sem er einn skipuleggjenda mótmælanna en hann flutti ávarp.

Ríkisstjórnin mælist með afar lítið traust, aðeins tæplega 33 prósent þeirra sem tóku afstöðu í nýjasta Þjóðarpúlsi Capacent segjast styðja hana. Stuðningur við Framsóknarflokkinn, flokk forsætisráðherra, hefur einnig hrunið frá kosningum. Stjórnarþingmenn hafa síðustu daga furðað sig á mótmælunum.

„Framkoma þessarar ríkisstjórnar er svo ótrúlega dólgsleg og hrokafull og forgangsröðunin er ótrúlega undarleg hjá henni. Ég held að fólk sé orðið endemis pirrað og reitt.“ Svavar segir einnig að það sé svo ótrúlega margt sem fólk er reitt yfir að það viti hreinlega ekki hvernig það eigi að byrja að mótmæla.

gunnarleo@frettabladid.is,
adalsteinnk@frettabladid.is

## AF HVERJU ERT ÞÚ AÐ MÓTMÆLA?



**Sigrún Jónsdóttir**
**24 ÁRA** TÓNLISTARMAÐUR
„Ég er að mótmæla mörgu. Það eru margar ástæður. Ég vil til dæmis sjá betri laun fyrir tónlistarkennara og lækna. Ég vil sjá betri kjör fyrir fólkið í landinu og betra land fyrir börnin.“



**Salvör Sæmundsdóttir**
**24 ÁRA** NEMI
„Ég hef áhyggjur af grunnstoðum samfélagsins þessa stundina. Ég hef sérstaklega miklar áhyggjur af heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu. Ég hef áhyggjur að því hvernig þessi ríkisstjórn er að vinna í þeim málum.“



**Ásgeir Ingi Eyjólfsson**
**68 ÁRA** EFTIRLAUNÞEGI
„Mér finnst ríkisstjórnin ekki hafa komið hreint fram og finnst hún vera að ljúga að okkur. Hún segir ekki neitt eins og til dæmis varðandi Hönnu Birnu. Líka hvernig Sigmundur Davíð tók á því varðandi borgarstjórnarkosningarnar og umræðuna um múslimana og líka um vopnakaupin. Maður fær bara ekkert að vita.“



**Snorri Sigurðarson**
**37 ÁRA** TÓNLISTARMAÐUR
„Ég er að mótmæli aðgerðum ríkisstjórnarinnar undanfarið. Ég er að mótmæla því að þau hafa hætt við veiðigjaldið og ástandinu á Landspítalanum. Ég er að mótmæla því að Hanna Birna sitji enn sem innanríkisráðherra þrátt fyrir ítrekuð mótmæli. Ég er að mótmæla valdníðslu þessarar ríkisstjórnar og hvernig hún talar niður til þjóðarinnar.“

**Sigfús Ó. Höskuldsson**
**43 ÁRA** VERKEFNASTJÓRI
„Ég er bara búinn að fá mig fullsaddan á þessari ríkisstjórn. Hún er ekki að sinna meirihlutanum, heldur minnihlutanum og litlum hópi af fólki. Margt í ákvörðunartöku hennar og framferði er ekki að fúnkera. Mér finnst verið að misbjóða mér sem samfélagsþegni.“



MERIDA



## Árgerð 2015

# FORSALA Á MERIDA

**35% AFSLÁTTUR AF HJÓLUM YFIR 400.000 KR. Á FORSÖLU**

**VAXTALAUSAR GREIÐSLUR** Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI

PIPAR\TBWA • SÍA • 143784

Vertu tilbúin/n fyrir næsta hjólreiðatímabil! 2015 hjólin frá **Merida** eru nú á forsölu í Ellingsen Reykjavík og öll hjól sem eru yfir 400.000 kr. eru á **35% afslætti**. Þú getur prófað þessi þýsku gæðahjól í verslun okkar að Fiskislóð 1 fram til 7. nóv. Hjólin eru uppsett með Shimano SPD pedölum en við hvetjum alla sem vilja til að koma með eigin skó og pedala.

**ENN FLEIRI HJÓL Í BOÐI!**



### MERIDA BIG NINETY-NINE 7000

Forsöluverð **519.990 KR.**

Fullt verð **799.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 15,5-17-19-21-23 |
| Bremsur: | Shimano XT-Fin 180 |
| Gírskipting: | Shimano XT-i |
| Þyngd: | 11,75 kg |



### MERIDA RACER RIDE DISC CF 3000

Forsöluverð **234.990 KR.**

Fullt verð **359.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 47-50-52-54-56 |
| Bremsur: | Tektro Mira disc 160 |
| Gírskipting: | Shimano 105 |
| Þyngd: | 8,5 kg |



### MERIDA BIG NINE 7000

Forsöluverð **389.990 KR.**

Fullt verð **599.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 15,5-17-19-21-23 |
| Bremsur: | Shimano XT-Fin 160 |
| Gírskipting: | Shimano XT-i |
| Þyngd: | 10,65 kg |



### MERIDA RACER SCULTURA 9000

Forsöluverð **714.990 KR.**

Fullt verð **1.099.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 15-17-19-21-23 |
| Gírar: | Sram Red |
| Þyngd: | 6,55 kg |
| Bremsur: | Sram Red carbon |



### MERIDA RACER SCULTURA 7000

Forsöluverð **459.990 KR.**

Fullt verð **699.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 44-47-50-52-54-56-59 |
| Bremsur: | Shimano Ultegra |
| Gírskipting: | Shimano Ultegra Di2 |
| Þyngd: | 7,77 kg |



### MERIDA RACER WARP TRI CF 7000-E

Forsöluverð **779.990 KR.**

Fullt verð **1.199.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 51-54-57 |
| Bremsur: | Merida Direct R |
| Gírskipting: | Shimano Ultegra DI2 |
| Þyngd: | 8,85 kg |



### MERIDA RACER REACTO CF 5000

Forsöluverð **324.990 KR.**

Fullt verð **499.990 KR.**

| | |
|---|---|
| Stærðir: | 47-50-52-54-56-59 |
| Gírar: | Shimano Ultegra |
| Þyngd: | 8,95 kg |
| Bremsur: | Shimano 105-direct |

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**

– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Á ársfundi Vinnumálastofnunar í dag verður formlega farið af stað með herferðina Virkjum hæfileikana – alla hæfileikana:

# Vilja skapa störf fyrir þá sem búa við skerta starfsgetu

**ATVINNA** Vinnumálastofnun mun í dag ýta úr vör herferð sinni Virkjum hæfileikana – alla hæfileikana en tilgangur hennar er að skapa pláss fyrir þá á vinnumarkaðnum sem eru með skerta starfsgetu.

„Það hefur verið lausbeislað samstarf í þessum efnum en nú erum við að setja þetta í fastara form,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, en herferðin fer formlega af stað á ársfundi stofnunarinnar í Sjóminjasafninu klukkan tvö í dag.

„Við erum að taka yfir umsýslu með starfsendurhæfingu þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði og semja við ýmsa starfsendurhæfingaraðila,“ útskýrir Gissur en Vinnumálastofnun er í samstarfi við Öryrkjabandalagið og Þroskahjálp. „Á morgun kynnum við þetta verkefni sem felst í því að fá atvinnulífið til liðs við okkur að skapa störf.“

Að sögn Gissurar er skjólstæðingahópur Vinnumálastofnunar talsvert stór en atvinnulausir eru um tíu þúsund. „Síðan er auðvitað hópur sem fellur í þann flokk að njóta ekki atvinnuleysistrygginga en er á örorkubótum eða á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna.“ Sá hópur telji um sautján þúsund manns en ekki séu allir í vinnufæru ástandi. Í þeim hópi séu þó margir sem vilji vinna þrátt fyrir að vera ekki fullfrískir.

„Herferðin sem við erum að fara af stað með miðar að því að skapa jákvæða ímynd gagnvart því. En það reynir ekki bara á það. Við viljum fá inn störf til miðlunar.“ **- nej**



> **Á morgun kynnum við þetta verkefni sem felst í því að fá atvinnulífið til liðs við okkur að skapa störf.**
>
> *Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar.*



**GETA UNNIÐ** Vinnumálastofnun vill virkja hæfileika þeirra sem geta unnið en eru með skerta starfsgetu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Telur stjórnvöld ekki forgangsraða rétt

**Formaður SFR telur ríkið ekki setja laun starfsmanna sinna í forgang og kasta frá sér tekjumöguleikum. Guðlaugur Þór Þórðarson bendir á að skattlagning á fjármálafyrirtæki og slitastjórnir skili tekjum sem fyrri ríkisstjórn leit ekki við.**

**VINNUMARKAÐUR** Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, telur ríkisvaldinu ekki treystandi til að hugsa um launakjör starfsmanna sinna. Á meðan ríkisstjórnin hendi frá sér hverjum tekjumöguleikanum á fætur öðrum verði æ erfiðara fyrir SFR að hlusta á þau rök að ekki séu til peningar fyrir launahækkunum.

„Alltaf í þessari umræðu, þegar við eigum orðaskipti við ríkisvaldið, kemur upp í umræðunni að ríkið sé skuldugt, að hér hafi verið hrun fyrir nokkrum árum og að okkur er gert að skilja það að staða ríkisins sé ekki góð í því árferði. Oft er það látið fylgja að ríkið væri til í að gera betur en í því árferði sem nú ríki sé ekki svigrúm til frekari launahækkana. Það verður að segjast að það er ekki hægt að biðja okkur um þennan skilning þegar ríkið hendir frá sér tekjumöguleikum,“ segir Árni Stefán og bendir á að hægt sé að gera hlutina á annan hátt með öðrum hætti. „Þetta er spurning um forgangsröðun ríkisvaldsins og á meðan þessi forgangsröðun er viðhöfð munum við ekki taka því þegjandi og hljóðalaust.“

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar, er ekki sammála Árna Stefáni og bendir á að ríkisstjórnin hafi skattlagt fjármálafyrirtæki sem fyrri ríkisstjórn hafi látið vera. „Ummæli Stefáns koma mér mjög á óvart. Núverandi ríkisstjórn er að ná í tekjur meðal annars með því að skattleggja fjármálafyrirtæki og slitastjórnir. Með þessum rökum má segja að síðasta ríkisstjórn hafi svo sannarlega kastað frá sér tekjumöguleikum.“ Guðlaugur vonar að menn horfi á málið í víðu samhengi og sjái að heildaráhrif skattbreytinga lækki að endingu skatta. „Það sem við erum að gera er að einfalda skattkerfið því það hefur margsýnt sig að einföld og hófleg skattheimta kemur öllum vel. Einnig hefur margoft verið bent á að heildaráhrif skattbreytinga skila sér í bættum hag íslenskra heimila með að létta álögum af fólkinu í landinu. Ég trúi ekki öðru en þeir sem gæta hagsmuna launþega líti fyrst á hag sinna launþega og fari ekki í einhverja flokkapólitík í þessum efnum,“ segir Guðlaugur Þór.

Árni Stefán telur fjárlagafrumvarpið einnig sem olíu á eldinn í erfiðum kjaraviðræðum í vetur. „Við sjáum ýmsa þætti í fjárlagafrumvarpinu og í gjörðum ríkisstjórnarinnar sem beinlínis skerða kjör okkar félagsmanna og munu gera málið erfitt. Hækkun matarskattsins til dæmis hefur ekki góð áhrif á fólk sem og breytingar á menntaskólunum og aldurstakmörk. Meðal félagsmanna okkar eru sjúkraliðar og félagsliðar sem í mörgum tilvikum eru einstaklingar sem hafa farið seinna í nám en aðrir. Þessi vinnubrögð hleypa bara illu blóði í okkar fólk.“ **sveinn@frettabladid.is**




**KJARABARÁTTA** Fram undan er erfiður vetur þar sem menn munu takast á um forgangsröðun stjórnvalda. Myndin er frá nýafstaðinni kröfugöngu tónlistarkennara sem eru í verkfalli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



> **Það er ekki hægt að biðja okkur um þennan skilning þegar ríkið hendir frá sér tekjumöguleikum.**
>
> *Árni Stefán Jónsson, formaður SFR*

Breytingar gerðar á stjórnskipulaginu á bæjarskrifstofunum í Mosfellsbæ:

# Starf bæjarritara lagt niður

**SVEITARSTJÓRNIR** „Við erum að endurskipuleggja strúktúrinn hjá okkur miðað við þá þróun sem orðin er síðan við breyttum síðast skipulaginu á árinu 2008,“ segir Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, um fyrirhugaðar breytingar á skipuriti bæjarins.

Breytingin er gerð í kjölfar úttektar Capacent á stjórnskipulaginu. Stjórnsýslusvið og menningarsvið eru lögð niður og verkefnin færð annað. Eftir verða fræðslusvið, fjölskyldusvið og umhverfissvið og þrjár stoðdeildir. Starf framkvæmdastjóra stjórnsýslusviðs, sem áður hét bæjarritari, er lagt niður en ráða á lögmann á eina stoðdeildina.

Bæjarstjórn á eftir að afgreiða breytinguna. Fulltrúar minnihlutans í bæjarráði kvörtuðu undan að hafa ekki verið hafðir með í ráðum. „Þetta er ekki pólitísk stefnumótun,“ segir Haraldur. „Það komu í ljós ákveðnir annmarkar á skipulaginu hjá okkur og bæjarstjóri og embættismenn í samvinnu við ráðgjafa Capacent hafa unnið þessar tillögur sem lagðar eru fyrir bæjarráð og bæjarstjórn.“ **- gar**



**HARALDUR SVERRISSON** Bæjarstjórinn segir breytingar á skipuriti Mosfellsbæjar ekki pólitískar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA









VÖRU-
GJÖLD
AFNUMIN

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

# ÞVOTTADAGAR

0%
VEXTIR
Vaxtalausar
raðgreiðslur
í tólf mánuði*

## 22% AFSLÁTTUR AF **ÖLLUM** ÞVOTTAVÉLUM, ÞURRKURUM OG UPPÞVOTTAVÉLUM.

Afslátturinn vegna væntanlegrar vörugjaldsniðurfellingar (17%) er hluti af ofangreindum afslætti.

*3,5% lántökugjald




AEG

**ÞVOTTAVÉL**

Lavamat 60260FL

Tekur 6 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

**106.002**

Verð áður 135.900




AEG

**ÞVOTTAVÉL**

Lavamat 60460FL

Tekur 6 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

**113.802**

Verð áður 145.900




AEG

**ÞVOTTAVÉL**

Lavamat 75470FL

Tekur 7 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

**140.322**

Verð áður 179.900




AEG

**ÞVOTTAVÉL**

Lavamat 75670FL

Tekur 7 kg af þvotti. 1600 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

**148.122**

Verð áður 189.900



AEG

**ÞURRKARI - BARKALAUS**

T61270AC

Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

**109.122**

Verð áður 139.900



AEG

**UPPÞVOTTAVÉL**

F56302MO

Topplaus undir borðplötu. Vatnsskynjari, hljóðlát með 5 þvottakerfi.

HVÍT **101.322**

Verð áður 139.900

STÁL **109.122**

Verð áður 139.900



AEG

**UPPÞVOTTAVÉL**

F66692M0P

Topplaus undir borðplötu. Vatnsskynjari, hljóðlát með 5 þvottakerfi og þurrkar með heitum blæstri.

HVÍT **140.322**

Verð áður 179.900

STÁL **148.122**

Verð áður 189.900

MÍNUS 22%

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is · OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 11-15

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR · BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

Skipað verður frá 1. janúar:

## Fimm slást um landlækninn

**STJÓRNSÝSLA** Fimm sóttu um starf landlæknis sem auglýst var laust til umsóknar þann 26. september síðastliðinn. Skipað er í embættið til fimm ára í senn og er Geir Gunnlaugsson, núverandi landlæknir, meðal umsækjenda.



**GEIR GUNNLAUGSSON**

Auk Geirs sækja um starfið Birgir Jakobsson, fyrrverandi forstjóri Karólínska háskólasjúkrahússins í Stokkhólmi, Kristjana S. Kjartansdóttir, yfirlæknir hjá Heilsugæslunni í Hamraborg, María Ólafsdóttir, heimilislæknir hjá Heilsugæslunni í Árbæ, og Vilhelmína Haraldsdóttir, sérfræðilæknir á lyflækningasviði Landspítala. Skipað verður í starfið frá 1. janúar næstkomandi. - bá




**MÆTIR TIL VINNU** Dyravörður opnar fyrir konu sem var að hefja störf í nýju byggingunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

World Trade Center opnað:

## Starfsfólkið mætt til vinnu

**BANDARÍKIN, AP** Starfsemi er hafin í endurreistum aðalturni World Trade Center í New York, þrettán árum eftir að Tvíburaturnarnir hrundu í hryðjuverkaárás.

Fyrstu starfsmennirnir hófu störf þar í gær, en það var starfsfólk útgáfurisans Condé Nast sem trítlaði inn um dyrnar í gærmorgun til að takast á við verkefni dagsins.

Nýja byggingin er 104 hæðir og þar munu starfa yfir þrjú þúsund manns þegar allt verður komið í fullan gang, sem reiknað er með að verði strax upp úr áramótum. - gb

# Telur sér stýrt af djöflinum en fær enga hjálp heima við

Engin aðstoð er í boði fyrir alvarlega veikan albanskan dreng í heimalandinu. Faðir hans hefur sótt um hæli hér á landi svo hann fái aðstoð frá faglærðum aðila. Þeir bíða nú svara frá innanríkisráðuneytinu.

**FLÓTTAFÓLK** „Án þjónustu, án hjálpar er þetta barn að sökkva og það er að taka fjölskylduna sína með sér. Við erum að sökkva með barninu. Það er ekkert líf fyrir okkur í Albaníu," segir faðir sautján ára drengs frá Albaníu sem hefur sótt um hæli hér á landi af mannúðarástæðum.

Drengurinn heitir Gleni Peco en hann er haldinn alvarlegri einhverfu, flogaveiki og þunglyndi. Hann á erfitt með tjáskipti og því talar faðir hans, Ilirjan Peco, fyrir hans hönd.

Útlendingastofnun hefur hafnað umsókn feðganna en lögmaður þeirra, Leifur Runólfsson, bindur vonir við að innanríkisráðuneytið muni snúa þeirri ákvörðun við.

„Drengurinn er mjög alvarlega veikur að mínu mati," segir Leifur. Síðan Útlendingastofnun tók ákvörðun sína hafa borist gögn til landsins sem sýna það svart á hvítu að engin aðstoð er í boði fyrir Gleni í heimalandinu og mat einhverfuráðgjafa liggur fyrir sem staðfestir hversu alvarlegt ástandið er í raun og veru. „Það er ákvæði í útlendingalögum sem gefur heimild til þess að veita útlendingi dvalarleyfi af heilbrigðisástæðum," útskýrir Leifur en áskilið er að um lífshættulegan sjúkdóm sé að ræða og að viðeigandi heilbrigðisaðstoð sé ekki í boði í heimalandinu.

Albanía er mjög aftarlega á merinni þegar kemur að meðhöndlun einhverfu. Hugtakið var ekki til umræðu þar í landi fyrr en á árinu 2009 og þjónusta við einhverfa takmarkast við eina einkarekna stofnun í úthverfi Tírana, höfuðborgar landsins. Þar geta börn frá tveggja ára aldri til tíu ára aldurs fengið meðhöndlun en engin þjónusta er í boði fyrir þá sem eldri eru. Þetta er staðfest í gögnum frá heilbrigðisráðuneyti Albaníu sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Gleni var ekki greindur með einhverfu fyrr en á unglingsaldri og því hefur hvorki hann né fjölskylda hans fengið neina aðstoð frá faglærðum einstaklingi.

„Hann stjórnar fjölskyldunni," útskýrir faðirinn sem talar með aðstoð albansks túlks. „Hann segir hvenær mamma hans má koma heim, stundum þarf ég að vera úti með systur hans í einhverja tíma þangað til Gleni gefur okkur leyfi til þess að koma heim. Ef við gerum ekki eins og hann segir þá hótar hann að drepa sig. Þetta er mjög erfitt líf."

Eftir því sem Gleni eldist verður hann árásargjarnari og hefur hann beitt móður sína og systur líkamlegu ofbeldi. Hann neitar að þvo sér og segir að sér sé stjórnað af röddum í höfðinu á sér.

„Þú getur átt allt gull heimsins en ef það er engin manneskja sem er þjálfuð og getur sagt þér hvernig þú átt að meðhöndla barnið þitt, þá er þetta búið," segir Ilirjan sem er að þrotum kominn.

Hann er vel menntaður rafeindafræðingur og segist hafa góðar tekjur, hann hafi engan áhuga á að verða baggi á íslensku samfélagi. Hann vill starfa hér og konan hans líka en hún er deildarstjóri í banka. Eina ástæða þess að þau vilji yfirgefa Albaníu sé vonin um að barnið hans fái viðeigandi aðstoð og fjölskyldan geti lifað eðlilegu lífi. nanna@frettabladid.is



**FEÐGAR** Ilirjan Peco vill fá aðstoð fyrir drenginn sinn, Gleni, sem er alvarlega veikur með einhverfu á háu stigi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Finnst hann þurfa að láta sér blæða á hverjum degi

„Áráttur eru mjög áberandi og truflandi og hafa yfirtekið nær allt hans líf og hafa mikil áhrif á daglegt líf," segir í mati á ástandi Gleni frá ÁS einhverfuráðgjöf sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

„Þráhyggjuhugsanir eru yfirþyrmandi og Gleni bítur í sig ýmsar hugmyndir sem hann festist í svo sem að þvo sér ekki, borða ekki, hafa ekki hægðir og enn alvarlegra er að hann trúir að honum sé stýrt af djöflinum og hann þurfi að láta sér blæða á hverjum degi."

Í matinu kemur fram að faðir Gleni sé ráðþrota og örþreyttur. Gleni þurfi vistun utan heimilis til þess að brjóta upp óæskilegt og alvarlegt hegðunarmynstur. „Í ljósi alvarlegra aðstæðna þessara feðga tel ég ljóst að hefðbundin einhverfuráðgjöf dugi skammt og grípa þurfi til stærri aðgerða," segir einhverfuráðgjafi sem heimsótti feðgana á heimili þeirra hér á landi í lok október.






**LEIÐTOGI UPPREISNARMANNA** Alexander Sakhartsjenkó, í jakkafötum vinstra megin á myndinni, leiðtogi aðskilnaðarsinna í Donetsk-héraði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Segja aðskilnaðinn orðinn að veruleika:

## Rússar viðurkenna kosningar í Úkraínu

**ÚKRAÍNA, AP** Rússnesk stjórnvöld segjast sátt við kosningarnar í tveimur héruðum austanverðrar Úkraínu, sem uppreisnarmenn þar efndu til um helgina.

Nú þurfi stjórnin í Kænugarði að hefja viðræður við leiðtoga uppreisnarmanna í héruðunum tveimur, Luhansk og Donetsk.

Sjálfir segja uppreisnarmenn að kosningarnar sýni að aðskilnaður héraðanna tveggja frá Úkraínu sé orðinn að veruleika.

„Stjórnin í Kænugarði þarf að sætta sig við að Donbass-svæðið er ekki partur af Úkraínu," sagði Roman Ljagin, yfirmaður kjörstjórnar uppreisnarmanna í Donetsk. „Hvort þeir viðurkenna úrslit kosninganna okkar eða ekki er þeirra vandamál."

Bæði Evrópusambandið og Bandaríkin hafa tekið málstað Úkraínustjórnar í Kænugarði og fordæmt kosningarnar. Þær brjóti þvert gegn vopnahléssamkomulagi, sem Úkraínustjórn gerði við uppreisnarmenn í september. - gb




Nánar á urvalutsyn.is/vetrarsol

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19, Kópavogi.
Sími 585 4000 www.uu.is

ÚRVAL·ÚTSÝN

Aukin viðskipti í kauphöll:

## Mest velta með bréf í Marel

**VIÐSKIPTI** Virði hlutabréfa sem gengu kaupum og sölum í október í íslensku kauphöllinni nam rúmlega 32 milljörðum króna, eða rúmum milljarði á dag. Það er 78 prósenta hækkun frá því í september og 64 prósenta hækkun á milli ára.

Mest viðskipti voru með bréf í Marel, 6,3 milljarðar. Þá voru mikil viðskipti með bréf í Icelandair Group og VÍS.

Úrvalsvísitalan hækkaði um 2,97 prósent milli ára. **- skh**

Samfylkingin hefur enn ekki skipað fulltrúa sinn í stjórn Íbúðalánasjóðs:

# Stjórn sjóðsins enn einum manni færri

**STJÓRNMÁL** Enn hefur enginn verið skipaður í stjórn Íbúðalánasjóðs í stað Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur. Steinunn, sem var fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórninni, sagði sig úr henni á dögunum. Taldi hún sér ekki fært að sitja í stjórninni þar sem stjórnin væri ekki stefnumarkandi um mál sjóðsins. Eftir það sendi Árni Páll ráðherra bréf og sagðist ekki tilnefna í stjórnina að svo stöddu.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er varamaður Steinunnar fulltrúi Bjartrar framtíðar og hefur hann setið þá fundi sem hafa verið haldnir. Stjórnarfundir ganga því eðlilega fyrir sig.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir, formaður stjórnar Íbúðalánasjóðs, segir að starfsemi Íbúðalánasjóðs sé lögbundin og það sé skýrt kveðið á um hlutverk stjórnar og skýrt kveðið á um hlutverk ráðuneytisins. Að auki hafi Alþingi vissu hlutverki að gegna.

„Svona hefur þetta verið í mjög langan tíma og Árni Páll þekkir sögu Íbúðalánasjóðs mjög vel. Ég hef trú á að hann hafi komið að ýmsum málum þar í gegnum tíðina," segir Ingibjörg. Ekkert hafi breyst nema árið 2012 hafi Íbúðalánasjóður að hluta til orðið fjármálastofnun og lýtur því eftirliti Fjármálaeftirlitsins. **- jhh**



**HINGAÐ OG EKKI LENGRA** Árni Páll Árnason vill vita hvernig ráðherra ætlar að bregðast við bréfi Steinunnar Valdísar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




**KOSNINGABARÁTTA** Obama Bandaríkjaforseti hefur forðast að vera mjög áberandi í kosningabaráttunni, en þarna er hann á kosningafundi með Dannel P. Malloy, ríkisstjóra í Connecticut. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hörð barátta um öldungadeildina

**Repúblikanar gera sér vonir um að ná meirihluta í öldungadeild Bandaríkjaþings í kosningunum í dag. Þeir hefðu þá meirihluta í báðum þingdeildum. Obama forseti og ráðherrar hans yrðu harla valdalitlir heima fyrir þau tvö ár sem eftir lifa af seinna kjörtímabili hans.**

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is



**BANDARÍKIN** Skoðanakannanir benda nánast allar til þess að repúblikanar muni ná meirihluta í öldungadeild Bandaríkjaþings í dag. Þar með fengju þeir meirihluta í báðum þingdeildum í fyrsta sinn á valdatíma Baracks Obama.

Mjótt er þó á mununum í nægilega mörgum ríkjum til þess að demókratar telji sig enn eiga einhverja möguleika á að halda meirihlutanum í deildinni. Um það snýst spennan á kosningavökunum í kvöld og nótt.

Að þessu sinni er kosið um 34 þingsæti af alls 100 í öldungadeildinni. Úrslit í 24 eða 25 þeirra þykja nokkuð örugg fyrirfram, þannig að baráttan snýst um níu eða tíu þingsæti þar sem nægilega mjóu munar til að báðir flokkar telji sig hugsanlega eiga möguleika.

Demókratar þyrftu að hreppa sigur í að minnsta kosti fimm af þessum ríkjum til þess að halda naumum meirihluta í deildinni. Takist þeim það yrðu það frekar óvænt úrslit miðað við skoðanakannanir undanfarið.

### Repúblikanar ráða

Barack Obama forseti og ríkisstjórn hans yrðu í reynd harla valdalítil heima fyrir það sem eftir lifir af fjögurra ára kjörtímabili hans, fari svo að andstæðingar þeirra verði í meirihluta í báðum deildum þingsins.

Repúblikanar gætu þá lagt fram hvaða frumvörp sem þeim þóknast

> ➜ Að þessu sinni er kosið um þrjátíu og fjögur þingsæti af hundrað í öldungadeild Bandaríkjaþings.

og komið þeim í gegnum þingið, en þyrftu reyndar að fá staðfestingu forseta með undirskrift.

Marga repúblikana klæjar eflaust í lófana að leggja fram lög, sem vitað yrði fyrirfram að Obama gæti ekki samþykkt. Hins vegar hafa fréttaskýrendur bent á að þeir verði að gæta hófs í þessu, þar sem það gæti bitnað á forsetaframbjóðanda Repúblikanaflokksins eftir tvö ár telji kjósendur flokkinn hafa sýnt ástæðulausa óbilgirni í of mörgum málum.

### Clinton kemur

Flestir ganga út frá því að Hillary Clinton, fyrrverandi utanríkisráðherra í stjórn Obama, muni bjóða sig fram til forseta árið 2016, og ólíklegt þykir að repúblikanar lumi á frambjóðanda sem geti slegið hana út í þeim kosningum. Þar með má einnig búast við fylgissveiflu til Demókrataflokksins í þingkosningum, þannig að repúblikanar eiga fyrirfram ekki mikla von til þess að halda meirihluta sínum í þinginu lengur en þetta eina tveggja ára kjörtímabil sem nú fer í hönd.

### Samningavilji

Obama hefur hins vegar sjálfur lítinn áhuga á því að sitja nánast algerlega valdalaus síðustu tvö árin sín í embætti, og skilja þannig við forsetaembættið, þannig að hann mun reyna hvað hann getur til þess að ná samningum við repúblikana í báðum deildum.

Obama hefur raunar ekki haft þingið allt á bak við sig nema fyrstu tvö árin á fyrri hluta fyrra kjörtímabils síns. Eftir það náðu repúblikanar meirihluta í fulltrúadeildinni og hafa allar götur síðan gert forsetanum illkleift að ná fram mörgum þeirra mála sem hann hefði viljað koma í gegnum þingið. Þetta stapp við repúblikana er eitt af því, sem nefnt er til sögunnar sem skýring á því hvers vegna fylgi flokks hans hefur dalað.

gudsteinn@frettabladid.is

## FORSETAR OG ÞINGMEIRIHLUTI

Þingkosningar eru haldnar á tveggja ára fresti í Bandaríkjunum. Þetta þýðir að þingkosningar eru jafnan haldnar á miðju fjögurra ára kjörtímabili forsetans. Kjördagur er samkvæmt stjórnarskrá ávallt fyrsti þriðjudagur í nóvember.







| | | Fulltrúadeild 435 þingsæti | | Öldungadeild 100 þingsæti | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Ár | Demókratar | Repúblikanar | Demókratar | Repúblikanar |
| Barack Obama, seinna kjörtímabil | 13-15 | 201 | 234 | 54 | 45 |
| Barack Obama, fyrra kjörtímabil | 11-13 | 193 | 242 | 51 | 47 |
| | 09-11 | 256 | 178 | 57 | 41 |
| George W. Bush, seinna kjörtímabil | 07-09 | 233 | 198 | 49 | 49 |
| | 05-07 | 202 | 231 | 44 | 55 |
| George W. Bush, fyrra kjörtímabil | 03-05 | 205 | 229 | 48 | 51 |
| | 01-03 | 212 | 221 | 50 | 50 |
| Bill Clinton, seinna kjörtímabil | 99-01 | 211 | 223 | 45 | 55 |
| | 97-99 | 207 | 226 | 45 | 55 |
| Bill Clinton, fyrra kjörtímabil | 95-97 | 204 | 230 | 48 | 52 |
| | 93-95 | 258 | 176 | 57 | 43 |
| George Bush, sat eitt kjörtímabil | 91-93 | 267 | 167 | 56 | 44 |
| | 89-91 | 260 | 175 | 55 | 45 |
| Ronald Reagan, seinna kjörtímabil | 87-89 | 258 | 177 | 55 | 45 |
| | 85-87 | 253 | 182 | 47 | 53 |
| Ronald Reagan, fyrra kjörtímabil | 83-85 | 169 | 166 | 46 | 54 |
| | 81-83 | 242 | 192 | 46 | 53 |

Dæmdur fyrir áreitni:

## Hellti vatni úr fötu á betlara

**SVÍÞJÓÐ** Fyrrverandi verslunarstjóri í Gautaborg í Svíþjóð hefur verið dæmdur til að greiða sekt og skaðabætur fyrir að áreita konu sem betlaði fyrir utan verslunina þar sem hann starfaði.

Maðurinn kveðst hafa ætlað að þvo glugga verslunarinnar þegar hann hellti vatni á konuna. Vitni sögðu augljóst að hann hafi ætlað að skvetta vatni á hana.

Manninum er gert að greiða 10 þúsund sænskar krónur í sekt og jafnháa upphæð í skaðabætur. - ibs

Rannsókn á meðferð á sjúklingum á sjúkrahúsum í Danmörku leiðir í ljós mismunun sjúklinga:

# Efnalitlir fá minni meðferð en betur stæðir

**DANMÖRK** Ríkir og langskólagengnir sjúklingar í Danmörku fá fleiri meðferðir og liggja lengur inni á sjúkrahúsum heldur en þeir efnaminni og veikari. Þetta er niðurstaða rannsóknar á vegum Center for Alternativ Samfundsanalyse, CASA, sem Politiken vitnar í.

Í hvert sinn sem efnalítill ellilífeyrisþegi fær blóðtappa eða blæðingu í heila liggur hann inni að meðaltali í 17 daga. Meðferð hans kostar að meðaltali 14 þúsund danskar krónur á dag, segir í Politiken. Efnaður ellilífeyrisþegi liggur inni í 20 daga og meðferð hans kostar 16 þúsund danskar krónur á dag að meðaltali. Hagfræðingar skoðuðu samfélagslega stöðu og meðferð 32 þúsund sjúklinga sem fengið höfðu heilablæðingu og 11 þúsund sjúklinga með hjartakvilla á árunum 2010 til 2012.

Rannsóknin leiddi jafnframt í ljós að þeir sem eru enn á vinnumarkaði fá betri meðferð heldur en ellilífeyrisþegar.

Formaður regnhlífarsamtaka danskra sjúklinga, Lars Engberg, segir niðurstöðurnar sláandi. - ibs



**RANNSÓKN** Formaður samtaka danskra sjúklinga segir niðurstöðurnar sláandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Ráðherra örvæntir ekki:

## Hlutur olíu minni en áður

**NOREGUR** Siv Jensen, fjármálaráðherra Noregs, segir enga ástæðu til að örvænta þótt horfur í olíuiðnaðinum séu ekki jafn góðar og verið hefur, að því er segir í frétt á vef Dagens Næringsliv sem vitnar í Aftenposten. Greint er frá því að undanfarna mánuði hafi olíuverð lækkað um 20 prósent.



**SIV JENSEN**

Jensen gerir ráð fyrir auknum hagvexti á næsta ári. Hún telur olíuiðnaðinn ekki verða jafnstóran þátt í efnahagslífi Noregs og verið hefur. - ibs



**GAS YFIR HOLUHRAUNI** Í froststillum sem búið er að spá aukast líkur á mengun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skjálftavirkni er enn mikil:

## Auknar líkur eru á mengun frá Holuhrauni

**JARÐVÁ** Jarðskjálftavirkni í Bárðarbungu er enn mikil. Fram kom á fundi vísindamannaráðs í gærmorgun að þá hefðu frá hádegi síðastliðinn föstudag mælst 207 skjálftar við Bárðarbungu. Þar af voru tveir skjálftar yfir 5 af stærð.

Sigið í öskju Bárðarbungu heldur því áfram líkt og verið hefur undanfarið. Þá heldur eldgosið í Holuhrauni áfram eins og undanfarið en lítil skjálftavirkni hefur mælst við berggangin og gosstöðvarnar síðan á föstudag.

Búist var við því að vind lægði í gærkvöldi og í dag var vænst froststillu á gosstöðvunum. Við slíkar aðstæður eru auknar líkur á miklum styrk mengunar. - skh, óká






Hvers vegna skilja pólitíkusar ekki kjósendur?

# Gjáin breikkar

„Við erum ekki á nítjándu öldinni, þau eru ekki í pípuhöttum og við erum ekki einhver sauðsvartur almúgi. Við búum í jafnræðisþjóðfélagi,“ sagði tónlistarmaðurinn Svavar Knútur í samtali við Vísi í gær. Þessi við sem hann vísar til er fólkið í landinu og þau eru ráðherrar og þingmenn stjórnarflokkanna. Tilefni viðtalsins var mótmælafundur á Austurvelli í gær þar sem aðgerðum ríkisstjórnarinnar var mótmælt. Um ástæðu þess að ekkert eitt var tilgreint sem grunnur mótmælanna segir Svavar Knútur: „Það er hægt að mótmæla dólgshætti og yfirgangi. Það er hægt að mótmæla yfirlæti, dónaskap og vondum vinnubrögðum. Það þarf ekki að vera ESB eða stjórnarskráin. Fólk er að koma úr öllum áttum með alls konar reiði og það þarf bara að gefa því útrás fyrir hana.“



**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Þessi reiði í garð stjórnvalda er raunar ekki séríslenskt fyrirbrigði og í grein sem birtist á vefsíðu danska blaðsins Politiken á sunnudaginn reifar presturinn og rithöfundurinn Asger Baunsbak ástæður fyrir því að pólitíkusar ná ekki lengur samhljómi við „sauðsvartan almúgann“. Hann bendir meðal annars á að þeir flokkar sem sitji á þingi í dag séu sprottnir upp úr menningu bænda- og iðnaðarsamfélags og hafi ekki náð að aðlagast gjörbreyttum tímum. Það séu ekki lengur bændur, verkamenn og kennarar sem séu virkir í stjórnmálum heldur háskólamenntað fólk sem aldrei hafi unnið ærlegt handtak, ef svo má að orði komast. Gjáin fræga milli þings og þjóðar stafi af því að stjórnmálafólkið og almúginn margumræddi eigi ekki lengur neitt sameiginlegt og skilji ekki hvorir aðra.

Þetta eru mjög athyglisverðar pælingar hjá prestinum og skemmtilegt að máta rök hans við íslenskt samfélag samtímans. Stéttaskiptingin hér er kannski ekki eins afgerandi en það er allavega morgunljóst að þeir sem nú sitja í ríkisstjórn hafa ákaflega litla hugmynd um það hvernig venjulegt fólk í landinu hugsar, býr og berst í bökkum. Þeir virðast reyndar óskaplega lítið velta lífskjörum kjósenda sinna fyrir sér, láta sér bara detta í hug eitthvert söluvænlegt trikk korteri í kosningar til að tryggja sér atkvæði þeirra. Bregðast síðan ókvæða við þegar hinir sömu kjósendur eru ekki sáttir við vanefndir kosningaloforðanna, kvarta undan árásum á kjörna fulltrúa eða, það sem verra er, svara reiði fólksins með útúrsnúningum, háðsglósum og gegndarlausum hroka. Verða svo bara sífellt meira hissa á vaxandi óánægju og reiði kjósenda sinna og gjáin breikkar dag frá degi.

Í fyrrnefndri grein bendir Baunsbak á að ástæða þess að samneyslan á undir högg að sækja í Danmörku, eins og hér, sé að elítan í valdastöðunum hafi ekki þörf fyrir neina samneyslu, hún vilji frekar eyða fé í utanlandsferðir og uppbyggingu eigin yfirburðastöðu en að leggja sitt af mörkum til reksturs sameiginlegs samfélags. Afleiðingin af þeirri stefnu sé vaxandi reiði almúgans sem fái útrás í stuðningi við þjóðernissinnaða flokka sem ali á útlendingaandúð og óánægju. Afleiðingarnar af því geti orðið alvarlegri en elítan geri sér í hugarlund og það þurfi ekki nema lítinn neista til að kynda bál sem gæti orðið endalok lýðræðisins. Ábending sem stjórnvöld á Íslandi ættu að fara að gefa gaum og taka alvarlega, helst ekki seinna en í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Gæði fara aldrei úr tísku
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Dragháls 14 - 16
110 Reykjavik
Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01
www.isleifur.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þjófstartið**

Hún var skemmtileg uppákoman á þinginu í gær þegar Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, kvaddi sér hljóðs í ræðustól og hóf umræðu um frumvarp iðnaðarráðherra um visthönnun vöru sem notar orku, undir umræðu um mögulegan sæstreng. Þingforsetinn, Einar K. Guðfinnsson, barði ítrekað í bjölluna til að reyna að benda þingmanninum á að hann væri að ræða rangt mál, en gekk erfiðlega að komast að. Málið vakti kátínu meðal þingmanna en Þorsteinn baðst auðmjúklega afsökunar á þjófstartinu.



**Girðið upp buxurnar**

Nokkur þúsund manns lögðu leið sína á Austurvöll í gær til að mótmæla ríkisstjórninni. Nokkur gagnrýni hafði verið uppi um að óljóst væri hverju nákvæmlega stæði til að mótmæla en Svavar Knútur Kristinsson, einn forsprakka mótmælanna, sagði skilaboðin skýr: „Girðið upp buxurnar.“

**Gjöf eða gjald?**

Stóra byssumálið tekur á sig nýjar og furðulegri myndir á degi hverjum. Í gær sendi Landhelgisgæslan frá sér yfirlýsingu þar sem ítrekað var að „engin leynd hvíldi yfir innflutningi vopnanna gagnvart tollgæsluyfirvöldum“. Vopnin hafi verið skoðuð af tollinum við komu vélarinnar til landsins. Í síðustu viku var greint frá því að tollayfirvöld hefðu innsiglað vopnageymslu gæslunnar þar sem ekki væri búið að greiða gjöld og tolla af nýju hríðskotabyssunum frá Noregi. Gripið var til þessara aðgerða á meðan óljóst er hvort um sé að ræða gjöf eða vopn sem íslensk stjórnvöld munu kaupa. Öll svör sem komið hafa frá stjórnvöldum hingað til eru til þess fallin að flækja málið. Hvernig stendur eiginlega á þessu?



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Borgaraþing klári stjórnarskrármálið

NÝ STJÓRNARSKRÁ



**Eiríkur Bergmann**
prófessor í stjórnmálafræði, sat í stjórnlagaráði

Í þætti Sigurjóns M. Egilssonar á Bylgjunni á sunnudag lagði ég til að sérstöku slembivöldu borgaraþingi verði falið að klára stjórnarskrármálið með styrkum stuðningi sérfræðinga og í þéttu samráði við Alþingi. Byggt yrði á niðurstöðum þjóðfundarins, skýrslu stjórnlaganefndar og frumvarpsdrögum stjórnlagaráðs auk annars fyrra starfs í málinu. Þessi tillaga byggir á lærdómi dregnum af samanburði við álíka tilraunir erlendis sem ég kynnti á Þjóðarspeglinum í HÍ síðastliðinn föstudag.

Íslenska stjórnlagaferlið fellur í hóp álíka tilrauna í Kanada, Hollandi, Belgíu, Írlandi, Eistlandi og Brasilíu. Samanlagt eru slíkar tilraunir að verða að módeli fyrir framþróun lýðræðis. Svona borgaraþing (á ensku ýmist kölluð Citizens Assembly eða Mini Public) – oftast slembivalin en stundum kjörin eins og hér var – gagnast einkum við að takast á við deiluefni sem þjóðþingin hafa átt örðugt með að útkljá. Borgaraþing af þessu tagi starfa ekki í andstöðu við þjóðþingin heldur styðja við starf löggjafarsamkundunnar og bæta nýrri vídd við hið hefðbundna fulltrúalýðræði.

Viðlíka tilraunir um veröldina hafa eins og á Íslandi gjarnan verið gerðar í kjölfar áfalls heima fyrir. Á Íslandi leiddi efnahagsáfallið hins vegar til nánast upplausnarástands í stjórnmálum heima fyrir sem gerði allar lýðræðisumbætur ómögulegar vegna innri deilna. Lærdómurinn að utan sýnir að árangurinn er mestur þar sem þétt samráð og gagnkvæm virðing ríkir á milli borgaraþingsins og þjóðþingsins. Eins og til að mynda var raunin á Írlandi þar sem 33 þingmenn og 66 slembivaldir borgarar studdir sveit öflugra sérfræðinga komu saman og ræddu til niðurstöðu mörg helstu álitamál írskrar þjóðskipunar.

Öfugt við spár þeirra sem óttuðust að þingmennirnir myndu yfirgnæfa starfið gerðist hið öndverða. Þingmennirnir hlustuðu á sjónarmið borgaranna og kappkostuðu að ná fram lýðræðislegri niðurstöðu. Svo skipti sköpum að þegar tillögurnar loks komu inn á þjóðþingið voru þar fyrir 33 bandamenn verkefnisins úr öllum flokkum sem litu á það sem sitt hlutverk að þræða málið í gegnum hina þinglegu meðferð.

Því miður var annað uppi á teningnum hjá okkur. Þingið var ekki með í ráðum í starfi stjórnlagaráðs sem skýrir að hluta kaldar móttökur stjórnarskrárfrumvarpsins á Alþingi. Tilraunin á Írlandi bendir eindregið til þess að vænlegra til árangurs sé að flétta þátttöku þingmanna við starf borgaraþingsins. Því legg ég til framangreinda leið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Árangur áfram – í tónlist!

MENNING



Greipur Gíslason
verkefnastjóri



katrín Jakobsdóttir
formaður Vinstri grænna

Fyrir nokkrum árum lét menntamálaráðuneytið vinna ítarlega skýrslu um listgreinakennslu á Íslandi. Margt gott kom fram í henni, meðal annars að listgreinakennsla á Íslandi væri á mjög háu stigi og að henni gott aðgengi, ekki síst tónlistarkennslu. Vissulega mætti ýmislegt gera betur, til að mynda þegar kemur að listgreinakennslu í grunnskólum og samstarfi þeirra og tónlistarskóla.

Þar sem gott samstarf er milli tónlistarskóla og almennra grunnskóla eru hlutfallslega margir nemendur í tónlistarnámi, það hlutfall er sums staðar mjög hátt, ekki síst úti á landi. Það sýnir áhuga nemenda á því að sækja sér þessa mikilvægu menntun. Kennarahópur tónlistarskólanna hefur svo sinnt ýmsum fleiri störfum í samfélaginu en tónlistarskólakennarar á Íslandi koma hvaðanæva úr heiminum og endurspegla þá staðreynd að erlendir tónlistarmenn hafa lengi gegnt lykilhlutverki við að byggja upp íslenskt menningar- og tónlistarlíf.

Markmið okkar ætti að vera að tryggja að sem flestir eigi gott aðgengi að breiðu og vönduðu framboði af list- og menningarfræðslu og því er mikilvægt að efla fremur tónlistarskóla og skólahljómsveitir, vinna að uppbyggingu tónmennta innan almenna skólakerfisins og styrkja uppbyggingu annarra listgreina. Einn af grunnþáttum nýrrar aðalnámskrár er sköpun og öflug kennsla ólíkra listgreina hlýtur þar að vera lykilatriði. Lykillinn að því markmiði eru góðir kennarar. Það er því dapurleg staðreynd að tónlistarskólakennarar séu nú í verkfalli og það er von okkar að sú deila leysist sem allra fyrst; það hlýtur að vera kappsmál hins opinbera að byggja upp sem öflugasta listgreinakennslu til hagsbóta fyrir einstaklingana og samfélagið.

Platón hélt því fram að allir ættu að leggja stund á tónlist til að auka menningarlegan þroska sálarinnar og að samhljómur og taktur hjálpuðu sálinni við að vinna bæði úr jákvæðum og neikvæðum tilfinningum. Grundvöllur tónlistarmenntunar er einmitt sú hugmynd að hún sé mannbætandi og geti hjálpað öllum að þroska hæfileika sína. Þannig fær fjöldi fólks tækifæri til að öðlast þroska og rækta hæfileika sína, auðga samfélagið og skapa ný verðmæti.

Öflug tónlistarmenntun hefur nefnilega líka verið grundvöllur þess að íslenskir tónlistarmenn hafa náð árangri á heimsmælikvarða sem við öll getum verið stolt af sem þjóð. Þess vegna er svo mikilvægt að við tökum höndum saman og byggjum upp á þessum góða grunni og gætum þess að hann molni ekki niður vegna hirðuleysis.

**➜ Einn af grunnþáttum nýrrar aðalnámskrár er sköpun og öflug kennsla ólíkra listgreina hlýtur þar að vera lykilatriði. Lykillinn að því markmiði eru góðir kennarar.**

# Streita og veikindi

HEILSA

Teitur Guðmundsson
læknir



Orðið streita þekkja flestir og við höfum fengið að heyra af því á undangengnum árum að hún valdi hinum ýmsu kvillum og oftar en ekki er neikvæður tónn í umræðunni þegar hún er rædd. Það má þó ekki gleyma því að streitan er nauðsynleg líka og holl að vissu marki. Ef hún hins vegar fer ekki eða er viðvarandi virðist ljóst að hún er skaðleg fyrir okkur á margvíslegan máta.

Flest höfum við heyrt um slíkt en fæstir gera sér í raun grein fyrir því hvað er að gerast í líkamanum þegar þetta ástand varir, þó við þekkjum líklega öll á sama tíma tilfinninguna að vera streitt. Það er býsna flókið ferli sem á sér stað í hinu náttúrulega varnarviðbragði sem er hannað til þess að búa sig undir átök eða flótta. Á eftir slíku kemur iðulega hvíld og tími til að hlaða batteríin sem er nauðsynlegt til að geta brugðist aftur hratt við næstu hættu. Þegar varnarviðbragðið er orðið regla fremur en undantekning fer að halla undan fæti.

**Fljótandi skil**

Ástæður þess að fólk finnur fyrir streitu eru margvíslegar og mætti flokka í ytri og innri streituvalda. Þeir ytri myndu þá falla undir vinnu og vinnuumhverfi, skóla og nám, fjármál, fjölskyldu og vini svo dæmi séu tekin og breytingar eða álag í kringum þessa þætti. Innri streituvaldar geta verið ótti og kvíði við aðstæður, óvissa og það að hafa ekki stjórn, skoðanir, væntingar og fleira má telja í þennan hóp og eru líklega mjög fljótandi skilin á milli þeirra ytri og innri.

Til þess að reyna að útskýra streitu og skaðsemi hennar er gott að hafa í huga að til þess að geta brugðist hratt við líkt og við gerðum í skóginum í gamla daga þegar okkur var ógnað, þá er mikilvægt að auka blóðflæði. Hjartsláttur eykst og blóðþrýstingur líka, æðar til vöðva, heila og hjarta eru á fullum dampi á meðan meltingarfæri til dæmis fá minna flæði, við erum jú ekki að fara að næra okkur! Storkuferli fara af stað í blóði sem hindra blæðingu ef við skyldum meiða okkur eða fá sár. Öndun grynnkar og eykst til að losa okkur hraðar við koltvísýring og halda uppi súrefnismettun. Orkuefni eins og sykur eru losuð úr geymslum í lifur og vöðvum til að eiga nóg að brenna. Skynfærin auka næmi sitt og hormón flæða úr nýrnahettunum sem hafa áhrif á orkubúskapinn, ónæmiskerfið og saltbúskap líkamans. Þessu til viðbótar eru fjöldamargir ferlar sem fara af stað í líkamanum og hafa viðbótaráhrif á líf og líðan.

Að þessu sögðu er ljóst að þetta viðbragð er mjög gagnlegt til skamms tíma en að sama skapi mjög skaðlegt ef það er viðvarandi. Þrátt fyrir alla þessa þekkingu eigum við enn í talsverðum erfiðleikum með að segja með afgerandi hætti hverju nákvæmlega streitan veldur hjá hverjum og einum. Þó er talið að við aukum hættuna á hjarta- og æðaáföllum, offitu, sykursýki, krabbameinum, sýkingum hvers konar, minnistapi, meltingartruflunum, minnkaðri kynhvöt, kyngetu og jafnvel ófrjósemi hefur verið tengd við langtímaáhrif streitu. Ýmis léttvægari og auðvitað algengari einkenni svo sem höfuðverkur, vöðvabólga, orkuleysi, ógleði og svimi eru einnig nefnd.

**Býsna einfalt**

Það sem við getum þó gert og var tilefni nýlegrar ráðstefnu Vinnueftirlitsins er að reyna að átta okkur á streituvöldum, sérstaklega þeim sem tengjast vinnu og vinnuumhverfi. Þekkja einkenni langvarandi streitu á líkama okkar og reyna að koma í veg fyrir þróun þessara sjúkdóma sem að ofan eru nefndir. Erfitt er að mæla streitu öðruvísi en að spyrja fólk og eðlilega er munur á milli einstaklinga. Til eru mælingar á cortisol í munnvatni og víðar sem dæmi, en enn sem komið er er ekki til nein „almennileg“ mæling á því sem virkar á alla hvort viðkomandi sé streittur eða í langvarandi streituástandi.

Við verðum því með markvissum hætti að verjast streitu í gegnum fræðslu en einnig með því að sinna grunnþörfum okkar um nægan svefn og hvíld á milli verka og áreitis. Draga úr áfengis-, tóbaks- og koffínneyslu. Stunda slökun af einhverju tagi og þá er nauðsynlegt að hreyfa sig reglubundið og borða hollt. Býsna einfalt en flókið þó!

„Við verðum því með markvissum hætti að verjast streitu í gegnum fræðslu en einnig með því að sinna grunnþörfum okkar um nægan svefn og hvíld á milli verka og áreitis. Draga úr áfengis-, tóbaks- og koffínneyslu. Stunda slökun af einhverju tagi og þá er nauðsynlegt að hreyfa sig reglubundið og borða hollt.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.





**Málþing um tannheilsu aldraðra fer fram á Hilton Reykjavík Nordica í sal F og G á annarri hæð og hefst fimmtudaginn 6. nóvember kl. 16.00**

**Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra** mun setja þingið með stuttu ávarpi

**Hólmfríður Guðmundsdóttir, tannlæknir EL og HH**
Heiti erindis: Tannlausum eldri borgurum fækkar hratt

**Sigríður Sigurðardóttir hjúkrunarstjóri, fræðslustjóri Markar og Grundar**
Heiti erindis: Er best að vera tannlaus?

**Anna Björg Jónsdóttir öldrunarlæknir**
Heiti erindis: Tannheilsa aldraðra frá sjónarhóli öldrunarlæknis

**Bjarni Elvar Pjetursson tannlæknir, deildarforseti THÍ**
Heiti erindis: Tennur og tanngervi á eldri árum

**Kristín Heimisdóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands** sér um fundarstjórn

**Málþingið er opið öllum en er sérstaklega ætlað fyrir áhugasama eldri borgara, aðstandendur aldraðra og starfsfólk sjúkra- og elliheimila. Aðgangur er ókeypis.**



Tannlæknafélag Íslands

# Brauð, en ekki vín

SAMFÉLAG



María Helga Guðmundsdóttir
þýðandi og jarðfræðingur

Ég vona að þeir sem eru fylgjandi sölu víns í matvöruverslunum sjái sóma sinn í því, héðan í frá, að beita ekki rökum sem gera lítið úr þjáningum áfengissjúklinga og annarra sem eiga um sárt að binda.

Á blaðsíðu 22 í Fréttablaði fimmtudagsins 30. október 2014 birtist grein eftir Guðmund nokkurn Edgarsson sem ber yfirskriftina „Vín eða brauð?“. Í greininni er því haldið fram fullum fetum að sala áfengis í sérstökum verslunum sé að engu leyti frábrugðin því, ef ríkisvaldið ákvæði að banna sölu brauðmetis nema í sérstökum bakaríum.

Greinarhöfundur gengur enn lengra og segir orðrétt: „Nú kann einhver að hugsa, að ekki sé um sambærilega vöru að ræða, vín og brauð. Vín geti valdið skaða, bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið, sé þess neytt í óhófi. Því er til að svara, að hið sama má segja um brauð. … Vín og brauð eru því sambærilegar vörur í þessu samhengi.“

Ég skora á Guðmund Edgarsson að nefna eitt einasta dæmi þess að maður hafi orðið öðrum að bana eftir að hafa neytt brauðs ótæpilega og sest undir stýri. Einnig myndi ég þiggja dæmi um fjölskyldu sem sundraðist vegna þess að fyrirvinnan var svo forfallin í brauðáti sínu að hún steypti fjárhag fjölskyldunnar í glötun til að fjármagna neysluna.

Hvert mannsbarn, sem þekkir til þess mikla böls sem áfengissýki er, sér að röksemdafærsla sem þessi nær ekki bara engri átt, heldur er helber móðgun við þær miklu þjáningar sem margir hafa liðið vegna þessa sjúkdóms. Ég vona að þeir sem eru fylgjandi sölu víns í matvöruverslunum sjái sóma sinn í því, héðan í frá, að beita ekki rökum sem gera lítið úr þjáningum áfengissjúklinga og annarra sem eiga um sárt að binda.

Einhvers staðar í grenndinni sitja jú foreldrar sem óska sér einskis heitar en þess, að sá sem keyrði drukkinn á barnið þeirra hefði nú bara verið sólginn í brauð en ekki vín.

# Að reikna sig til helvítis

RÚV



Hermann Stefánsson
rithöfundur

Að leggja niður útvarpsrás eru óafturkræf hryðjuverk. Það yrðu afdrifaríkar ákvarðanir ef stjórnmálamenn ákvæðu að leggja til atlögu við Ríkisútvarpið. Lítilsigld yrði þeirra arfleifð.

Fyrir nokkrum árum uppgötvuðu fáeinir íslenskir spekúlantar að þeir kunnu að reikna. Í kjölfarið komust þeir að raun um að þetta var ný þekking, aldrei hafði nokkur maður kunnað að reikna í sögu mannkyns. Í ofanálag kom yfir þá sú hugljómun að það var hægt að beita þessari nýuppgötvuðu þekkingu á alla skapaða hluti og jafnvel leika sér með tölur. Það var hægt að reikna út verðið á sjúkrarúmi og innlagningardögum á spítala, reikna út hagnaðarvon og skilvirkni í starfsemi stofnana og á íslenskri tungu, reikna út prísinn á andlegum verðmætum, framlegðarárhrif og skilvirkni lista og verðið á vergri sjálfsvirðingu. Það var hægt að reikna sig rakleiðis til helvítis.

Undanfarið hafa nokkrir reiknimeistarar tekið að sér í blaðagreinum að reikna út hvað það kosti nú að halda úti almannaútvarpi. Þessir spekingar komast jafnan að því að þetta sé of dýrt og eitthvað þurfi undan að láta. Í einni af nýjustu ritningunum, ég hirði ekki um að greina þær hverja frá annarri, er lagt til að dregið sé stórkostlega úr starfsemi Ríkisútvarpsins. Stöku stjórnmálamenn hafa talað eins og þessar fabúleringar séu marktæk innlegg í umræðuna. Það tekur því ekki að blanda sér í reikningskúnstirnar að öðru leyti en því að nefna að ekkert bendir til annars en að það sé einfaldasta mál í heimi að bjarga fjárhag RÚV. Það er gert með því að láta allt útvarpsgjaldið renna til RÚV eins og því er ætlað að gera. Og með því að draga Ohf.-væðingu stofnunarinnar til baka og aflétta tilheyrandi lífeyrisskuldbindingum sem íþyngja rekstrinum. En fyrst af öllu þarf útvarpsgjald að renna óskert til RÚV. Það nægir. Útvarpsgjald er svipað á öllum Norðurlöndum og víðar hærra. Þannig reka allar nágrannaþjóðir okkar almannaútvarp.

### Villusýn

Eða af hverju geta Spánverjar með öll sín hörmulegu vandamál, atvinnuleysi og efnahagsvanda, ekki aðeins rekið miklu betra heilbrigðiskerfi en Íslendingar heldur einnig mun öflugri almannafjölmiðla, útvarp og sjónvarp? Hví hengja Íslendingar haus og væla meðan slíkar þjóðir standa í lappirnar? Það er vegna þess að víðast hafa stjórnmálaflokkar einhverja reisn og láta ekki hvarfla að sér að hlusta á rausið úr reikningshausum. Af hverju var útvarpið ekki lagt niður árið 1950, 1936 eða 1993? Það er vegna þess að þá hvarflaði ekki að stjórnmálunum að selja sjálfsvirðingu sína.

Stærðfræði er merkileg vísindagrein. Hún er hrein vísindi sem ekki tengist öðru en sínum eigin óhlutbundnu reglum. Þessu gera allir góðir stærðfræðingar sér grein fyrir. Þeir vita að fólk getur ekki reiknað út pólitísk og menningarleg gildi sín. Það er sérstök fyrirhöfn að hafa kúltúr og gera sér gildi sín ljós. Menning, eins og sú sem miðlað er á Rás 1, er grunnur þeirra gilda. Það er mikilvægt að stjórnmálamenn láti ekki glepjast af þeirri villusýn að menning sé útreiknanleg verðmæti og eða gerist slíkar smásálir að halda að menning sé í eigu sumra stjórnmálaflokka en náttúrulegur óvinur annarra. Menning er allra. Að skera hana niður eru svik við hugsjónir allra stjórnmálaflokka og alla þeirra sögu. Að leggja niður útvarpsrás eru óafturkræf hryðjuverk. Það yrðu afdrifaríkar ákvarðanir ef stjórnmálamenn ákvæðu að leggja til atlögu við Ríkisútvarpið. Lítilsigld yrði þeirra arfleifð. Tíminn er kannski ekki fljótur að reikna en hann mylur fjandi smátt.

# Þegar stórir karlar verða litlir

LÖGREGLA



Finnbogi Hermannsson
við ritstörf í Hnífsdal

Og svo svívirðilega lýkur skýrslugerðinni, að herða skuli á stríðum söngum með því að safna saman og setja í fæl allt myndefni sem tilheyrir tímaramma atburðanna.

Sú var tíðin að lögreglustjóranum í Reykjavík fannst sér hentast að brenna uppsafnaðar upplýsingar um óvini ríkisins þegar þær fylltu orðið hvert gljúfur og gil á gömlu lögreglustöðinni við Pósthússtræti. Var þetta í Kaldastríðinu og sérstakur lögregluþjónn hafður að störfum við að snuðra uppi stjórnmálaskoðanir og athafnir þess fólks sem hugsanlega gerði athugasemdir við gjörðir stjórnvalda þess tíma, ekki síst í utanríkismálum. Upplýsingar um þetta fólk voru svo handlangaðar inn í ameríska sendiráðið við Laufásveg og biðu betri tíma. Um var að ræða algjörlega löglausa starfsemi enda var hún ekki til á pappírum og lögregluþjónninn ekki við þessa iðju bak við luktar dyr. Endaði með því að farið var með tunnusekki af pappírum upp fyrir bæ og gögnum brennt í gataðri öskutunnu við ónefndan sumarbústað.

Líklega var Ragnar Aðalsteinsson lögfræðingur að skírskota til bréfabrunans í öskutunnunni þegar hann sagði í viðtali á Stöð 2 29. október sl. að auðvitað hefði lögreglustjórinn átt að brenna þessa skýrslu þegar hann sá hana. Og átti við skýrslu Geirs Jóns Þórissonar yfirlögregluþjóns um ýmis lögregluafskipti í kjölfar bankahrunsins.

Þegar Geir Jón hafði dundað við sína skýrslu í hálft ár, þótti honum aftur á móti hentast að fara með hana sem kennslugagn í svokölluðum Stjórnmálaskóla Sjálfstæðisflokksins. Til er heilt myndband af kennslustund Geirs Jóns þar sem hann lýsir afrekum lögreglunnar í baráttu við skrílinn á Austurvelli eins og ritstjóri Morgunblaðsins kemst að orði í síðasta Reykjavíkurbréfi.

Segjum sem svo að Stjórnmálaskóli Sjálfstæðisflokksins hefði viljað varpa einhverju ljósi á leikreglur lýðræðisríkis þar sem fólk hefur tjáningarfrelsi og rétt til að mótmæla. Fengið lögfræðing til að fara yfir réttindi mótmælenda og þá fulltrúa lögreglu til að útskýra hennar hlutverk. Nei. Mættur var á svæðið upprennandi stjórnmálamaður og fyrrverandi lögregluþjónn í einum og sama manninum. Orðinn krossfari og merkisberi Sjálfstæðisflokksins og veifaði skýrslu sinni mjög gestíkúlerandi sem krossfari fánanum. Deo les volt hrópuðu krossfararnir forðum og unglingarnir í Stjórnmálaskólanum hlustuðu hugfangnir.

### Nærgangandi upplýsingar

Seint og um síðir kom svo skýrslan fyrir almenningssjónir eftir viðkomu hjá umboðsmanni Alþingis. Átti einungis að berast til Evu Hauksdóttur skv. umboðsmanni. Öllum er klúðrið kunnugt. Og skýrsluhöfundur er nú ekki lengur bara góðgjarn lögregluþjónn og mannasættir. Hann var nefnilega að færa í letur nærgangandi upplýsingar um fjölda pólitískra andstæðinga sína og þeirra á meðal fólk sem hann hefur setið með á Alþingi sem varaþingmaður. Samstundis urðu öll ummæli í skýrslunni um Vinstri græn og aðra óvini Sjálfstæðisflokksins með öllu ótrúverðug og skýrslan gjörónýt. Eftir stendur hins vegar í hugum fólks að lögreglan hafi staðið sig vel við erfiðar aðstæður þar sem reitt fólk kom saman og margir búnir að tapa ævihýrunni bara sisona.

Forvirkar rannsóknir er ekki gamalt hugtak í íslensku. Er þýðing á enska heitinu proactive investigation. Lögreglan hefur viljað lögleiða forvirkar rannsóknir en ekki tekist. Þökk sé Ögmundi Jónassyni og fleirum. Skýrslugerðir Geirs Jóns Þórissonar heyra vafalítið undir forvirkar rannsóknir og pólitískar persónunjósnir. Ekki síst í ljósi þess að honum fannst eðlilegast að fara beint með gumsið inn í Stjórnmálaskóla Sjálfstæðisflokksins í Valhöllu.

Og svo svívirðilega lýkur skýrslugerðinni, að herða skuli á stríðum söngum með því að safna saman og setja í fæl allt myndefni sem tilheyrir tímaramma atburðanna.

Hvað verður nú um traustið sem lögreglan með súrum svita hafði byggt upp hjá almenningi, þegar í ljós kemur að innan hennar ganga menn en lausir við sömu iðju og ástunduð var í Pósthússtrætinu forðum.

# Sleggjudómar menntamálaráðherra

MENNTUN



Björn Guðmundsson
framhaldsskólakennari

Illugi Gunnarsson ætti að kynna sér starfsemi framhaldsskólanna áður en hann fellir sleggjudóma um að framhaldsskólarnir séu að sóa tíma nemenda. Það er illt að sitja undir því að æðsti yfirmaður skólanna tali um þá af slíkri lítilsvirðingu og skilningsleysi, sem hlýtur að stafa af vanþekkingu hans.

„Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, segir að framhaldsskólinn nýti tíma íslenskra ungmenna illa.“ Þetta hafði Agnes Bragadóttir eftir Illuga í viðtali sem birtist í Mbl. 9. okt.

Að mati Illuga eru of fáir sem ljúka framhaldsskólanámi á Íslandi og hann telur að besta leiðin til að breyta því sé að skerða námið um 25%. Hann virðist ekki hafa áhyggjur af því að skert nám þýði ónógan undirbúning fyrir háskólanám.

Framhaldsskólar byggja námsframboð sitt á námskrám frá menntamálaráðuneytinu frá 1999. Þar eru skilgreindar námsbrautir og námsáfangar. Námskröfur eru ekki nákvæmlega skilgreindar en framhaldsskólakennarar eiga að hafa dómgreind og þekkingu til að hafa þær þannig að nemandi sem stenst þær sé hæfur til að stunda háskólanám.

Í framhaldsskólunum er talsvert um að nemendur nái ekki settu marki í einstökum áföngum og sumir hætta í skóla, ýmist tímabundið eða alveg. Í huga Illuga Gunnarssonar merkir þetta að framhaldsskólinn nýti tíma nemenda illa. Margir nemendur nýta sér vel það sem skólinn býður og halda áfram námi með glæsibrag. En sumir nýta ekki tímann í skólanum sér til gagns. Illugi kýs að varpa ábyrgðinni á slíku á framhaldsskólann sjálfan.

Nemendur eru afsprengi erfða, uppeldis og annarra aðstæðna í sínu lífi. Suma má líta á sem fórnarlömb slæmra aðstæðna. Þar má nefna skort á ást og umhyggju í uppeldi, slæmar heimilisaðstæður, óreglu, fátækt, ofbeldi. Sumir eiga erfitt með nám vegna ofneyslu áfengis, vímuefnaneyslu, þunglyndis, kvíða, félagsfælni, tölvufíknar, neysluhyggju, of mikillar launavinnu með námi o.s.frv. Sumir velja sér nám sem hæfir hvorki áhugasviði né námsgetu. Í sumum framhaldsskólum er nærri helmingur nemenda illa læs. Er við því að búast að tíminn nýtist þeim vel til náms?

Nú fara um 95% af hverjum árgangi í framhaldsskóla og ekki þarf að yfirstíga neinn þröskuld til að komast þangað eins og áður var. Hvaða merkingu á stúdentspróf að hafa? Eiga allir að fá það? Eiga allir að geta hafið háskólanám án þess að hafa staðist tilteknar lágmarksnámskröfur? Eiga allir að fara í háskóla? Hverjir eiga að sinna þeim störfum í samfélaginu sem ekki krefjast háskólamenntunar?

### Ýmsar leiðir

Hægt er að fara ýmsar leiðir til að minnka brottfall nemenda úr framhaldsskólum. Greina mætti styrkleika hvers og eins og veita ráðgjöf um námsval í samræmi við það eða jafnvel stýra nemendum inn á viðeigandi námsbrautir. Hérlendis er nánast engin stýring af þessu tagi og það á sinn þátt í slöku námsgengi margra; þeir eru í röngu námi.

Illugi vill að íslenskir nemendur hafi sömu námstækifæri og nemendur í öðrum löndum, þ.e. að ljúka námi til stúdentsprófs á 12-13 árum í stað 14. Illugi minnist þó ekki á námsstyrki til nemenda sem tíðkast í þeim löndum sem hann vill bera okkur saman við. Jöfn tækifæri til náms snúast sem sagt bara um það sem hentar sparnaðaraðgerðum ríkisins.

Þegar Þorgerður K. Gunnarsdóttir var menntamálaráðherra heimsótti hún skólana og ræddi við kennara, sóttist eftir samræðu. Að lokum tók hún viturlega ákvörðun, sá sveigjanleikann í kerfinu og gaf möguleika á mismunandi námslengd. Illugi lætur hins vegar ekki sjá sig í skólunum. Hann heldur illa auglýsta fundi í kirkjum og félagsheimilum og skv. Facebookfærslum áróðursmeistara hans eru allir sammála um þá skerðingu á framhaldsskólanámi sem hann hefur fyrirskipað.

Stytting framhaldsskólans úr fjórum árum í þrjú er ekkert annað en 25% skerðing á námi og leiðir ekki til bættrar menntunar. Ráðherrann vill ekki stytta grunnskólann úr tíu árum í níu því að sveitarfélögin reka grunnskólann, en markmiðið er að spara ríkisútgjöld.

Illugi Gunnarsson ætti að kynna sér starfsemi framhaldsskólanna áður en hann fellir sleggjudóma um að framhaldsskólarnir séu að sóa tíma nemenda. Það er illt að sitja undir því að æðsti yfirmaður skólanna tali um þá af slíkri lítilsvirðingu og skilningsleysi, sem hlýtur að stafa af vanþekkingu hans. En auðvitað má hver maður eins og hann hefur vit til. Ráðherrann ætti að styðja skólana til að þjóna betur hinum breiða nemendahópi, t.d. með nýjum námskrám. Ráðherra sem sker niður menntakerfið í stað þess að styðja við umbætur fær falleinkunn.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## HVERNIG VERÐUR BÓK TIL?

**Þórarinn Eldjárn ræðir um skáldsögu sína Hér liggur skáld sem kom út árið 2012 á Háskólatorgi á föstudaginn klukkan 12. Viðburðurinn er hluti af fyrirlestraröðinni Hvernig verður bók til?**










**VERKIRNIR HURFU** Anna Berglind hafði þjáðst af liðverkjum eftir hlaup. Hún prófaði Nutrilenk Gold fyrir Reykjavíkurmaraþonið í ágúst og fann ekki fyrir neinum verkjum.

# NUTRILENK - FYRIR LIÐINA

**GENGUR VEL KYNNIR** *Nutrilenk Gold hefur hjálpað fjölmörgum Íslendingum sem þjást af verkjum og stirðleika í liðum. Það hjálpar til við uppbyggingu brjósks og getur komið í veg fyrir frekari liðskemmdir. Nú með 20% afslætti!*

Við mikið álag og eftir því sem árin færast yfir getur brjóskvefurinn rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Áralöng reynsla og rannsóknir á Nutrilenk Gold gefa til kynna að það hjálpi til við að auka heilbrigði liðanna, minnki verki og stirðleika og auki þar með hreyfigetu og færni. Það er gert úr sérvöldum fiskibeinum sem samkvæmt rannsóknum eru rík af virku og nýtanlegu kondritíni, kollagenum, mangan og kalki. Margir læknar mæla með Nutrilenk og sjúkraþjálfarar, kírópraktorar og einkaþjálfarar hafa góða reynslu frá sínum skjólstæðingum.

**NÁÐI 2. SÆTI Í REYKJAVÍKURMARAÞONI MEÐ NUTRILENK GOLD**

Anna Berglind Pálmadóttir er 35 ára, þriggja barna móðir og kennari við Verkmenntaskólann á Akureyri. Hún hefur mikinn áhuga á líkamsrækt og hreyfingu ýmiss konar og hefur nú snúið sér að hlaupum í auknum mæli.

„Ég hef lengi haft gaman af því að hlaupa en hef alltaf fengið verki í hné og mjaðmir eftir lengri hlaup. Eftir Íslandsmótið í hálfmaraþoni á Akureyri var ég nokkuð verkjuð í liðunum, bæði um kvöldið og daginn eftir. Ég ákvað því að prófa að taka Nutrilenk Gold og byrjaði tveimur vikum fyrir Reykjavíkurmaraþon og það var ekki að spyrja að árangrinum. Ég fann ekki fyrir neinum liðverkjum, hvorki í hlaupinu né eftir hlaupið enda leið mér vel allan tímann og náði að klára með stæl. Þvílíkur munur. Ég get því með góðri samvisku mælt með Nutrilenk Gold!"

Nutrilenk Gold fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.






**REYNIST VEL** Margir læknar mæla með Nutrilenk og sjúkraþjálfarar, kírópraktorar og einkaþjálfarar hafa góða reynslu frá sínum skjólstæðingum.

**20% AFSLÁTTUR**

**Nutrilenk Gold 180 töflur fæst með 20% afslætti til 10. nóvember.**







# SVITNAÐ FYRIR GOTT MÁLEFNI

**HJÁLPA BÁGSTÖDDUM** *Hópur ofurhuga ætlar að róa róðrarvél í sjö sólarhringa til styrktar Fjölskylduhjálp Íslands. Hópurinn fær lítinn svefn á meðan og mikið mun reyna á andlega þáttinn. Fjölskylduhjálpin mun deila afrakstrinum til þurfandi fjölskyldna.*

Það verður lítið um svefn en þeim mun meira af svita á líkamsræktarstöðinni Boot Camp í Elliðaárdal síðar í vikunni þegar átakið 7x7 hefst. Þar ætla sjö einstaklingar að róa róðrarvél stanslaust í sjö sólarhringa til styrktar Fjölskylduhjálp Íslands. Einn hópmeðlima, Berglind Guðmundsdóttir, segir hugmyndina fyrst hafa verið framkvæmda árið 2009 af nokkrum ofurhugum í Boot Camp. „Okkur hafði lengi langað að sameina áhugamál okkar og góðgerðarmál. Þegar við heyrðum af þessari áskorun sem fór fram fyrir fimm árum var heldur betur kominn góður grundvöllur til þess.“ Auk Berglindar leggjast þau Elsa Petra Björnsdóttir, Dóra Bragadóttir, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Ómar Ómar Ágústsson, Magnús Bergsson og Jóhannes Guðmundsson á árar.

Áskorunin fer þannig fram að hver einstaklingur rær í klukkutíma í senn og síðan tekur sá næsti við. „Það þýðir að eftir þessa viku hefur hver einstaklingur róið í samtals 24 klukkustundir. Þetta verður vissulega líkamlega erfitt en ætli andlegi þátturinn verði ekki mest krefjandi og þá sérstaklega sú staðreynd að við erum kannski að fá í mesta lagi þriggja tíma samfelldan svefn á þessum sjö sólahringum.“

Hópurinn er þessa dagana að safna áheitum frá fyrirtækjum og einstaklingum en allur ágóði átaksins rennur óskiptur til Fjölskylduhjálpar Íslands eins og fyrr segir. „Það er óhætt að segja að við setjum markið hátt enda vonumst við eftir miklum meðbyr. Við höfum nú þegar fengið jákvæðar viðtökur frá fyrirtækjum og vonumst eftir fleiri framlögum, bæði frá einstaklingum og fyrirtækjum. Síðan eru auðvitað allir velkomnir til okkar ef þeir vilja róa með okkur.“

**SLÆM ÞRÓUN**

Aðspurð hvers vegna Fjölskylduhjálp Íslands hafi orðið fyrir valinu segir Berglind að meðlimum hópsins hafi þótt of áberandi hversu mikið vandamál fátækt væri orðin hér á landi. „Okkur þykir slæmt að sjá hver þróunin er orðin á þessu sviði. Því vildum við sjá breytingar og reyna að gera eitthvað til að breyta ástandinu. Fjölskylduhjálp Íslands er að vinna frábært og óeigingjarnt starf og því vildum við vinna með þeim að þessu verkefni. Hún mun síðan deila afrakstrinum til fjölskyldna sem þurfa á aðstoð að halda. Svo vonumst við eftir því að þetta átak okkar hvetji fleiri til að gefa þessu brýna málefni gaum.“

Áskorunin hefst á hádegi föstudaginn 7. nóvember í Boot Camp og lýkur á hádegi þann 14. nóvember. „Það verður hægt að fylgjast með hópnum á Facebook undir 7x7rodur þar sem við verðum dugleg að segja frá því hvernig gengur, birta skemmtilegar myndir og að sjálfsögðu geta þess hvernig söfnunin gengur og hvaða aðilar hafa tekið þátt í að heita á okkur.“

*Þeim sem vilja leggja málefninu lið er bent á styrktarreikninginn 528-14-403477 á kennitölunni 020782-3239.*



**HRAUSTUR HÓPUR** 7x7 hópurinn samanstendur af sjö hraustum einstaklingum sem vilja láta gott af sér leiða. MYND/GVA

LYFJA – Lífið heil

www.lyfja.is



Amorolfin ratiopharm
við naglsveppum

ný lausn án lyfseðils í apótekum Lyfju

**Lyfjalakk á neglur**

Amorolfin er **breiðvirkt sveppalyf** sem er mjög virkt gegn algengum tegundum af naglsveppum og er ætlað á bæði fingur- og táneglur.

Amorolfinið smýgur úr lyfjalakkinu inn í og **í gegnum nöglina** og getur þar af leiðandi útrýmt sveppnum sem er illa aðgengilegur í naglbeðnum.

Þar sem meðferðin er staðbundin eru **aukaverkanir mjög sjaldgæfar** og þá aðallega svæðisbundnar, sem er mikill kostur fyrir notandann.




20% kynningar-afsláttur
gildir til 15. nóvember 2014

LYFIS Traust í lyfjum ratiopharm

**Notkunarsvið:** Amorolfin ratiopharm lyfjalakk inniheldur amorolfin og er notað til meðferðar við sveppasýkingum í nöglum sem áður hafa verið greindar af lækni eða til meðferðar á endurteknum sveppasýkingum. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir amorolfini eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. **Varúð:** Forðast skal að lyfjalakkið komist í snertingu við augu, eyru og slímhúðir. Sjúklingar með undirliggjandi sjúkdóma sem eru móttækilegir fyrir sveppasýkingum í nöglum ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Slíkir sjúkdómar eru útlægir blóðrásarkvillar, sykursýki og ónæmisbæling. Sjúklingar með visnaðar neglur og ónýtar neglur ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Eldfimt. **Meðganga og brjóstagjöf:** Notkun lyfsins skal ákveðin af lækni. **Skömmtun:** Lyfjalakkið er borið á sýktar fingur- eða táneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu læknis. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nöglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Aukaverkanir eru mjög sjaldgæfar, helst staðbundnar, s.s. neglur geta orðið mislitar eða losnað frá naglbeðnum. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Mars 2014.

Lágmúla, Laugavegi, Nýbýlavegi, Smáralind, Smáratorgi, Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Blönduósi, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Höfn, Laugarási, Selfossi, Grindavík, Keflavík

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447

**Rauðrófukristall**

**Betra blóðflæði betri heilsa**

Blóðrásin flytur súrefni og næringarefni til frumna líkamans




Eftir fertugt framleiðir líkaminn **50%** minna **Nitric Oxide.** SUPER**BEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að *30%* æðaútvíkkun, *30%* meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, *20%* meira þrek orka og úthald.

**Nitric Oxide hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, þvagblöðru, lifur, nýru, ofnæmiskerfi, astma, lungnaþembu. ***Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna.***

**Nánari upplýsingar** www.SUPER**BEETS**.is

Umboð: vitex ehf

**Nitric Oxide stjórnar blóðflæði líkamanns. Nitric Oxide er uppistaðan í rislyfjum** *Fæst í Apótekum og heilsubúðum*

Vissir þú að...
Foreldrar bera megin ábyrgð á að styðja að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.
Barnaheill Save the Children á Íslandi

# UMBYLTING Á HEILSU

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Original er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Þórunn G. Þórarinsdóttir mælir með Bio-Kult Original enda hefur heilsa hennar batnað mikið eftir að hún hóf notkun á því.*

Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi hefur náð betri heilsu með notkun Bio-Kult Original. „Forsagan er þannig að ég var mjög veik í mörg ár. Ég ákvað að taka málin í mínar hendur og breytti mataræðinu alveg en náði samt ekki alveg fullri heilsu. Ég hóf þá að kynna mér hvað góðir gerlar geta gert fyrir heilsuna. Ég fann eftir mikla leit á netinu og víðar að sennilega vantaði mig einn ákveðinn geril í meltingarflóruna en það er svokallaður jarðargerill (e. Bacillus Subtillis). Ég fór að leita að lifandi gerlablöndum hér á landi sem innihalda þennan geril en það virtist ekki vera í neinu nema Bio-Kult Original-vörunni. Ég ákvað að prófa, og viti menn, það varð algjör umbylting á heilsunni hjá mér!“



**LÍÐUR BETUR** Berglindi Káradóttur líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Candéa og ristilkrampar sem hún fékk áður heyra nú sögunni til.



**MIKIL HEILSUBÓT** Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi byggir meðmæli sín með Bio-Kult Original á eigin reynslu.
MYND/ERNIR

**ENGIN UPPÞEMBA EÐA RISTILKRAMPI**

Bio-Kult Candéa-hylkin geta fyrirbyggt sveppasýkingu í meltingarvegi. Berglind Káradóttir er með óþol fyrir nokkrum fæðutegundum og fékk reglulega ristilkrampa, uppþembdan maga og ógleði. „Ég hef þurft að passa vel upp á mataræðið, ekki síst þegar ég fór í veislur þar sem ég gat ekki vitað hvað var í matnum og fékk krampa í kjölfarið. Eftir að ég byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa breyttist þetta og maginn og ristillinn eru til friðs. Ég tek tvö hylki með morgunmat og ristilkramparnir heyra sögunni til. Ég, systir mín og dóttir tökum allar Bio-Kult með góðum árangri,“ segir Berglind.

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu en hún getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, pirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

**BIO-KULT FYRIR ALLA**

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.




# ÞVÍLÍKUR LÉTTIR

*Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu í slímhúð þvagrásar og skola bakteríunni út með þvaginu.*

Birgitta Sveinbjörnsdóttir þjáðist af gigt sem hafði mikil áhrif á heilsufar hennar og líðan. Vegna aukaverkana af lyfjum sem hún þurfti að taka inn fór hún að fá endurteknar þvagfærasýkingar. „Ég þurfti reglulega að taka inn sýklalyf. Ég hafði í mörg ár reynt að nota náttúrulegar leiðir til að losna við sýklalyfin en ekkert virkaði. Ég breytti mataræðinu og lífsstílnum og prófaði ýmsar vörur sem áttu að virka gegn þvagfærasýkingum en allt kom fyrir ekki. Ég fékk alltaf endurteknar þvagfærasýkingar,“ segir hún.

„Vinkona mín sem er læknir benti mér á að nota Bio-Kult Pro-Cyan gegn þvagfærasýkingunni. Það var ótrúlegt að upplifa loksins eitthvað sem virkaði án þess að nota sýklalyf. Þvílíkur léttir eftir öll þessi ár. Ef ég gleymi að taka Bio-Kult-hylkin finn ég að þvagfærasýkingin læðist að, þannig að ég passa vel upp á að það gerist ekki. Ég tek tvö hylki á dag alla daga. Ég hef líka notað Bio-Kult Original, þetta gula, til að styrkja magaflóruna betur og það hefur einnig hjálpað mér til að styrkja meltinguna.“



Birgitta þjáðist af gigt og þurfti að taka sýklalyf reglulega vegna þvagfærasýkingar. Hún segir að það hafi lagast eftir að hún byrjaði að taka Bio-Kult Pro-Cyan.

**SÖLUSTAÐIR**

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu Icecare, icecare.is.




Ábendingahnappinn má
finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe SAFT

# HUGARFARIÐ SKIPTIR MÁLI

**ALDRAÐIR** *Þeir sem hafa jákvæðar hugmyndir um staðalímyndir aldraðra eru líklegri til að lifa lengur en þeir sem eru neikvæðari. Þeir eru líka líklegri til að vera virkari og hafa betri sjálfsmynd.*

Aldraðir sem hafa jákvætt viðhorf gagnvart því að eldast ná betri árangri í minnisprófum. Þeir skrifa betur. Þeir geta gengið hraðar. Þeir eru líklegri til að ná fullum bata ef þeir veikjast alvarlega. Þeir sem eru jákvæðir gagnvart því að eldast lifa lengur en þeir sem eru síður jákvæðir, að meðaltali sjö og hálfu ári lengur.

Sálfræðingurinn Becca Levy hefur mælt áhrif staðalímynda um aldur í um tuttugu ár. Hún og samstarfsmenn hennar hafa fundið út að þær hafa mikil áhrif. Aftur og aftur hafa niðurstöður rannsókna sýnt að þeir sem hafa jákvæðari hugmyndir um staðalímyndir aldraðra haga sér á annan hátt þegar þeir eldast en þeir sem hafa neikvæðari hugmyndir um aldraða, jafnvel þó hóparnir séu líkir að öðru leyti.

Í síðustu rannsókn sinni reyndu dr. Levy og samstarfsmenn hennar að styrkja jákvæðar hugmyndir um staðalímyndir aldraðra og láta þær endast, og sjá svo hvaða áhrif þær hefðu á líkamlegan styrk. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að „óbeint inngrip“ styrkti jákvæðar hugmyndir eldra fólks um staðalímyndir aldraðra. Það leiddi svo til meiri og betri líkamlegrar virkni. Áhrifin voru enn skýr þremur vikum eftir að inngripunum var hætt.

Rannsóknin fór þannig fram að ákveðinn hluti hundrað manna hóps eldri borgara (meðalaldur 81 árs) var látinn taka þátt í æfingum þar sem „óbein inngrip“ voru gerð, það er að segja þau sáu orð eins og „vitur“, „skapandi“, „fjörug“ ásamt orðunum „gamall“ og „aldraður“ á tölvuskjá í örstutta stund. Það stutt að fólkið gat ekki lesið orðin en heilinn skynjaði þau. Hinn hluti hópsins var látinn gera æfingar sem fól í sér „beint inngrip“, það er að segja þau áttu að skrifa ritgerð um virka eldri borgara. Æfingarnar voru gerðar einu sinni í viku í fjórar vikur.

Eins og búist var við styrktust jákvæðar hugmyndir um staðalímynd aldraðra og sjálfsmynd hjá þeim sem urðu fyrir „óbeinum inngripum“. Einni viku og þremur vikum eftir síðustu inngripin voru þátttakendur látnir fara í líkamlegt próf þar sem þeir voru látnir standa upp úr stól og setjast niður, ganga þvert yfir herbergi og gera jafnvægisæfingar. Hópurinn sem varð fyrir „óbeinum inngripum“ kom betur út úr prófunum en hann gerði fyrir inngripin en engin framför varð hjá hópnum sem skrifaði ritgerðirnar.

Var þetta í fyrsta sinn sem rannsakendum tekst að sýna fram á að líkamleg áhrif þessara inngripa vari í nokkrar vikur eftir að þeim er hætt.



**HRESS** Ef staðalímyndir fólks af öldruðum eru jákvæðar er líklegra að það fólk verði sjálft virkara þegar það er orðið aldrað. MYND/GETTY




# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 4. NÓVEMBER 2014




# VOLKSWAGEN PASSAT KEMUR Í FEBRÚAR

## Passat hefur selst í 22 milljónum eintaka síðastliðin 41 ár og þar af 1,1 milljón í fyrra. Kemur nú af áttundu kynslóð.

Þegar bíll sem selst í 1,1 milljónum eintaka á ári kemur af nýrri kynslóð vekur það ávallt athygli. Það á við um Volkswagen Passat, en hann var kynntur blaðamönnum á Miðjarðarhafseyjunni Sardiníu í síðasta mánuði. Passat hefur verið framleiddur í 41 ár og kemur nú af áttundu kynslóð. Hann hefur selst í yfir 22 milljónum eintaka á þessum tíma og því hefur sala hans í fyrra verið helmingi meiri en meðaltalið frá upphafi.

Bílablaðamaður Fréttablaðsins og visir.is var einn þeirra sem fengu að kynnast bílnum á eyjunni fögru og varð ekki fyrir vonbrigðum með þennan söluhæsta bíl Volkswagen.

**Er eiginlega kominn í lúxusbílaflokk**

Í raun færðu viðkynni hans áhyggjur fyrir hönd Audi, sem er í eigu Volkswagen, vegna þess hversu mikill lúxusbíll er hér á ferð.

Hann er greinilega kominn í flokk með lúxusbílunum þýsku, með frábæra aksturseiginleika og troðinn af nýjustu tækni. Hann er fyrsti bílinn í þessum verðflokki, sem ekki telst lúxusbíll, og er með stafrænt mælaborð. Og flott er það.

Á milli hraðamælisins og snúningshraðamælisins er leiðsögukerfi bílsins sem einnig birtist á enn stærri skjá fyrir miðju mælaborðsins. Þetta hefur greinarritari aðeins séð í bílum frá Porsche og er einstaklega þægilegt og tryggir að augun eru meira á veginum með leiðsögukerfið beint fyrir framan ökumann. Fyrstu Passat-bílarnir verða til sölu í Heklu í febrúar á næsta ári og byrjað verður að taka við pöntunum um áramót. Ekki er fullljóst á hvaða verði bíllinn verður en að sögn Heklumanna verður það á sömu nótum og núverandi bíll.

**Léttist um 85 kíló en rými eykst**

Passat mun bjóðast bæði með „sedan"-lagi og sem langbakur og bæði með framhjóladrifi og fjórhjóladrifi. Í reynsluakstrinum á Sardiníu var m.a. reyndur 240 hestafla dísildrifinn Passat, sem er flaggskipið enn sem komið er og reyndist sá bíll hreint frábær, lá sem klessa í frísklegum akstri og hafði ógnarafl. Passat mun síðar koma sem rafmagnsbíll og í R-útgáfu og verður spennandi að sjá hvort hann verður ekki mun öflugri en Volkswagen Golf R sem er heil 300 hestöfl. Nýr Passat hefur verið léttur um 85 kíló frá síðustu kynslóð og fyrir því finnst með aukinni akstursgetu og minni eyðslu. Hann er örlítið styttri en forverinn en hjólhaf hefur samt lengst um 9 sentimetra og innanrými aukist talsvert. Ein nýjung kom skemmtileg á óvart í bílnum en það er búnaður sem hjálpar ökumanni að bakka með tengivagn og svínvirkaði hann við prufur og gat ökumaður sleppt stýrinu og látið bílinn sjálfan um að leggja tengivagninum á hárréttan stað. Reynsluakstursgrein um nýjan Passat mun birtast síðar hér í bílablaðinu.




Ford Focus EV í hleðslu.

# Lækkun eldsneytisverðs skaðar tvinn- og rafmagnsbílasölu vestanhafs

Eldsneytisverð hefur lækkað mjög hratt í heiminum undanfarið og í síðustu viku varð meiri lækkun á bensínverði í Bandaríkjunum en orðið hefur í meira en tvö ár.

Þá lækkaði verð um 10 sent, eða 12 krónur á aðeins einni viku. Þar má á einstaka bensínstöðvum sjá svo lágt verð sem 2,70 dollara á gallon, eða 85 krónur á hvern lítra. Meðalverðið í landinu er þó um 3,14 dollarar á gallon, eða 99 krónur. Þetta lága verð á eldsneyti gerir lítið til að hvetja fólk vestanhafs til kaupa á rafmagnsbílum og tvinnbílum og það sést í sölutölunum undanfarið. Tvinnbílar og rafmagnsbílar hlaðast nú upp hjá bílaumboðum þarlendis og framleiðendur þeirra hafa neyðst til að lækka verðið til að koma hreyfingu á sölu þeirra.

**Framleiðendur lækka verðið**

Nýlega lækkaði Ford verðið á Ford Focus EV, sem gengur fyrir rafmagni, um 6.000 dollara og það sama gerði Nissan með Leaf-bíl sinn fyrr á árinu. Toyota hefur þurft að hækka afslátt á tvinn- og rafmagnsbílum sínum úr 1.400 dollurum að meðaltali fyrir ári í 2.300 dollara nú. Ford hækkaði afslátt á rafmagnsútgáfu C-Max úr 2.650 dollurum í 4.900 dollara. Þessar aðgerðir Toyota og Ford hafa ekki orðið til að auka sölu þessara bíla, heldur þvert á móti.

Sala eyðslufrekra pallbíla hefur í staðinn verið í miklum blóma og er söluaukning þeirra talin í tugum prósenta hjá öllum framleiðendum.

Bílaframleiðendum er gert af yfirvöldum að framleiða sífellt eyðslugrennri bíla og því streyma nú sífellt fleiri gerðir rafmagns- og tvinnbíla frá þeim, sem illa gengur að selja í Bandaríkjunum. Sú þróun hefur þó ekki orðið í Evrópu, en þar heldur sala rafmagns- og tvinnbíla áfram að aukast enda er eldsneytisverð í álfunni miklum mun hærra en í Bandaríkjunum, vegna hárra skatta á eldsneyti.



BMW X5 var fyrsti jeppi þýska lúxusbílaframleiðandans.

# BMW HEFUR SMÍÐAÐ JEPPA Í 15 ÁR

## Margir urðu hissa þegar BMW setti fyrsta jeppann á markað en fyrirtækið hefur síðan selt 3,3 milljónir jeppa og jepplinga.

Þýski lúxusbílaframleiðandinn BMW verður 100 ára eftir tvö ár, en BMW er hvað þekktast fyrir framleiðslu á lúxusfólksbílum með mikla akstursgetu. Nú eru liðin 15 ár síðan BMW setti á markað sinn fyrsta jeppa, BMW X5, en í dag telur jeppa- og jepplingalína BMW 5 bílgerðir, X1, X3, X4, X5 og X6. Á þessum 15 árum hefur BMW selt samtals 3,3 milljónir X-bíla og samsvarar það meira en tveggja ára heildarsölu BMW í fyrra. Margir aðdáendur BMW settu spurningarmerki við framleiðslu X5-jeppans í upphafi en BMW hefur aldeilis haslað sér völl í flokki jeppa og jepplinga þessi síðustu 15 ár og vega þeir þungt í heildarframleiðslunni.

**Saga X-bíla BMW eldri**

Saga X-bíla BMW er þó eldri en X5. Árið 1980 setti BMW á markað BMW 325ix, fjórhjóladrifinn fólksbíl og stóð x-ið fyrir fjórhjóladrif, eins og það gerir enn. Allir fólksbílar BMW sem eru búnir fjórhjóladrifi hafa síðan borið stafinn x í nafni sínu. BMW X5 var sá eini í flokki núverandi X-bíla BMW í fimm ár, en árið 2004 kynnti BMW til sögunnar X3-jepplinginn og var hann einn fyrsti lúxusjepplingurinn sem kom fram og talsvert löngu á undan Audi Q5- og Mercedes Benz GLK-jepplingunum, sem eru hans helstu keppinautar. BMW kom fram með X6 árið 2008 og X1 árið 2009.

**Nýir X4 og X7**

Fyrir skömmu kynnti BMW síðan X4 og hefur hann sama „coupe“-lag og X6 jeppinn, en er jepplingur á stærð við X3. BMW kom svo fram með M-útgáfur af X5 og X6 jeppunum, afar öfluga bíla með 555 hestafla V8-vélum. BMW X5 er nú af þriðju kynslóð og X3 og X6 eru nú af annarri kynslóð. BMW ætlar að bæta enn einum bíl við blómlega X-flóruna því X7 er á leiðinni og verður honum beint sérstaklega að Bandaríkjamarkaði líkt og X5- og X6-bílarnir voru hugsaðir í upphafi. X7 kemur á markað árið 2016 og þá af árgerð 2017 og verður hann smíðaður í Spartanburg í S-Karólínuríki Bandaríkjanna. X7 verður með öflugum 6 og 8 strokka vélum og að sjálfsögðu stærri en X5 og X6 og mun keppa við stærstu jeppa Audi og Mercedes Benz, sem og stóra jeppa bandarísku framleiðendanna.


Börn erfa skoðanir foreldra sinna á bílum.

# Ungmenni kaupa sama bílamerki og foreldrarnir

Könnun meðal 4.300 ungmenna í Bandaríkjunum leiddi í ljós að það eru 39% meiri líkur til þess að þau kaupi bíla frá sama bílaframleiðanda og foreldrar þeirra gerðu, en ekki frá öðrum framleiðendum. Þessar niðurstöður benda enn eina ferðina til þess hve uppeldi barna hefur mikil áhrif á gerðir þeirra og það langt fram eftir aldri. Hvað bandarísku bílaframleiðendurna varðar var mest tryggð við bíla frá General Motors og var þá ekki greint á milli Chevrolet, Cadillac, Buick eða GMC, heldur voru miklar líkur til þess að ungmennin keyptu bíl frá einhverjum af þessum framleiðendum ef foreldrarnir áttu bíl frá GM. Þessar niðurstöður gætu breytt því hvernig bílaframleiðendur markaðssetja og verðleggja bíla sína til ungs fólks. Könnun sem þessi hefur ekki áður verið gerð og þykja niðurstöður hennar forvitnilegar, en koma kannski ekki svo mikið á óvart.

# Umferðarteppur kosta Bandaríkjamenn 15.000 milljarða króna árlega

Eitt það óskemmtilegasta í lífinu er að vera fastur í umferðarteppu og vita ekki hvenær úr henni leysist. Það er ekki bara slæmt fyrir sálarlífið heldur kostar það bæði fólk og þjóðfélagið ógrynni fjár.

Meðalheimili í Bandaríkjunum eyðir aukalega um 1.700 dollurum á hverju ári vegna umferðartafa og í landinu öllu kostuðu þær 15.000 milljarða króna á síðasta ári. Eins og þetta séu ekki nógu slæmar fréttir þá er því spáð að enn muni ástandið versna og að kostnaður hvers heimilis muni hækka um 50% til ársins 2030.


Þung umferð á bandarískri hraðbraut.

**Verst í Kaliforníu**

Mestar umferðartafir eru í Kaliforníuríki og nemur kostnaðurinn við þær fimmtungi af öll kostnaðinum í landinu. Þar situr meðalmaðurinn 65 klukkutíma á ári fastur í umferðinni og víst er að á meðan skapa íbúar þar ekki mikið virði, heldur versnar skap þeirra aðeins á meðan.

Þegar talað er um kostnað af umferðarteppum er átt við þann viðbótareldsneytiskostnað sem af því hlýst, tapaðar vinnustundir og hækkað vöruverð sem einnig hlýst af teppunum. Auk þessa stafar mikil mengun af slíkum teppum og kostnaðarsamar aðgerðir sem hið opinbera stendur straum af bætast við. Það er stofnunin Centre for Economics and Business Research sem reiknað hefur út þennan kostnað í Bandaríkjunum.

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Sími 512 5457

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

NÝR MITSUBISHI **OUTLANDER PHEV**

VIÐ FÖGNUM
35
ÁRUM MEÐ ÍSLENDINGUM

# ÉG MAN VARLA LENGUR HVERNIG BENSÍNDÆLA LÍTUR ÚT



**Mitsubishi Outlander PHEV** er fyrsti fullvaxni rafknúni fjórhjóladrifsbíllinn sem knúinn er íslenskri orku og bensíni; þitt er valið. Hann er tvíorkubíll svo að þú stingur bara í samband og sparar bensínið til betri tíma. Ef þú vilt vernda umhverfið, hvíla veskið eða fá þér öruggan fjórhjóladrifinn fjölskyldubíl er Outlander málið.

**Mitsubishi Outlander**
PHEV (Plug-in Hybrid)
**6.690.000 kr.**

**Mitsubishi Outlander**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:
**5.290.000 kr.**

TIL AFHENDINGAR STRAX!

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

Búnaður í Outlander PHEV: 18” álfelgur, aðgerðastýri, upplýsingaskjár í mælaborði með bakkmyndavél, USB tengi og handfrjáls símabúnaður, hraðastillir með fjarlægðarskynjara, árekstravörn, akreinavari, tvískipt tölvustýrð miðstöð, upphituð framsæti, upphituð framrúða, AM/FM útvarp, CD/MP3 spilari, rafdrifnir og upphitaðir útispeglar með stefnuljósum, vindskeið að aftan með LED lýsingu, þokuljós að framan með beygjuljósum, regnskynjari á rúðuþurrkum, sjö öryggispúðar, skyggt gler í hliðar- og afturrúðu, svartir langbogar á þaki, þvottasprautur á aðalljósum, dagljósabúnaður.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



Hyundai Sonata hefur selst illa á lykilmörkuðum.

# 29% lækkun hagnaðar hjá Hyundai

Það gengur ekkert allt of vel hjá suður-kóreska bílaframleiðandanum Hyundai en hagnaður hans minnkaði um 29% á þriðja fjórðungi ársins. Það er bæði hátt gengi s-kóreska wonsins og dræm sala bíla Hyundai sem skýrir þessa niðurstöðu. Hagnaðurinn nam þó 173 milljörðum króna, en spáð hafði verið 204 milljarða hagnaði. Hlutabréf í Hyundai hafa lækkað um 32% á þessu ári og er það mesta lækkun nokkurs af stóru bílaframleiðendunum á árinu. Gengi wonsins hefur ekki verið skráð hærra gagnvart dollar á þriðja fjórðungi ársins í ár síðan árið 2008.

Búist er áfram við sterku gengi wonsins út árið og útlitið því ekkert of bjart fyrir Hyundai. Mjög hefur dregið úr söluaukningu Hyundai, bæði heima fyrir og á hinum mikilvæga markaði í Bandaríkjunum, og er þar helst dræmri sölu á lykilbílnum Sonata um að kenna. Hyundai þurfti að glíma við verkföll starfsmanna heima fyrir og á það einnig þátt í þessu gengi nú, þrátt fyrir að verkföll hafi haft enn meiri áhrif fyrir ári.

# Porsche leigir Sixtusarkapelluna

Sixtusarkapellan í Páfagarði hefur aldrei verið leigð út og er Porsche fyrsta fyrirtækið sem það gerir.

Porsche ætlar að bjóða 40 gestum fyrir 5.000 evra aðgangseyri á mann að hlusta þar á klassíska tónlist, halda þar himneska matarveislu og leyfa þeim í leiðinni að njóta listaverka Michelangelos og Raphaels. Það er Porsche Travel Club sem stendur að þessum viðburði.

Núverandi páfi vill leyfa svona viðburði í kapellunni og láta ágóðann renna til góðgerðarstarfs fyrir fátæka og heimilislausa. Þegar hann var kjörinn kallaði hann eftir breyttri stefnu kirkjunnar og að hún ætti að styðja við fólk sem ætti í vanda og er þetta ein birtingarmynd þess. Þess má geta að páfinn býr



Úr Sixtusarkapellunni.

sjálfur í lítilli íbúð án alls íburðar, ólíkt forverum sínum.

Porsche vill ekki gefa það upp hverjir verði viðstaddir þennan menningarviðburð en er stolt af framlagi sínu til þeirra minna megandi. Á hverju ári heimsækja um 6 milljónir manns Sixtusarkapelluna.

Hljómleikar hafa áður verið haldnir í kirkjunni en þeir hafa hingað til verið haldnir í tengslum við kirkjulegt starf þar.

# Öflugri BMW i8 yfir 500 hestöflin

Tvinnbíllinn BMW i8 er 357 hestöfl og ári sprækur bíll sem fer sprettinn í hundraðið á 4,1 sekúndu. Engu að síður ætlar BMW að hefja framleiðslu á BMW i8S-útgáfu bílsins sem verður yfir 500 hestöfl.

Líklega verða framleiddar tvær gerðir, önnur með 320 hestafla brunavél og 204 hestafla rafmótorum, eða samtals 524 hestöfl. Hin gerðin væri þó öflugri, með 480 hestafla brunavél og 109 hestafla rafmótorum, eða samtals 589 hestöfl. Þessar gerðir i8 færu nær því að skreppa að hundrað kílómetra hraða á 3 sekúndum, enda myndu þær fá breiðari dekk og undirvagn úr koltrefjum.

Með þessum gerðum er i8 orðinn ógnarkröftugur sportbíll enda er útlit hans í þá veruna. BMW hyggst hrinda þessu í framkvæmd í tilefni 100 ára afmælis fyrirtækisins árið 2016 og koma þessar gerðir i8 á markað á því ári.

Það er ekki M-deild BMW sem sjá mun um þessar breytingar, heldur er það i-deild fyrirtækisins sem hefur með smíði rafmagnsbíla og tvinnbíla BMW að gera.

Eitthvað hefur þetta örugglega líka að gera með það að yfirmaður þeirrar deildar er fyrrverandi starfsmaður Ferrari.





Panamera.

# VIÐHAFNARÚTGÁFA PORSCHE PANAMERA

## Porsche Exclusive Factory er deild innan Porsche sem smíðar sérútbúna Porsche-bíla.

Porsche mun kynna þessa viðhafnarútgáfu Panamera bílsins, sem aðeins verður framleiddur í 100 eintökum, á bílasýningunni í Los Angeles sem hefst nú í mánuðinum. Þar fer enginn letingi því hann verður með 570 hestafla vél, enda er þessi bíll byggður á Panamera Turbo S. Hann er af lengri gerð Panamera og því er aftursætisrýmið af stærri gerðinni. Bíllinn fær sérstaka tveggja lita sprautun þar sem svartur litur rennur út í heslihnetubrúnan. Allir bílarnir eru handsprautaðir. Að innan er glæsileikinn meiri heldur en áður hefur sést í Panamera og eðalleðrið sem notað er í bílnum er í sama lit og heslihnetubrúni liturinn að utan.

### Smíðaður af Porsche Exclusive factory

Aftursætisfarþegar geta notið margmiðlunarkerfis með 10,1 tommu stórum skjáum sem festir eru aftan á framsætin. Er í þeim innbyggt DVD-drif og skjárinn er snertiskjár. Á honum má einnig fara á netið. Hver bíll er merktur frá 1-100. Það er sérstök deild innan fyrirtækisins, Porsche Exclusive Factory, sem sér um smíði bílsins. Þessi deild hefur verið starfrækt frá árinu 1986 en þar er kappkostað að bjóða það allra flottasta sem nútíminn getur boðið hverju sinni. Með bílnum fæst sérhannað 5 hluta stórglæsilegt ferðatöskusett sem saumað er úr sama leðri og sætin í bílnum. Þessi lúxus allur er alls ekki gefins því bíllinn mun kosta litlar 249.877 evrur, eða 39 milljónir. Aðeins verða framleiddir bílar með stýrið vinstra megin svo ríkir Bretar gráta sig í svefn eftir lesturinn um bílinn góða. Þrátt fyrir allt afl bílsins eyðir hann aðeins 6,4-10,1 lítra bensíns, eftir því hvort honum er ekið innanbæjar eða á utan, en meðaleyðslan er uppgefin 7,9 lítrar og mengunin er 245 g/km.



MRJ stendur fyrir Mitsubishi Regional Jet

# Mitsubishi í flugvélabransann

Japanska fyrirtækið Mitsubishi framleiðir mun fleira en bíla og reyndar er bílaframleiðslan aðeins lítill hluti af framleiðslu þessa risafyrirtækis.

Nýjasta afurð þess er flugvél sem ætluð er til hefðbundinna farþegaflutninga, en vélin getur tekið 70 til 90 farþega. Smíði hennar er talsvert á eftir áætlun, en meiningin var að markaðssetja hana fyrir fjórum árum.

Flugvélin heitir MRJ og stendur það fyrir Mitsubishi Regional Jet og eins og nafnið bendir til er hún ætluð til farþegaflutninga í innanlandsflugi. Hún er 20% eyðslugrennri en aðrar flugvélar af þessari stærð. Vélin er með tveimur Pratt & Whitney-þotuhreyflum með forþjöppum sem skila 17.600 punda þrýstingi.

### Ráðgera sölu á 5.000 vélum

Mitsubishi ætlar að selja 5.000 svona vélar á næstu 20 árum, svo það eru ekki litlar áætlanir sem fyrirtækið hefur með smíði vélarinnar. Japanar eru ekki þekktir fyrir smíði flugvéla og síðast voru framleiddar farþegavélar þar fyrir 40 árum, en á árunum 1962 til 1974 voru smíðaðar þar NAMC YS-1-vélar sem leystu af hólmi hægfleygar DC-3 vélar sem lengi vel höfðu þjónað farþegaflutningum í Japan.

Drægni nýju vélarinnar er 1.780 sjómílur. Það kostaði Mitsubishi 200 milljarða króna að þróa þessa vél og er hún tæknilega mjög vel búin.

Borist hafa 407 pantanir í vélina nú þegar, eða um 8% af áætlaðri næstu 20 ára smíði hennar.




KIA
The Power to Surprise

Kia Sorento er einhver áhugaverðasti og hagkvæmasti kosturinn í jeppakaupum. Vel búinn, öflugur og til í allt, snjór og hálka engin fyrirstaða. Að sjálfsögðu er **7 ára ábyrgð á nýjum Kia Sorento,** svo hún gildir til ársins 2021.

## Nokkrir kostir Kia Sorento:

- **197 hestafla dísilvél, eyðir frá 6,7 l/100 km**
- **Sex þrepa sjálfskipting**
- **LED-ljós að framan**
- **Frábærir akstureiginleikar**
- **Fáanlegur með bakkmyndavél**
- **Mjög rúmgóður**
- **Fáanlegur sjö sæta**

## Komdu og reynsluaktu, tökum vel á móti þér.

Sorento Classic 2,2 dísil

**Verð frá 7.290.777 kr.**

Lykill

Askja í samstarfi við Lykil gerir þér kleift að eignast nýjan Kia á auðveldan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að 7 ára. Þú velur bílinn og sölumenn Öskju sjá um að ganga frá láninu.

Afborgun 88.777 kr. á mánuði m.v. 2.000.000 kr. útborgun og bílalán frá Lykli í 84 mánuði. 8,95% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,75%. Nánar á lykill.is.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.


Tesla Model S fyrir utan höfuðstöðvar Tesla.

# Toyota selur hlutabréf í Tesla

Fyrir stuttu seldi Daimler öll hlutabréf sín í Tesla sem námu 4% af eignarhaldi í rafbílaframleiðandanum í Kaliforníu. Nú hefur Toyota fylgt í kjölfar Daimler, en ekki er þó ljóst hvort Toyota hefur selt öll sín bréf sem námu 2,5% í félaginu. Góð ávöxtun hefur verið á bréfum Toyota þar sem þau voru keypt árið 2010 á genginu 17 en skráð gengi þeirra nú er 235,3. Það þýðir 1.385% ávöxtun þeirra og ekki hægt að kvarta yfir því. Tesla hefur útvegað Toyota rafhlöður í RAV4-bíl Toyota, en Toyota ætlar að hætta að kaupa rafhlöður af Tesla í lok þessa árs. Toyota hefur aðeins selt 2.000 eintök af rafbílsútgáfu RAV4 og líklegt er að bíllinn verði tekinn úr sölu. Haft er eftir forstjóra Tesla, Elon Musk, að nýr samningur við Toyota gæti orðið að möguleika innan tveggja til þriggja ára.

# Formúlu 1-bílar 9 sekúndum seinni en fyrir 10 árum

Strangar reglur um sprengirými, dekk, loftflæði bílanna og aðstoðarkerfi í Formúlu 1-bílum hefur gert þá mun hægskreiðari en fyrir 10 árum. Þegar samanburður er gerður á tíma bílanna árið 2004 og á yfirstandandi tímabili kemur í ljós að miklu munar. Formúlu 1-bíll fór hringinn í Sepang-brautinni á 1:34,223 árið 2004 en á 1:43,066 í ár. Þar munar um níu sekúndum. Í ástralska kappakstrinum náðist 1:24,125 mínútna tími árið 2004 en aðeins 1:32,478 í ár og munar þar 8 sekúndum. Munurinn er minni í Mónakókappakstrinum en þar fór sneggsti bíll hringinn á 1:14,439 árið 2004 en á 1:18,479 í ár. Þar munar því aðeins fjórum sekúndum. Keppnisbíll Ferrari árið 2004 var með 10 strokka vél og drottnaði sá bíll yfir keppnistímabilinu þá. Nú eru Formúlu 1-bílar með sex strokka vélar og ná mest 800 hestöflum úr þeim, en enginn séns er að ná sambærilegum tímum með þeim og með stóru vélunum fyrir tíu árum. Finnst mörgum þetta súrt og að regluverk keppninnar sé of strangt.


Ferrari 348 TS til sölu á 30.500 dollara.

# Þessi Ferrari fæst á 3,7 milljónir

Þegar bíláhugamenn huga að kaupum á skemmtilegum bílum er eðlilegt að velta fyrir sér hvort kaupa á meðaldýran fjölskyldubíl eða jafnvel notaðan Ferrari á svipuðu verði. Er það smekkur hver og eins sem ræður þar ferð.

Þessi Ferrari 348 TS fæst nú í Bandaríkjunum á 30.500 dollara, eða um 3,7 milljónir króna. Fyrir það fæst tiltölulega hefðbundinn fjölskyldubíll, eða til dæmis þessi safngripur sem vafalaust mun ekki lækka mikið í verði á næstu árum, en hugsanlega hækka frekar. Þessi Ferrari 348 TS af árgerð 1991 er með 3,4 lítra V8-vél og 5 gíra beinskiptingu og er ekinn 129 þúsund kílómetra.

Hann er einstaklega vel með farinn og eigandinn getur látið alla þjónustusögu hans fylgja með.


Mercedes Benz C-Class

# BLÚSSANDI HAGNAÐUR HJÁ MERCEDES BENZ

## Besti sölumánuður Mercedes Benz frá upphafi var í september nýliðnum. Hagnaður nam 424 milljörðum.

Daimler, móðurfyrirtæki Mercedes Benz, hefur tilkynnt um 21% hagnaðaraukningu á þriðja fjórðungi þessa árs og á tvöföldun á sölu flaggskipsins S-Class stóran þátt í þessari velgengni nú. Hagnaður nam 424 milljörðum króna en var 349 milljarðar í fyrra. Besti sölumánuður Mercedes Benz frá upphafi var í september nýliðnum. Mercedes Benz kynnti nýjan AMG GT-sportbíl á bílasýningunni í París á dögunum, sem og rándýrar gerðir Pullman-útfærslu S-Class bílsins, en mikill hagnaður er af sölu slíkra bíla. Þá hefur bílaflóra Mercedes Benz af ódýrari gerðum vaxið stórum að undanförnu og farnast þeim flestum vel, ekki síst GLA-jepplingnum. Mercedes Benz vex nú hraðar en bæði BMW og Audi og hefur það markmið að verða orðið söluhærra en bæði fyrirtækin við lok þessa áratugar.

### Trukkadeildin, Smart og Rolls Royce gengur einnig vel

Inni í hagnaðartölum Daimler er framleiðsla Rolls Royce-bíla og skilaði breski bílaframleiðandinn góðum hagnaði á þriðja ársfjórðungi. Trukkadeild Mercedes Benz gekk einnig vel og skilaði 17% hagnaðaraukningu á tímabilinu og á gott gengi í Bandaríkjunum þar stærstan þátt. Trukkadeild Mercedes Benz er sú stærsta í heiminum. Daimler hagnaðist um 1.235 milljarða króna á síðasta ári en mun auka mjög við þann hagnað á þessu ári. Stefnt er að 10% hagnaði af veltu á árinu. Sala Mercedes Benz-bíla hefur vaxið um 13% á þessu ári og hefur fyrirtækið þegar selt 1,2 milljónir bíla. Sala Smart-bíla og Sprinter-sendibíla hefur einnig verið með ágætum og eru þegar seldir 233.000 slíkir á árinu.


Opel Corsa

# OPEL CORSA RÝKUR ÚT

## Opel kynnir fimmtu kynslóð Opel Corsa innan skamms. Þegar hafa borist 30.000 pantanir.

Stutt er í að Opel kynni fimmtu kynslóð smábílsins Opel Corsa og er ekki hægt að segja annað en að honum sé strax vel tekið. Borist hafa nú þegar einar 30.000 pantanir í bílinn en það var fyrst í ágúst sem kaupendum bauðst að leggja inn pantanir. Hönnun bílsins, hversu hlaðinn hann er tækninýjungum og gott verð virðist falla vel í kramið hjá kaupendum og er það vel fyrir Opel þar sem þessi bílgerð er mjög mikilvæg fyrir sölu Opel-fyrirtækisins. Opel hefur uppi áform um stóraukna sölu á næstu árum og það gæti greinilega gengið eftir miðað við þessar móttökur.

### Kom fyrst á markað fyrir 32 árum

Opel Corsa kom fyrst á markað árið 1982 og hefur alls selst í 12,4 milljónum eintaka og seldist fjórða og síðasta kynslóð Corsa í yfir 3 milljónum eintaka. Fram til ársins 2018 mun Opel kynna eina 27 nýja bíla og 17 nýjar vélargerðir. Á næsta ári mun Opel til dæmis kynna smábíl sem fá mun nafnið Opel Karl, en hann verður markaðssettur undir nafninu Vauxhall Viva, en margir Íslendingar þekkja til þess bíls frá því á árum áður og seldist hann ágætlega hérlendis á tímabili. Þessi nýi bíll mun þó eiga fátt sameiginlegt með þeim gamla bíl.

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET







# 10% ÚTBORGUN

## Chevrolet Trax LT Turbo

## Útborgun: 439.000 kr.*

*Chevrolet Trax LT 1.4 Turbo bensín ssk.: **Verð 4.390.000 kr.**
Útborgun: 439.000 kr. | Lánshlutfall 90% | Lánsfjárhæð: 3.951.000 kr.




Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Chevrolet á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu.

Lykill

Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum




BMW

2,0 L DÍSILVÉL, 150 HESTÖFL
Framhjóladrif

Eyðsla 4,1 l/100 km í bl. akstri
Mengun 109 g/km CO2

Hröðun 8,9 sek.
Hámarkshraði 210 km/klst.
Verð 4.990.000 kr.
Umboð BL



# FJÖLNOTABÍLL MEÐ MÖGNUÐ AKSTURSGÆÐI

Hér er kominn fyrsti laglegi fjölnotabíllinn og með hreinræktaða akstursseiginleika BMW-bíla.

**BMW 2 ACTIVE TOURER**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Það var með örlitlum beyg sem haldið var til Austurríkis til að prófa nýjustu afurð þýska lúxusbílaframleiðandans BMW og var óttinn bundinn því að nú gæti BMW verið að feta slóðir sem ekki hæfði merki fyrirtækisins. Meiningin var að reynsluaka fjölnotabíl (MPV) sem ber nafnið BMW 2 Active Tourer. Sá ótti reyndist þó óþarfur, en þetta var líka í fyrsta skipti sem greinarritari hefur prófað skemmtilegan fjölnotabíll sem enn fremur er með frábæra aksturseiginleika. Ekki voru margir BMW-aðdáendur sem stukku hæð sína af kæti þegar það spurðist út að fyrirtækið ætlaði að framleiða fjölnotabíl, sem stundum hafa verið kallaðir strumpastrætóar. Auk þess er hann framhjóladrifinn, sem flokkast undir helgispjöll þegar BMW-bílar eru annars vegar. Einhvern tíma stóð á fyrstu blaðsíðu rétttrúnaðarrits þróunardeildar BMW: „Hér eru smíðaðir bílar með afturhjóladrifi eða fjórhjóladrifi.“ Frá því hefur nú verið vikið, en einhvern veginn í áranum tekst BMW hér samt að smíða bíl sem hefur hin sönnu BMW-gen, þ.e.a.s. er frábær akstursbíll. Það er í sjálfu sér merkilegt að þessi framleiðandi skemmtilegra sportlegra bíla skuli blanda sér í baráttuna um sölu fjölnotabíla. Er það þó helst til marks um það kapphlaup þýsku lúxusbílaframleiðendanna að selja sem mest og þá er enginn flokkur bíla svo vanhelgur að þar megi ekki taka þátt.

### Fríðasti fjölnotabíllinn til þessa

Fyrst að útliti bílsins. Það hefur engum bílaframleiðanda tekist að teikna fallegan fjölnotabíl. Nauðsynleg þakhæð þeirra og hlutföll leyfa bara ekki slíkt, en hér er þó komin besta tilraunin til þessa. Það liggur við að bíllinn sé fallegur og víst er að hann nær merkilega vel BMW-útliti. Einkum á það við framenda bílsins sem hallar bratt niður og sé horft framan á bílinn gæti þar farið hver annar fagur BMW-bíll. Að aftan sést berlega hve hár hann er, lítil afturrúðan ljær honum sportlegan svip en skerðir þó útsýnið úr baksýnisspegli. Bíllinn er merkilega laglegur frá hlið og gera frekar brattar framhallandi línur mikið fyrir hann.

### Stórbrotin innrétting

Þegar inn í bílinn er komið færist bros yfir andlit áhorfandans, en þar blasir við hreinræktuð feg-



urð og ekki í neinu samræmi við aðra fjölnotabíla. Hann er íburðarmikill, stílhreinn og svo vel er vandað í efnisvali að leitun er að öðru eins. Í sannleika sagt var greinarritari steinhissa á flottheitunum og í ljósi þess verðs sem á bílnum verður, þ.e. um 5 milljónir króna, er þetta nánast úr takti. Ljós leðurklæðning með rauðum saumi er eitthvað sem menn eiga ekki að venjast í fjölnotabílum, en í þessum var gott að vera. „Head-up-display“ er einnig óþekkt í svona bíl, þ.e. helstu upplýsingum er varpað upp á framrúðuna, frábær búnaður þar og ein skemmtilegasta tækninýjungin sem finna má í nýjum bílum. Hér er vart byrjað að telja upp allan þann tæknibúnað sem í bílnum er, enda allt of löng upptalning.

### Mögnuð akstursgæði af svona bílgerð

Ótti undirritaðs sneri ekki helst að útliti bílsins, heldur aksturseiginleikum hans, en fjölnotabílar hafa ekki skorað hátt þar hingað til. Ekki hafði verið ekið lengi þegar brunað var brosandi hringinn eftir austurrísku fjallavegunum í nágrenni Sölden-skíðasvæðisins. Fagurt útsýnið var í beinu samræmi við akstursgetu bílsins og alveg var sama hversu reynt var á bílinn í mýmörg-



- Ytra fjölnotabílsútlit

- Akstursegeinleikar
- Aflmikil vél
- Innrétting

um kröppum beygjunum, ekki vildi hann haggast á vegi. Kom þetta gríðarlega á óvart og það takmarkaðist eingöngu við hræðslu ökumanns að finna ekki endanleg takmörk bílsins, en þær þyrftu að vera æði geðveikislegar. Þarna er því kominn enn einn gæðaakstursbíllinn frá BMW, þrátt fyrir að vera framhjóladrifinn fjölnotabíll. Þeir eru jú snillingar að smíða góða akstursbíla hjá BMW, enda með slagorðið „The Ultimate Driving Machine“. Vélbúnaðurinn sem býðst í upphafi er 150 hestafla og 2,0 lítra dísilvél í 218d og 228 hestafla 2,0 lítra bensínvél í 225i með 8 gíra sjálfskiptingu. Báðir eru bílarnir öflugir, en eðlilega er 228 hestafla bíllinn sá sem nær breiðara brosi ökumanna. Hann er í raun dálítil spíttkerra sem ferlega gaman er að leika sér á. BMW mun síðar bjóða mun fleiri vélargerðir í þennan bíl. Eitt vakti sérstaklega athygli við akstur aflmeiri bílsins en það var hversu hljóðlátur hann er með öll sín öskrandi hestöfl. Fyrir vikið var oft vanmetið hve fast var stigið með bensínfætinum og hraðinn orðinn mikill að sama skapi.

### Verðið ætti ekki að hræða neinn

Fjölnotabílar hafa hingað til ekki verið til í lúxusbílaflokki. Því markar þess bíll nokkur þáttaskil, en góð sala allra þýsku lúxusbílaframleiðendanna, sama í hvaða flokki er, sýnir best þá vaxandi eftirspurn sem eftir lúxusbílum er í dag. Það að bílar séu lúxusbílar með frekar öflugar vélar þarf ekki lengur að þýða að þeir eyði miklu eldsneyti. Uppgefin eyðsla dísilbílsins er 4,1 lítri og fáir bílar gera betur þó smærri séu. Bensínbíllinn er enginn hákur heldur og sýndi afar lágar tölur í reynsluakstrinum. Einn alstærsti kosturinn við BMW 2 Active Tourer er þó verðið, en í ódýrustu útfærslu 218d-bílsins nær það ekki fimm milljónum króna og fá kaupendur þar mikið fyrir aurinn.



Fjölnotabílar hafa hingað til ekki verið til í lúxusbílaflokki. Því markar þessi bíll nokkur þáttaskil, en góð sala allra þýsku lúxusbílaframleiðendanna, sama í hvaða flokki sem er, sýnir best þá vaxandi eftirspurn sem eftir lúxusbílum er í dag.






# NOTAÐIR BÍLAR



**PORSCHE Cayenne.**
Skr. 07.2005, ekinn 117 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, dráttarbeisli o.fl.
**Verð 2.980.000.** Rnr.100319.



**KIA Sportage EX.**
Skr. 04.2012, ekinn 86 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.480.000.** Rnr.100485.



**SUZUKI Grand Vitara Sport.**
Skr. 09.2005, ekinn 156 Þ.KM, bensín, 5 gírar, upphækkaður, dráttarbeisli.
**Verð 1.380.000.** Rnr.100717.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**
03.2010, ekinn 118 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli.
**Verð 2.930.000.** Rnr.100766.



**SUZUKI Kizashi AWD.**
Skr. 01.2013, ekinn 26 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga o.fl.
**Verð 4.780.000.** Rnr.100670.



**SUZUKI SX4 GLX.**
Skr. 06.2013, ekinn 40 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 3.090.000.** Rnr.100686.

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

# OPEL Á SIGLINGU

**Höfuðstöðvar Opel í Rüsselsheim heimsóttar og öllum bílgerðum þeirra reynsluekið.**




Fyrir skömmu hóf Bílabúð Benna sölu á Opel-bílum en áður höfðu bílar þessa þýska bílaframleiðenda verið í höndum BL. Það er ekki á hverjum degi sem bílamerki skipta um umboð hér á landi og í tilefni skiptanna var íslenskum bílablaðamönnum boðið í heimsókn til höfuðstöðva Opel í Rüsselsheim í nágrenni Frankfurt. Þar fengu blaðamenn að kynna sér þetta rótgróna fyrirtæki og reynsluaka öllum bílgerðum Opel.

**Opel stofnað 1862 og framleiddi saumavélar**

Saga Opel nær allt aftur til ársins 1862, en þá hóf stofnandi þess, Adam Opel að framleiða saumavélar í gamalli hlöðu í Rüsselsheim. Þær þóttu frábærlega úr garði gerðir og fyrirtækið óx hratt og það flutti úr hlöðunni í stærra og betra húsnæði árið 1888. Tveimur árum áður hóf Adam Opel tilraunaframleiðslu á reiðhjólum og sú framleiðsla gekk jafn vel og við fráfall Adam var Opel stærsti framleiðandinn á bæði saumavélum og reiðhjólum í Þýskalandi. Synir hans tóku við framleiðslunni og fyrsti bíllinn sem þeir framleiddu í samstarfi við Friedrich Lutzmann kom fram árið 1899. Fyrsti bíllinn sem hannaður var og smíðaður eingöngu af Opel kom fram árið 1902 á bílasýningu í Hamborg. Fjöldaframleiðsla á honum hófst þó ekki fyrr en árið 1906. Bílar Opel voru talsvert ódýrari en bílar keppinautanna og seldust vel. Árið 1911 brann bílaverksmiðja Opel en reist var ný og enn þá stærri verksmiðja og búin meiri tækni en áður hafði sést í bílaverksmiðjum í Þýskalandi. Strax árið 1914 var Opel orðinn stærsti bílaframleiðandi í Þýskalandi.

**Sala og markaðshlutdeild Opel aukist**

Opel merkið er á mikilli uppleið í Evrópu, sala og markaðshlutdeild hefur aukist, bílar Opel hafa komist nær öðrum þýskum lúxusbílaframleiðendum. Opel-bílar hafa á undanförnum misserum sópað til sín hönnunar- og gæðaverðlaunum og öllum nýjustu bílum Opel hefur verið gríðarvel tekið bæði af kaupendum bíla og þeim sem um bíla fjalla. Opel-menn vinna nú eftir plani sem þeir nefna „The Opel Comeback“ og þar virðast þeir á réttri leið ef marka má síðustu sölutölur. Opel seldi um 1.050.000 bíla í fyrra og sú tala verður nokkru hærri í ár. „The Opel Comeback“ virðist einnig eiga ágætlega við hér á landi þar sem Bílabúð Benna hefur tekið við söluumboði Opel á Íslandi af BL. Opel hefur að undanförnu aukið við markaðshlutdeild bíla sinna í Evrópu og er nú með tæplega 6% hlutdeild, eftir að hafa tapað nokkurri hlutdeild á árunum fyrir nýjan uppgang fyrirtækisins. Stefna Opel er hins vegar að ná 8% hlutdeild í Evrópu árið 2020.

**Koma sífellt betur út í gæðakönnunum**

Opel hefur að undanförnu tekist að færa merkið hratt upp gæðaskalann og nálgast önnur lúxusbílamerki Þýskalands. Að þeirra sögn selur Opel bíla nú ekki út á merkið, heldur vegna gæða bílanna. Lögð hefur verið höfuðáhersla á gæðin og fallega hönnun. Opel-bílar koma sífellt betur út í gæðakönnunum og það hefur leitt til aukinnar sölu. Það kemur því kannski ekki á óvart að Opel mun fjárfesta fyrir fjóra milljarða evra fram til ársins 2016 í þróun nýrra bílgerða. Þar er áherslan sem stendur, ekki á magn bíla.

**Hönnunardeildin opnuð fyrir blaðamönnum**

Í heimsókninni í höfuðstöðvar Opel voru dyrnar galopnaðar fyrir blaðamönnum í hönnunardeild Opel og er það nánast einsdæmi þar sem þar er allajafna sköpuð framtíð Opel-merkisins sem fyrirtækinu er annt um að spyrjist ekki út of snemma. Heppnin var með okkur blaðamönnum frá Íslandi því verið var að halda upp á 50 ára afmæli hönnunardeildarinnar og dyrnar því opnaðar. Þar gafst okkur færi á því að komast inn að skinni á því hæfileikafólki sem þar starfar. Þar fengu blaðamenn að sjá aðeins inn í framtíðina í hönnun Opel-bíla og í deildinni var fullvaxið eintak af tilraunabílnum Opel Monza sem vakið hefur gríðarlega athygli á bílasýningum fyrir hrikalega flott útlit. Á einni hæðinni hafði verið komið fyrir frægum eldri gerðum Opel-bíla, m.a. Opel GT frá 1963 og var hönnuður hans á staðnum, ríflega 90 ára heldri maður sem gaman var að tala við. Þarna sást glögglega hve stóran hlut Opel á í bílasögu heimsins og hvers er að vænta frá Opel í framtíðinni.

**Gömlum Opel-bílum ekið**

Fyrir utan hönnunardeildina, sem reyndar er í risastóru aðskildu húsi, stóðu fjölmargar eldri gerðir Opel bíla og gat fátt nú glatt blaðamenn meira en að leyfast að prófa þá alla. Fékk þá hver bíllinn á fætur öðrum að finna fyrir bensínfætinum og það aldeilis ekki á leiðinlegum bílum, heldur mörgum þeirra algerum skruggukerrum. Það var allt frá keppnisbílnum „Svörtu ekkjunni“ til eldgamalla og virðulegra Opel-bíla. Einna skemmtilegast var að aka Opel Speedster Turbo sem er hrikalega lág og lítil spyrnukerra. Svo mikið afl var í bílnum að gæsahúðin ætlaði aldrei af. Engu að síður er þessi bíll kominn til ára sinna. Það vakti athygli vegfarenda í Rüsselsheim þegar ekið var um göturnar á eldgömlum blæjubílum, svo virðulegum að engu var líkara en að þar færi aðallinn.

**Allar nýjar bílgerðir Opel reyndar**

Í Rüsselsheim fengu blaðamenn að reyna allar framleiðslugerðir fólksbíla Opel og þar sannaðist að þar fara gæðabílar. Nýir og spennandi bílar eins og Opel Adam og jepplingurinn Mokka reyndust afar skemmtilegir; Adam afar fallegur smábíll sem hrikalega gaman var að aka í borgarumferðinni og litli jepplingurinn Mokka bæði lipur í borgarumferð og fær um að fara ótroðnari slóðir. Báðir þessir bílar koma nú til landsins fyrsta sinni þrátt fyrir að hafa verið á markaði á meginlandi Evrópu í rúmt ár í tilviki Adam og tvö ár í tilviki Mokka. Opel Adam er einn fallegasti smábíll sem fáanlegur er og brátt munu koma tvær nýjar gerðir bílsins, Adam S með 150 hestafla vél og Adam Rocks sem stendur hærra á vegi og búinn til að takast á við meiri vegleysur en hefðbundin gerð Adam.

**Vel heppnaður Opel Insignia**

Opel Insignia, sem selst hefur eins og heitar lummur í Evrópu, er enn einn ágætra bíla frá Opel og ekki skemmdi fyrir að fá að reyna OPC-gerð hans með 325 hestafla vél. Þar er á ferð ein skemmtilegasta skruggukerra sem frá















Þýskalandi kemur. Auk þess að vera ofuröflugur er hann einstaklega fallegur bíll sem sankað hefur að sér verðlaunum fyrir útlit og gæði. Hann er að auki mjög rúmgóður og heppilegur til ferðalaga.

Greinarritari hefur einnig reynslu af aflminni dísilútgáfu bílsins eftir að hafa tvisvar leigt slíkan bíl af bílaleigum. Var lítið mál að koma fjögurra manna fjölskyldu fyrir á leið á skíði með allan skíðabúnað og fór einkar vel um alla þrátt fyrir mikinn farangur. Einnig er minnisstæður 730 km akstur til Ítalíu á slíkum bíl sem tekinn var í einum rykk frá München og var merkilegt hvað farþegar voru lítið þreyttir á áfangastað og þessi stóri bíll eyddi rétt um sex lítrum á hverja 100 kílómetra á þeirri leið þrátt fyrir líflegan akstur.

## Alls 8 fólksbílar og 3 gerðir sendibíla

Fleiri fólksbílgerðir en Adam, Mokka og Insignia verða til sölu hjá Bílabúð Benna. Nýjar kynslóðir af Corsa, Astra, Meriva og Zafira, auk rafmagnsbílsins Ampera, munu standa íslenskum kaupendum til boða. Allir voru þessir bílar reyndir í Rüsselsheim og allir áttu þeir það sameiginlegt að koma skemmtilega á óvart og virtust allir góð smíð. Zafira er nú gerbreyttur frá fyrri gerð, notkunarmöguleikar hans nánast endalausir og er hann nú sjö manna. Hann er með liprari bílum þessarar gerðar.

## Corsa og Astra nú gerbreyttir bílar

Minni bílarnir Corsa og Astra reyndust frábærir í akstri og himinn og haf frá þeim bílum sömu gerða sem seldust í skipsförmum hér á árum áður, þeir eru nú af allt öðrum gæðum og akstursreynslan eftir því. Einnig verða í boði þrjár gerðir sendibíla af misjafnri stærð. Þeir heita Combo, Vivaro og Movano og sá síðastnefndi stærstur og sá fyrstnefndi minnstur. Þessa sendibíla hefur Opel þróað í samstarfi við Fiat og Renault og því hefur verið hægt að leggja meira í þróun þeirra fyrir vikið og útkoman betri bílar. Það reyndist alls ekki leiðinlegt að hendast á milli allra þessara bílgerða Opel við höfuðstöðvarnar og voru sprettir teknir á þeim öllum á sveitavegum, hraðbrautum og í borgarumferðinni í Rüsselsheim. Líklega hefur undirritaður aldrei ekið eins mörgum bílum frá sama merki á jafn skömmum tíma en blaðamenn höfðu hálfan dag til verksins.

## Nýr Opel sýningarsalur

Í tilefni þess að Bílabúð Benna hefur tekið við söluumboði Opel bíla hefur sýningarsalnum á Tangarhöfða verið breytt fyrir sölu Opel-bíla. Þar má nú sjá allar gerðir Opel-bíla sem seldar eru hér á landi og þar getur fólk komið í reynsluakstur á þessum ágætu þýsku bílum og verður að vonum margur hissa að endurnýja kynnin við Opel, sem nú smíðar gæðabíla af þýskri nákvæmni og natni.

**LEXUS NX300H**

2,5 L BENSÍNVÉL
197 HESTÖFL
Fjórhjóladrif

Eyðsla 5,0 l/100 km í bl. akstrii

Mengun 116 g/km $CO^2$
Hröðun 9,2 sek.
Hámarkshraði 180 km/klst.
Verð 8.590.000 kr.
Umboð Lexus á Íslandi

- Lítil millihröðun
- Engin dísilvél

- Hlaðinn búnaði
- Lítil eyðsla
- Íburður í innanrými








# LEXUS NX300H, KANTAÐUR LÚXUS

## Djarflega teiknaður sportjeppi með tvinnaflrás sem höfða á til yngri kaupenda.

**LEXUS NX300H**
Finnur Thorlacius reynsluekur

Nýjasti bíll Lexus, lúxusbíladeildar Toyota er þessi djarflega teiknaði sportjeppi, NX300h. Þar fer tvinnbíll, eins og svo margir bílar Lexus og tvinnaflrás hans virðist afar vel heppnuð ef marka má eyðsluna. Í reynsluakstri sem fram fór nýlega í Vín í Austurríki komu í ljós frábærar eyðslutölur bílsins, en sama var hvernig honum var ekið, aldrei var hægt að láta hann eyða meira en 7 lítrum á hverja hundrað kílómetra og oftast sáust tölur rétt fyrir ofan 6 lítra. Í varlegum akstri mætti vafalaust koma honum undir 5 lítra og væri það magnað fyrir svo stóran bíl, en uppgefin eyðsla er 5 lítrar í blönduðum akstri. Bílnum var ekið um ægifagurt landslag í nágrenni Vínar og farið stutta stund yfir til Ungverjalands. Var skondið að sjá hve bílakostur þar var hrörlegur og meðalaldur bíla þar hækkaði á örskotsstundu um líklega tíu ár. Ekki var verra að koma inn til höfuðborgarinnar aftur því þessi bíll á jafnt heima í borgarakstri sem á torfærari vegum og þar nýtir hann tvinnaflrás sína best.

### Nýir og ferskir vindar í hönnun

Bæði Toyota og Lexus hafa á undanförnum árum verið frekar jarðbundnir í hönnun bíla sinna en nú eru nýir og ferskir taktar farnir að sjást hjá báðum framleiðendum. Þessi kantaði og framúrstefnulega hannaði Lexus NX300h er til vitnis um það og er gaman að sjá bíla sem ekki eru eins og næsti bíll annarra framleiðenda. Öll djörfung í hönnun er góð og fagnar því greinarritari þessum nýja bíl hvað ytri hönnun varðar, þó svo eflaust megi finna gagnrýnendur á þær sterku línur sem um bílinn leika. Að innan er hann eins og allir Lexus-bílar með tilheyrandi íburði, vönduðu efnisvali og flottum frágangi. Þetta þekkja eigendur Lexus-bíla og þeir vita líka að þeir eru það vel smíðaðir að bílarnir endast vel og hafa því gott endursöluverð. Lexus NX300h er mjög hlaðinn nýrri tækni og var til að mynda mikil upplifun að bakka bílnum af nákvæmni með aðstoð 360 gráðu myndavéla sem sýna allt umhverfi hans. Ekið var milli stika sem ekki var lengra á milli en nam breidd bílsins en reynsluökumaður fann fyrir miklu öryggi þrátt fyrir þrengslin. Ein tækninýjungin í bílnum er „head-up-display“ þar sem helstu upplýsingum er varpað upp á framrúðuna svo að ökumaður þurfi ekki að taka augun af veginum við akstur.

### Hlaðinn tækninýjungum og frábært hljóðkerfi

Lexus NX300h er ekki fyrsti sportjeppi fyrirtækisins en Lexus hefur framleitt RX-sportjeppana frá árinu 1998 og þessi nýi bíll er ámóta að stærð og þeir. Þessum bíl er þó ætlað að höfða til yngri kaupenda en RX350- og RX450-bílarnir. Lexus gengur nú mjög vel í Evrópu og hefur aukið söluna um 19% það sem af er árinu. Lexus, sem upphaflega var beint að Bandaríkjamarkaði eingöngu, seldi 43.000 bíla í fyrra í Evrópu og ætlar að selja 100.000 bíla þar árið 2020. Lexus seldi alls 523.000 bíla í fyrra. Lexus NX300h brýtur blað að mörgu leyti í sínum flokki. Hann mengar minnst, eyðir minnst, er best búinn tæknilega, hefur mest fótarými í aftursæti og það á einnig við höfuðrýmið. Farangursrými bílsins er með ágætum eða 555 lítrar. Á milli framsætanna er hólf þar sem leggja má farsímann og þar hleður hann sig þráðlaust, ferlega svalt það. Auk þess er „Hot spot“ í bílnum og því geta farþegar leikið sér með nettengda fartölvu á ferð. Það er greinarritara til efs að betra hljóðkerfi finnist í bíl í þessum flokki. Það er frá Mark Levinson, skartar 14 hátölurum og er hreinlega eins og hljómleikahöll, enda með 835 vatta afl. Hljóðkerfið er búið „Clari-Fi“-búnaði sem hreinsar tónlist sem hlaðið hefur verið niður í þjöppuðu formi og því hljómar tónlist betur en fólk er vant að heyra á þessu formi. Hreinni hljóm í bíl hefur greinarritari ekki heyrt. Bíllinn er búinn nálægðarbremsun sem tekur völdin af bílstjóra ef of nálægt næsta bíl er farið. Hann er einnig með blindpunktsvara og akreinaskiptivörn. Þá er sjálfvirk stilling á háu ljósunum þar sem búnaður greinir hvort engin umferð er sjáanleg fyrir framan eða á móti.

### Fín upphafshröðun en slakari millihröðun

Akstur NX300h er afar notalegur og fjöðrun hans sem rafrænt aðlagar sig á 20-80 millisekúndna fresti gerir bílinn mjög stöðugan og sannfærandi. Afl bílsins er 197 hestöfl og nýtist það best frá kyrrstöðu og rýkur hann þá áfram. Ekki er eins áhrifamikið að gefa honum inn eftir að hafa náð einhverjum hraða, en þá nýtur rafmótoranna minna og hröðunin verður hálfsvekkjandi. Því er gott að vita til þess að von er á Turbo-útgáfu bílsins á næsta ári og þannig búinn hlýtur hann að verða alger skruggukerra. Lexus ætlar einnig að bæta við 2,0 lítra aflminni vél, en í þeirri útgáfu sem prófuð var og eingöngu fæst nú er 2,5 lítra vél. Ekki stendur til að bjóða NX300h með dísilvél, hvað sem síðar verður. Eflaust hentar sú vél, sem bíllinn kemur nú fyrst með, flestum hvað afl varðar, en það væri bara svo gaman að svo vandaður bíll sem þessi hefði líka skruggu-afl. Lexus NX300h má nú fá í F-Sport-útfærslu og hefðbundinni útfærslu. Fjöðrun F-Sport er stífari og aksturseiginleikar hans betri fyrir vikið. Ytra útlit F-Sport er örlítið breytt og djarfara en í hefðbundinni útfærslu. Fyrir allt það fínerí sem hér hefur verið lýst þarf náttúrulega að borga. Ódýrasta útfærsla NX300h kostar 8.590.00 kr. og sú dýrasta er á 12.480.000 kr. Til samanburðar eru samkeppnisbílarnir BMW X3 frá 6.990.000 til 9.560.000 kr. og Audi Q5 á 10.460.000 til 13.490.000 kr. Erfitt er þó að bera þessa bíla saman og svo virðist sem Lexus NX300h sé á samkeppnishæfu verði og þar fái fólk mikið fyrir aurinn.





Lexus gengur nú mjög vel í Evrópu og hefur aukið söluna um 19% það sem af er ári.

www.renault.is




## DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Dísilbílarnir frá Renault hafa sannarlega slegið í gegn fyrir sparneytni og hagstætt verð. Malín Brand, blaðamaður Bílablaðs Morgunblaðsins, ók á dögunum Renault Megane Sport Tourer með 110 hestafla, 1,5 l dísilvél hringinn í kringum landið og í Húnaver að auki á einungis einni 60 l tankfyllingu eða u.þ.b. 1,520 km leið. Við óskum Malín og öllum Renault eigendum til hamingju og minnum á að: **ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT**!

**[ ... ég var farin að halda að eitthvað mikið væri að aksturstölvunni, sem sífellt sagði að ég gæti ekið um 1.000 kílómetra til viðbótar miðað við aksturslag.]**

Malín Brand, Bílablað Morgunblaðsins

RENAULT

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 |

# NÝ OG GLÆSILEG VERSLUN

Bílanaust opnaði nýja og glæsilega verslun 24. október síðastliðinn að Dvergshöfða 2. Í kjölfarið var versluninni að Bíldshöfða 9 lokað. Viðskiptavinir þurfa þó ekki að fara langt. Aðeins um 200 metra.

Ný verslun Bílanausts býður upp á allt það sem boðið var upp á í eldri verslun. Áfram verður lögð áhersla á að þjónusta viðskiptavini Bílanausts með því að bjóða vörur og varahluti frá heimsþekktum framleiðendum á góðu verði. Bílanaust kappkostar að veita góða þjónustu og búa starfsmenn Bílanausts yfir margra ára þekkingu og reynslu sem viðskiptavinir geta treyst á.

Í tilefni dagsins var viðskiptavinum og velunnurum boðið í smá teiti. Um 400 manns mættu í nýja verslun Bílanausts til að sýna sig og sjá aðra. Almenn ánægja var með útlit og vöruval verslunarinnar og höfðu menn orð á að hún væri hlýleg og þægileg.










Um 400 manns mættu í opnun nýrrar verslunar að Dverghöfða 2. Almenn ánægja var með útlit og vöruúrval verslunarinnar.

# BÍLANAUST VEITIR 3 ÁRA ÁBYRGÐ Á VARAHLUTUM

Lög kveða á um tveggja ára ábyrgð á varahlutum. Bílanaust hefur að eigin frumkvæði bætt einu ári við ábyrgðina. Nippart er einn stærsti varahlutabirgir Bílanausts.

Bílanaust veitir þriggja ára ábyrgð á varahlutum í bíla. Skiptir þá engu frá hvaða framleiðanda varahlutirnir koma. „Lög á Íslandi kveða á um að ábyrgð á varahlutum þurfi að vera tvö ár eins og á svo mörgum öðrum vörum. Einn stærsti birgir Bílanausts er Nipparts, en það fyrirtæki veitir þriggja ára ábyrgð á sínum varahlutum. Bílanaust og Nipparts hafa verið í farsælu samstarfi í tæp 20 ár og þegar Bílanaust tók þá ákvörðun að veita þessa umframábyrgð ákvað Nipparts að sama skapi að ábyrgjast allar sínar vörur til þriggja ára. Ástæðan fyrir því að Bílanaust hefur bætt þessu ári við er einfaldlega sú að fyrirtækið vill undirstrika gæði og stöðugleika vörumerkja þess,“ segir Vera Björk Ísaksdóttir, innkaupastjóri Bílanaust.

### Stærstu birgjar Bílanausts framleiða beint fyrir bílaframleiðendur

Bílanaust er söluaðili með viðurkennd vörumerki sem eru viðurkennd af bílaframleiðendum og oftar en ekki eru birgjar Bílanausts sömuleiðis að framleiða beint fyrir bílaframleiðendur. „Því getur Bílanaust af miklu öryggi boðið þessa auknu ábyrgð og ætti það að koma viðskiptavinum fyrirtækisins vel,“ segir Vera Björk. Stærstu birgjar Bílanausts hafa svokallaða BER-vottun (Block Exemption Regulation) sem þýðir einfaldlega að þeir framleiða varahluti samkvæmt stöðlum bílaframleiðenda og geta þess vegna útvegað varahluti í nýja og nýlega bíla sem enn eru í ábyrgð umboðanna, án þess að bíllinn missi ábyrgð umboðs. „Eigandi bifreiðar sem er í ábyrgð getur keypt hvaða varahlut sem framleiddur er af BER-birgi, farið með hann á hvaða viðurkennda verkstæði sem er og fengið hann settan í, án þess að bíllinn tapi ábyrgð umboðsins,“ útskýrir Vera Björk.

### Nipparts lengir ábyrgð í 3 ár

Í meira en 30 ár hefur Nipparts staðið fyrir hágæðavarahluti á viðráðanlegu verði fyrir japanska og kóreska bíla. Það er ímynd sem Nipparts varð sér úti um með því að bæta og fínpússa vörur sínar í sífellu. Áhrifarík og viðvarandi stefna sem verðskuldar greinargóða og djarfa yfirlýsingu til viðskiptavinanna: Nipparts lengir ábyrgðartímabil úr tveimur árum í þrjú.

Nipparts var stofnað árið 1981 til að bjóða verkstæðum á sviði eftirmarkaðar upp á annan valmöguleika á viðráðanlegu verði í stað asískra varahluta frá framleiðendum upprunalegs búnaðar. „Upprunalegir varahlutir í bíla eru yfirleitt í hágæðum, en þeir eru einnig seldir á háu verði og standa aðeins staðbundnum bifreiðaumboðum til boða. Þegar asískir bílar urðu vinsælir á evrópskum mörkuðum bauð Nipparts verkstæðum upp á nokkuð sem var erfitt að standast: eftirmarkaðsvarahluti á aðlaðandi verði sem samsvara gæðum samsvarandi búnaðar frá upprunalegum framleiðanda og er auðvelt að kaupa í gegnum heildsala og varahlutaverslanir úti um alla Evrópu. Slíkt gerði tíma- og peningasparnað að raunverulegum valkosti fyrir fyrirtæki,“ segir Vera Björk.

Síðustu 30 ár hefur Nipparts bætt markaðsstöðu sína með því að auka jafnt og þétt varahlutaúrval sitt og víkka út markaðsútbreiðslu sína í hverjum flokki. „Höfuðatriði í þessari stefnumótun er þjónusta og gæði. Nipparts trúir því eindregið að ánægðir viðskiptavinir snúi aftur. Því eyðir Nipparts miklu púðri í vöruþróun til að tryggja að þeirra vörur samsvari ávallt gæðum samsvarandi vara hjá framleiðendum upprunalegs búnaðar.




# GRÆJAÐU BÍLINN MEÐ GÆÐAVÖRUM




**REYKJAVÍK,** Dvergshöfði 2, **KÓPAVOGUR,** Smiðjuvegi 4a, græn gata, **HAFNARFJÖRÐUR,** Dalshrauni 17
**REYKJANESBÆR,** Krossmói 4, **SELFOSS,** Hrísmýri 7, **AKUREYRI,** Furuvöllum 15, **EGILSSTAÐIR,** Lyngási 13

**www.bilanaust.is** | **Sími: 535 9000**

Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!



Fiat 500

## Forstjóri Fiat eykur eigið eignarhald í Fiat

Sergio Marchionne, forstjóri Fiat-samsteypunnar, jók við hlutabréfaeign sína í Fiat og keypti bréf fyrir 406 milljónir króna. Hann á nú hluti að virði 1,06 milljarða króna í félaginu sem nemur 0,42 af heildarhlutabréfaeigninni. Í ráðningarsamningi forstjórans eru ákvæði um aukið eignarhald hans og er það hluti af launasamningi Marchionne. Með þessum kaupum vill Marchionne sýna að áætlanir hans um mikla stækkun fyrirtækisins á næstu árum séu raunhæfar. Margir hafa efast um þessi áform forstjórans og telja þau óraunhæf. Þessi gerningur hans sýnir þó að hann er sjálfur sannfærður um hraðan vöxt Fiat og fyrir það mun hann hagnast eða blæða eftir genginu á næstu árum. Gengi bréfa í Fiat stendur nú í um 10 evrum á hlut, en kaupverðið á þessum nýju hlutbréfum hans var mun lægra eða 7,7 evrur. Það má því ýmislegt ganga á til þess að þessi fjárfesting hans beri ekki ávöxt. Fiat er eins og kunnugt er eigandi bandaríska bílaframleiðandans Chrysler og ber starfsemi hans uppi hagnað Fiat-samstæðunnar.



Toyota Prius á heiðurinn af 67% sölu allra hybrid-bíla Toyota.

## Toyota búið að selja 7 milljónir hybrid-bíla

Í janúar á þessu ári tilkynnti Toyota að fyrirtækið hefði framleitt sex milljónasta Hybrid-bílinn, en slíkir bílar kallast tvinnbílar hér á Íslandi. Nú hefur Toyota tilkynnt að sjö milljónasti bíllinn hafi runnið af færibandinu. Það tók því ekki nema níu mánuði að bæta síðustu milljón Hybrid-bílunum við. Þessar tölur eiga bæði við Toyota- og Lexus-bíla. Hafa 2,6 milljónir þeirra verið seldar í Bandaríkjunum og eru 1,74 milljónir þeirra af gerðinni Toyota Prius.

Toyota Prius heiðurinn af 4,7 milljónum þessara 7 milljóna hybrid-bíla á heimsvísu. Toyota hóf framleiðslu hybrid-bíla árið 1997 með tilkomu Toyota Coaster EV Hybrid, en hóf ekki sölu hybrid-bíla utan heimalandsins fyrr en árið 2000. Toyota selur einar 27 gerðir Toyota og Lexus hybrid-bíla, en margar þeirra eru aðeins seldir í Japan. Í Bandaríkjunum eru 12 gerðir hybrid-bíla í sölu.

Nýjasta gerð hybrid-bíla framleiðandans er Lexus NX300h sem nýverið var kynntur hérlendis. Toyota seldi 4 milljónasta hybrid-bílinn í apríl árið 2012 og náði fimm milljóna bíla sölu ellefu mánuðum síðar.

## Mercedes Benz ætlar að smíða Sprinter-sendibíla í Bandaríkjunum

Næststærsti markaður fyrir Sprinter-sendibíla frá Mercedes Benz er í Bandaríkjunum. Það er ef til vill undarlegt í ljósi þess að þeir eru nú smíðaðir í Þýskalandi en teknir að hluta til í sundur aftur og settir saman í Ladson í S-Karólínuríki.

Þessi aðferð er æði kostnaðarsöm og því sér Mercedes Benz tækifæri til að framleiða bílana þar að fullu. Með því ættu bílarnir að lækka í verði og verða enn samkeppnisfærari við bandaríska sendibíla sem þeir keppa við vestanhafs.

Nú eru Sprinter-sendibílar framleiddir á tveimur stöðum í Þýskalandi og framleiðir verksmiðja þeirra í Düsseldorf 150.000 bíla á ári og verksmiðjan í Ludwigsfelde framleiðir 50.000 bíla á ári.

Á tímabili voru Mercedes Benz Sprinter-sendibílar seldir undir merkjum Dodge, en það samstarf hefur nú runnið sitt skeið.



Mercedes Benz Sprinter-sendibílar af ýmsum stærðum




Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið
Suðurhraun 3, 210 Garðabær

# VIÐ ERUM SANNFÆRÐ!

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

„Fyrir tæpu ári settum við Green Diamond Harðkornadekk undir forgangsbifreiðina okkar. Það er samdóma álit þeirra sem keyrt hafa bifreiðina að dekkin standist allar okkar kröfur um öryggi og mýkt við þau störf sem við sinnum. Dekkin eru hljóðlát og ekki sjálfgefið að dekk með þessa eiginleika séu á svo viðráðanlegu verði."

*Borgþór Vignisson, formaður Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.*




**PANTIÐ Á:**
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is

# FRÁBÆR MEÐMÆLI...

## frá traustum og kröfuhörðum viðskiptavinum segja allt sem segja þarf!

**GARÐABÆR**

„Ég er búinn að nota Harðkornadekkin í heilt ár á pickup bíl. Þetta eru ein þau bestu dekk sem ég hef notað. Bíllinn er rásfastari og um leið mýkri í akstri á Harðkornadekkjunum en á öðrum dekkjum sem ég hef notað. Ég mæli eindregið með Green Diamond Harðkornadekkjunum."

*Sigurður Hafliðason forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Garðabæjar.*

**isavia**

"Í stefnumiði Isavia er m.a. lögð áhersla á að lágmarka áhættu, stuðla að auknu öryggi og hafa umhverfismál í öndvegi. Það er því í góðu samræmi við stefnumið Isavia að bifreiðar okkar á Green Diamond Harðkornadekkjum. Góð reynsla og hagstætt verð styður enn frekar þessa ákvörðun."

*Vilhjálmur Karl Karlsson Verkefnastjóri fjármálasviði / Innkaupadeild.*

**ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN**

„Hjá Öryggismiðstöðinni erum við með allan okkar bílaflota á heilsársdekkjum. Undanfarin ár höfum við notað Harðkornadekkin með iðnaðardemantinum og hafa þau reynst vel í hálku og snjó. Dekkin uppfylla okkar markmið um að vera umhverfisvæn og örugg. Getum því með góðri samvisku mælt með Green Diamond Harðkornadekkjum.

*Reynir Valbergsson, frkvstj. fjármálasviðs.*

**HAFNARFJÖRÐUR**

„Hafnarfjarðarbær hefur markað sér skýra stefnu í umhverfismálum og viljum við forðast nagladekkjanotkun og stuðla þannig að minni svifryksmengun. Eftir góða reynslu af notkun Harðkornadekkja frá haustinu 2012 munum við áfram velja Green Diamond Harðkornadekk umfram önnur dekk."

*Gunnar Guðnason umsjónarmaður tækja hjá Hafnarfjarðarbæ.*

**Jóhanna Lind Elíasdóttir**

„Ég hef ekið á Green Diamond Harðkornadekkjum í rúmt ár og er svo ánægð að ekki kom annað til greina en að setja eins dekk undir bíl bóndans nú í haust. Í ferðum mínum um landið hafa dekkin reynst mjög vel við allar aðstæður. Ekki skemmir fyrir að Green Diamond dekkin eru á mjög samkeppnishæfu verði."

*Jóhanna Lind Elíasdóttir ráðgjafi hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins*

RADAR.IS

**Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem...**

[ Ath. iðnaðardemanta er ekki að finna í neinum öðrum „korna" dekkjum á Íslandi. ]

- stórauka veggrip í hálku
- má keyra á allt árið
- auka rásfestu
- valda hverfandi svifryki
- endast allan líftíma dekksins

VARIST EFTIRLÍKINGAR!

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK
Íslenskt hugvit með umhverfi og öryggi að leiðarljósi.

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**DEKUREINTAK!!!**
TOYOTA Land cruiser 120 GX. Árgerð 2005, ekinn aðeins 106þ.km! DÍSEL, sjálfskiptur. Toppþjónusta og litur út sem nýr! Sjón er sögu ríkari. Verð 4.390þ. Rnr.125995. Er á staðnum - Bílalíf.

**Bílalíf**
**Kletthals 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



PORSCHE Cayenne Turbo. Árgerð 2006, ekinn 103 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.í 100% standi Verð 6.390.000. Rnr.298429.



LAND ROVER Range Rover Vogue. Árgerð 2006, ekinn 175 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.Nýjar 22" felgur+dekk Tilboðsverð 3.790.000. Rnr.431221.



M.BENZ Ml 63 amg . Árgerð 2007, ekinn 132 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 6.980.000. Rnr.430980.



BMW X5 xdrive30d shadowline individual. Árgerð 2011, ekinn 63 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.900.000. Rnr.431032.

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotaklettahalsi.is



TOYOTA Rav4. Árgerð 2006, ekinn 112 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.142447.

**Toyota Kletthálsi**
**Kléttháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotaklethalsi.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



SUZUKI Swift gl 4wd (16"álf. a/c, þokuljós). Árgerð 2013, ekinn 42 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.161231.



MERCEDES-BENZ GLK 250 bluetec 4matic . Árgerð 2014, ekinn 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.890.000. Rnr.161250.



Kia Sorento. Árgerð 2010, ekinn 70 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.490.000. Rnr.990596. VERÐ NÚ kr: 2.990.000,-



BMW 320d f30. Árgerð 2014, ekinn 9 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.890.000. Rnr.990959.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**2014 NÝJIR CHRYSLER TOWN & COUNTRY LIMITED**
Flottasti fjölskyldubíllinn, V6 290hö, eyðsla í blönduðum akstri 11.8, Með öllum lúxus, 2x Blueray DVD afurí, Rafmagn í hurðum omfl, ATH 2 eftir, Tilboðsverð aðeins 7.990þkr. Eru í sal.

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18 og lau 11-15. www.isband.is**

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



TOYOTA Rav4 VX. 11/2013, 2þ.km, bensín,sjálfskiptur,krómpakki,krókur. Verð 6.680.000.Skipti ód. Rnr.200123.



HONDA Cr-v Executive.12/2012,34þ. km,bensín,sjálfskiptur,leður, sóllúga. Verð 5.380.000. Skipti ód.Rnr.118357.



HONDA Cr-v Lifestyle. 4/2012,49þ. km,bensín,sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Skipti ód. Rnr.209551.



NISSAN Qashqai SE. 5/2012, 60þ. km,bensín,sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Skipti ód. Rnr.122645.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18**




VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**DISEL-ÚTSALA 295 ÞÚS**
Nissan Terrano árg ,98, ek. 270 þús, ssk, sko ,15, krókur. Mikið endunýjaður. Ný heilsársdekk. Verð 295 þús. S. 891 9847



Skoda Octavia Ambiente árg. ,06 ek. 137 þ. ný tímareim góð heilsársdekk. Verð 790þús uppl. 8995189.

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



**SPARIBAUKUR!**
Daihatsu Cuore árg 2009, ek. 50 þús, 5 gíra beinsk.gott eintak, sumar og vetradekk. TILBOÐ 990.000,- Uppl. í s. 843 4384.

## 250-499 þús.



**EYÐIR LITLU - TILBOÐ 320 ÞÚS!**
OPEL ASTRA-G 1,2 ECOTEC árg ,01 ek.151 þús, 5 dyra, bsk, heilsársdekk, sk. 15 tímakeðja, eyðir mjög litlu, ásett verð 450 þús TILBOÐ 320 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

## 500-999 þús.



**LÍTIÐ EKINN SJÁLFSKIPTUR SPARIGRÍS**
Hyundai Getz 1.6 árg ,05. ek. aðeins 108þús km. ssk. ný heilsársdekk. 5d. sko ,15. bíll í toppstandi sem að eyðir litlu.ásett v:890þús. Tilboðsverð 690þús stgr. vísalán í boði. s:659-9696



**EKINN AÐEINS 46ÞÚS KM - SJÁLFSSKIPTUR**
Opel Vectra 2.2 árg ,03. ek. 46þús km. tímakeðja. smurbók, ssk, vetrardekk. sami eigandi nánast alla tíð. nánast ókeyrður bíll í mjög góðu ástandi. ásett v: 1.390þús. Tilboðsverð : 990þús stgr. vísalán í boði. s:659-9696



**TILBOÐ 690 ÞÚS - VÍSLÁN Í BOÐI**
CITRON C4 2006 ek,152 þús, bsk, sk.15, góð vetradekk, mjög góður bíll sem lýtur vel út, ásett verð 890 þús TILBOÐ 690 þús möguleik á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955



**FRÁBÆRT EINTAK !!!**
M.Bens C180 1.8 compact. árg ,02. ek 126þús km. bsk. sk ,15. ný nagladekk. Leður. Topplúga. vel útbúinn, mjög eyðslugrannur. Ásett v:1.490þús. Tilboðsverð aðeins 990þús. vísaláni í boði. uppl í s:659-9696

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin. Sími 568-5000.

## Bílaþjónusta




## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækja-fl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## Spádómar




Spái í spil, kúlu og bolla, kem líka í heimahús, spái líka fyrir hópa.
S: 6908160.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

**SMIÐUR**
Get tekið að mér parketlagnir og almenna smíðavinnu. Uppl. í s. 692 3455

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

**SJÁLFBOÐARLIÐAR ÓSKAST**
Fjölskylduhjálp Íslands óskar eftir sjálfboðaliðum á Strandgötu 24 hfj og að Hamraborg 9 kóp opnunartími frá 13-18 uppl í síma 8929603

## KEYPT & SELT

## Til sölu

**FRÁBÆRT VERÐ Á LOPAGARNI**
Álafosslopi 429 kr. Léttlopi 259 kr. Plötulopi 399 kr. Gefjun.is




Samskipti annast uppsetningu vinnustaðaskirteina og prentun. Hannaðu þitt eigið skirteini á samskipti.is, S:580-7820 eða sendu fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Verslun



**BÆTIR KYNLÍFIÐ OG KONUR FÁ MIKLU MEIRA ÚT ÚR SAMFÖRUM MEÐ WE-VIBE**

Vinsælasta unaðstæki meðal para mörg ár í röð. Allar flottustu vörurnar fáanlegar Millifærsla - greiðslukort - netgíró. www.hush.is

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Heilsuvörur




Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 80- 400 FM HÚSNÆÐI MEÐ ALLT AÐ 4M LOFTHÆÐ MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Nýbýlavegi og Auðbrekku (gömlu Toyota húsunum) hentar undir léttan iðnað, heildsölur o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**SJÓMENN**

Útgerðaryrirtæki óskar eftir að ráða vana sjómenn, stýrimenn, VMK menn, vélstjóra og vinnslustjóra. Útgerðin rekur frystitogara og uppsjávarskip.

**Umsóknir sendist á tjonusta@365.is**

**merkt „sjómenn"**

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel sem auka eða aðalstarf. Föst laun og bónusar í boði. Uppl og fyrirspurnir sendist á uthringistjori@tmi.is eða í 553-6688

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Álit Skipulagsstofnunar**

## Virkjanir Landsvirkjunar á veituleið Blönduvirkjunar, Húnavatnshreppi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra virkjana á veituleið Blönduvirkjunar felist í áhrifum á gróður og landslag. Áætlað er að vegna framkvæmda við veituskurð frá Þramavirkjun muni 8 ha votlendis skerðast. Skipulagsstofnun telur hins vegar líklegt að afleidd áhrif þess verði að land þorni í nágrenni skurðarins og langtímaáhrif verði umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í matsskýrslu. Skipulagsstofnun telur að áhrif Þramavirkjunar á gróður verði talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun telur helstu neikvæðu áhrif framkvæmdanna á landslag verða vegna efnistöku, haugsetningar og rasks á vinnusvæðum. Ósnert víðerni liggja vestan við fyrirhugað framkvæmdasvæði en framkvæmdirnar munu ekki hafa þar bein áhrif. Skipulagsstofnun telur að áhrif á landslag og sjónræn áhrif virkjanaframkvæmda í heild verði nokkuð neikvæð og áhrifin verði bein og varanleg eftir að rekstur virkjananna hefst.

Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði:

Landsvirkjun eigi samráð við Umhverfisstofnun um endanlega legu veituskurðar frá stöðvarhúsi Þramavirkjunar að Gilsárlóni með það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr skerðingu votlendis á þeirri leið.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu Landsvirkjunar er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: **www.skipulagsstofnun.is**.









# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Hofakur 7- Garðabæ. 4ra herb útsýnisíbúð.

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ kl. 17.15 – 17.45**




Glæsileg 142,8 fm. íbúð á 1. hæð með suðursvölum og frábæru útsýni auk sér bílastæðis í bílageymslu. Íbúðin er öll innréttuð á vandaðan og smekklegan máta. Eikarparket er á gólfum og innréttingar og innihurðir eru úr eik. Bjartar stofur með útengi á stórar svalir til suðurs með frábæru útsýni. Húsið að utan er klætt með áli og því viðhaldslítið. Stór sér geymsla í kjallara með góðri lofthæð og gluggum. **Verð 47,9 millj. Frábær staðsetning mjög miðsvæðis og stutt í skóla og aðra þjónustu. Íbúð merkt 0101. Verið velkomin**

## Laugarásvegur 17A. 4ra – 5 herb útsýnisíbúð.

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. kl. 17.15 – 17.45**




154,2 fm. 4ra - 5 herb íbúð á tveimur hæðum með sérinngangi auk sameignar í kjallara í fallegu fjórbýlishúsi á frábærum stað við Laugarásveg. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni. Íbúðin er björt með stórum gluggum. Stofa og borðstofa í opnu veglegu rými með gluggum er snúa í austur, suður, suðvestur og norður. Þrjú her **Einstaklega glæsilegt útsýni er yfir Laugardal og borgina, sjóndeildarhringurinn óskertur frá Bláfjöllum yfir til Akraness og Snæfellsjökuls. Eignin býður upp á heilmikla möguleika og staðurinn er óviðjafnanlegur. Verð 59,9 millj.**

## Strýtusel 7 - Reykjavík.

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulagt einbýlishús á tveimur hæðum samtals að gólffleti 219,0 fm. að meðtöldum 48,6 fm. bílskúr. Samliggjandi stofur með aukinni lofthæð. Sólskáli. Eldhús með útgangi á lóð. Fjögur herbergi auk sjónvarpsstofu þar sem möguleiki væri að útbúa herbergi í hluta rýmisins. Lóðin er 754,0 fm. að stærð ræktuð og með hellulagðri verönd. Innkeyrsla er steypt **Eign í grónu og skjólsælu hverfi. Verð 54,0 millj. Verið velkomin.**

## Kelduland 9. 4ra herb útsýnisíbúð.

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ kl. 17.15 – 17.45**




Falleg 85,8 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð (efstu) í Fossvoginum. Mjög stórar svalir til suðurs með nýklæddu viðargólfi og frábært útsýni yfir Fossvoginn, að Bláfjöllum, Reykjanesi og víðar. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á sl árum m.a. eldhúsinnrétting og tæki, innihurðir, gólfefni o.fl. Nýjar hurðir eru úr íbúðum og í stigahús. Hús að utan nýlega málað og viðgert. Frábær staðsetning við Fossvogsdalinn þaðan sem stutt er í fallegar gönguleiðir, skóla og aðra þjónustu. **Verð 32,3 millj Íbúð merkt 0301. Verið velkomin.**

---

**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

---

Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali

**VALFELL**
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

## Granaskjól 18

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ 17-18**




Falleg og mikið endurnýjuð 3ja herbergja 75,6 fm íbúð í kjallara lítið niðurgrafin, í þríbýlishúsi á þessum eftirsótta stað í Vesturbænum. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Eldhús með nýlegri innréttingu. Baðherbergi með baðkari, flísar á gólfi. Stofan er björt og rúmgóð. Í sameign á hæðinni er þvottahús. Búið er að endurnýja m.a. Járn á þaki,gólfefni,skolplagnir myndaðar 2005, Rafmagn dregið í íbúð, tenglum og rofum skipt út.
Hús múrviðgert og málað 2013. Gluggar og gler yfirfarin.
**Ásett verð 29,9 millj.**

**Hákon Svavarsson tekur á móti ykkur í dag milli kl 17 og 18.**

---

## SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

www.toyotakletthalsi.is

**Notaðir bílar Kletthálsi**

# Þetta eru #1 Hertz bílar

## Komdu á Klettháls og veldu þér einn



**VW Polo Trendline**
6/2013 Ekinn 53 þ.km
1200 Bensín. 5 gíra
Verð 1.930.000 kr. Rn. 240958



**Toyota Auris Live**
5/2013. Ekinn 47 þ.km
1300 Bensín. 6 Gíra
Verð 2.790.000 kr. Rn. 181937



**Toyota Avensis Sedan**
6/2010. Ekinn 93 þ.km
1800 Bensín. Sjálfskiptur
Verð 2.790.000 kr. Rn. 240970



**Toyota Avensis Wagon Active**
4/2012. Ekinn 53 þ.km
1800 Bensín. Sjálfskiptur
Verð 3.790.000 kr. Rn. 181947



**Toyota Avensis Wagon Active**
5/2013. Ekinn 49 þ.km
1800 Bensín. Sjálfskiptur
Verð 4.260.000 kr. Rn. 204256



**Toyota AYGO**
5/2013. Ekinn 55 þ.km
1000 Bensín. 5 gíra
Verð 1.590.000 kr. Rn. 204258



**Toyota Auris live Eco**
5/2012. Ekinn 53 þ.km
1400 Dísel. 6 gíra
Verð 2.560.000 kr. Rn. 181950



**Toyota Auris Live**
5/2012. Ekinn 68 þ.km
1330 Bensín. 6 Gíra
Verð 2.270.000 kr. **Tilboð 2.050.000 kr.**
Rn 181954



**Toyota Rav4 VX**
4/2014. Ekinn 38 þ.km
2.200 Dísel. Sjálfskiptur
Verð 6.590.000 kr. Rn. 142344



**Toyota Auris Wagon Live**
2/2014. Ekinn 29 þ.km
1400 Dísel. 6 Gíra
Verð 3.450.000 kr. Rn. 204249



**Skoda Citigo Active**
5/2013. Ekinn 47 Þ.KM
1000 Bensín. 5 Gíra
Verð 1.520.000 kr. Rn. 240925



**Toyota Landcruiser 150 GX 7 manna**
5/2013. Ekinn 48 þ.km
3000 Dísel. Sjálfskiptur
Verð 8.950.000 kr. Rn. 181938



**Toyota Yaris Active**
2/2014. Ekinn 28 þ.km
1300 Bensín. Sjálfskiptur
Verð 2.690.000 kr. Rn. 181927



**Suzuki Swift**
4/2014. Ekinn 33 þ.km
1200 Bensín. 5 Gíra
Verð 2.690.000 kr. Rn. 204260



**Toyota Yaris Live**
5/2013. Ekinn 46 þ.km
1000 Bensín. 5 Gíra
Verð 2.290.000 kr. Rn. 204248



**Toyota Rav4 X**
6/2012. Ekinn 76 þ.km
2000 Bensín. 6 Gíra
Verð 4.090.000 kr. **Tilboð 3.290.000 kr.**
Rn. 204382

### Hvað er #1 Hertz bíll?

Bílar hjá Hertz bílaleigu hafa hlotið fyrsta flokks þjónustu og farið í gegnum margar smur- og þjónustuskoðanir. Þeir bílar sem eru til sölu hafa verið sérstaklega valdir úr útleiguflota okkar. Þeir eru vandlega yfirfarnir og hafa staðist allar þær kröfur sem við gerum til #1 Hertz bíla.

Akstri Hertz bíla er haldið í lágmarki og meðalakstur þeirra er með því lægsta sem þekkist í okkar atvinnugrein. Flest allir bílar eru ennþá í verksmiðjuábyrgð og eknir á bilinu 15.000 til 65.000. Bestu ár þeirra eru enn eftir.

Hertz leggur metnað í að bjóða uppá vel útbúna bíla sem allir hafa verið keyptir af innlendum bílaumboðum eins og Toyota á Íslandi.

Með kaupum á #1 Hertz bíl geturðu verið sannfærð/ur um að þú hafir keypt réttan notaðan bíl.

**Toyota Kletthálsi**
**Kletthálsi 2**
**Sími: 570 5220**
**Opið mán-fös kl. 09.00-18.00**
**og lau kl. 12.00 - 16.00**
kletthals@toyota.is - www.toyotakletthalsi.is

birt með fyrirvara um innsláttarvillur.

Hertz

Notaðir bílar Kletthálsi

TOYOTA

## MERKISATBURÐIR

**1677** María II Englandsdrottning giftist Vilhjálmi prins.

**1783** Sinfónía númer 36 eftir Wolfgang Amadeus Mozart er flutt í fyrsta skipti í Linz í Austurríki.

**1890** Fyrsta neðanjarðarlestin fer á milli King William Street og Stockwell í London.

**1897** Fjórir bátar farast í ofsaveðri á Ísafjarðardjúpi og einn á Skjálfanda. Tuttugu og tveir drukkna.

**1918** Austurríki-Ungverjaland gefst upp fyrir Ítalíu í fyrri heimstyrjöldinni.

**1942** Áhöfn Brúarfoss bjargar 44 skipbrotsmönnum af enska skipinu Daleby sem sökkt var á leiðinni milli Íslands og Bandaríkjanna.

**1969** Sautján farþegar slasast þegar tveir strætisvagnar skella saman á Skúlagötu í Reykjavík.

**1994** Fyrsta ráðstefnan sem fjallar sérstaklega um markaðsmöguleika internetsins haldin í San Francisco.

**2008** Barack Obama er fyrsti þeldökki maðurinn sem kosinn er forseti Bandaríkjanna.

# Heiðruð fyrir taktfast tónlistarstarf á Akranesi

**Heiðrún Hámundardóttir tónmenntakennari hlaut Menningarverðlaun Akraness árið 2014 fyrir árangursríkt tónlistarstarf með ungu fólki í bænum.**

„Ég er mjög þakklát fyrir þennan heiður,“ segir Heiðrún Hámundardóttir tónmenntakennari glaðlega um menningarverðlaun Akraness 2014 sem hún uppskar fyrir elju sína í að efla tónlistaráhuga krakka á Akranesi. Sjálf er hún ekkert nema hógværðin og þakkar árangur sinn því að hún sé lánsöm í starfi. „Ég er heppin með samstarfsfólk í verkefnunum sem ég hef tekið að mér og líka með yfirmenn því þeir hafa gefið grænt ljós á hugmyndirnar sem ég hef fengið,“ segir hún.

> **Ég er heppin með samstarfsfólk í verkefnunum sem ég hef tekið að mér og líka með yfirmenn því þeir hafa gefið grænt ljós á hugmyndirnar sem ég hef fengið.**

Heiðrún hefur búið á Skaganum alla sína tíð ef frá eru talin árin sem hún var í tónlistarnámi, fyrst í Reykjavík og síðan í Árósum í Danmörku. Hún kennir nú í Brekkubæjarskóla og Tónlistarskólanum á Akranesi og kveðst vera hálf í verkfalli, það sé dálítið erfitt.

Eitt af því sem Heiðrún hefur lagt lið er verkefnið Ungir-Gamlir. Þar fá áhugasamir krakkar að koma fram á tónleikum með frægu tónlistarfólki sem þeir þekkja. „Við ætluðum að hafa eina tónleika núna á Vökudögum en þeim var frestað vegna verkfalls tónlistarkennara,“ segir Heiðrún. „Eyþór Ingi og Friðrik Dór ætluðu að koma. Vonandi verður hægt að halda þessa tónleika seinna í vetur.“

Heiðrún hefur umsjón með Hátónsbarkakeppni á Akranesi, hún hefur samið og stjórnað söngleik, ásamt öðrum og undirbúið tónlistaratriði fyrir hátíðir á Akranesi með lúðrasveitum, kórum og hljómsveitum. Tónlistarbraut fyrir unglinga, sem er samstarf þriggja skóla, er líka hennar beibí, út úr þeirri vinnu verða til hinar ýmsu hljómsveitir. „Krakkarnir í 10. bekk í Brekkuskóla eru orðnir ansi sjálfstæðir, þeir sækjast eftir að vera í tónmenntastofunni eftir skóla og um helgar að spila,“ segir hún. „Auðvitað eru snúningar við það hjá mér en ég fæ það margfalt til baka.“

gun@frettabladid.is



**TÓNMENNTAKENNARINN** Heiðrún glöð með menningarverðlaunin.

---



Ástkær móðir, tengdamóðir og amma,

**HELGA HAFBERG**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 28. október. Útförin fer fram frá Háteigskirkju 6. nóvember kl. 13.00.

**Engilbert Ó. H. Friðfinnsson** — **Guðbjörg Gísladóttir**
**Hafsteinn Á. Friðfinnsson** — **Kolbrún B. Halldórsdóttir**
**Ari Hafberg Friðfinnsson** — **Þórey Svava Ævarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KÁRI ELÍASSON**
**rakarameistari, Mávahlíð 22,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 31. október sl. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 7. nóvember kl. 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Sóltúns.

**Elías Kárason**
**Ásgerður Káradóttir** — **Hannes Jón Helgason**
**Katrín og Kári Jón**

---



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVEINN KRISTJÁNSSON**
**leigubílstjóri,**

lést þriðjudaginn 21. október á Skjóli. Útförin fer fram 5. nóvember kl. 15.00 í Árbæjarkirkju.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Valgerður Kristjánsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Látin er

**ÁSLAUG ÓLAFSDÓTTIR**
**hjúkrunarkona.**

Bálför hefur farið fram. Við þökkum starfsfólki hjúkrunardeildar 3B, Hrafnistu, Hafnarfirði, umönnun og alúð síðustu æviár hennar.

**Elísabet Snorradóttir**
**Ólafur Snorrason** — **Cely Velasco**
**Áslaug Vanessa Ólafsdóttir**
**Margrét Sharmaine Ólafsdóttir**

---



Elskulegi bróðir minn og frændi okkar,

**JÓN GUÐLAUGSSON**
**frá Skálholti í Grindavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík fimmtudaginn 23. október. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju fimmtudaginn 6. nóvemberkl. 14.00.

**Dagbjört Guðlaugsdóttir og frændsystkini**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

**HELGA K. EINARSDÓTTIR**
**bókasafnsfræðingur,**
**síðast til heimilis að Melgerði 15**
**í Kópavogi,**

er látin. Jarðarförin fer fram frá Salnum í Kópavogi fimmtudaginn 6. nóvember kl. 15.

**Einar Torfi Finnsson** — **Ingibjörg G. Guðjónsdóttir**
**Hjörleifur Finnsson**
**Glóey Finnsdóttir** — **Scott Riddell**
**Örn Þorvaldsson**
**Rannveig Þorvaldsdóttir**
**barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁGÚSTA KRISTÍN ÁRNADÓTTIR**
**til heimilis að Hrafnistu, Hafnarfirði,**
**áður Grundarfirði,**

lést á bæklunardeild Landspítalans í Fossvogi mánudaginn 27. nóvember. Útförin fer fram frá Garðakirkju miðvikudaginn 5. nóvember næstkomandi klukkan 13.00.

**Árni Emilsson** — **Þórunn Sigurðardóttir**
**Ágústa Hrund Emilsdóttir** — **Árni Þórólfsson**
**Emil Emilsson** — **Sigríður Erla Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRDÍS RÖGNVALDSDÓTTIR**
**frá Þverá í Skíðadal,**
**til heimilis að Dalbæ, Dalvík,**

lést miðvikudaginn 29. október. Útförin fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 8. nóvember, klukkan 13.30.

**Ingvi Eiríksson** — **Sigrún Þorsteinsdóttir**
**Vignir Sveinsson** — **Valdís Gunnlaugsdóttir**
**Soffía Sveinsdóttir** — **Stefán Jakobsson**
**Ragna Sveinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,

**SIGURÐUR BALDURSSON**
**læknir,**

varð bráðkvaddur 20. október í Svíþjóð. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 7. nóvember kl. 13.00.

**Jóhanna Ingvarsdóttir**
**Jóhanna María Sigurðardóttir** — **Arnar Þórisson**
**Erna Guðrún Sigurðardóttir** — **Jón Axel Jónsson**
**Baldur Sigurðsson** — **Hera Líf Liljudóttir**
**Ingvar Sigurðsson** — **Helen Jónsdóttir**
**og barnabörn**
**Selma Sigurðardóttir**
**Sigurveig Þórarinsdóttir**
**Þórarinn Baldursson**
**Gunnar Baldursson**

---



Okkar ástkæri

**GUÐJÓN SVAVAR BÖÐVARSSON**
**Hagaflöt 9, Akranesi,**

lést á sjúkrahúsinu á Akranesi, fimmtudaginn 30. október síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju, föstudaginn 7. nóvember kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Akraness. Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki A-deildar fyrir nærgætna og alúðlega umönnun.

**Ragnheiður Þórðardóttir**
**Erna Karla Guðjónsdóttir** — **Grétar Jóhannsson**
**Arnar Már Guðjónsson**
**Eyja Þóra Guðjónsdóttir**
**og allir afastrákarnir.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, stjúpfaðir, bróðir, afi og langafi,

**JÓNAS ALFREÐ PÁLSSON**

varð bráðkvaddur að heimili sínu þann 19. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 5. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur.

**Ásta Baldvinsdóttir**
**Tómas Reynir Jónasson** — **Hallbjörg Þórarinsdóttir**
**Þóra Jóhanna Jónasdóttir** — **Haraldur Pétursson**
**Hulda Soffía Jónasdóttir**
**Sigurlaug Lilja Jónasdóttir**
**stjúpbörn, systkini, barnabörn og barnabarnabörn.**

# SLASH

ÁSAMT

MYLES KENNEDY & THE CONSPIRATORS



## LAUGARDALSHÖLL
## LAUGARDAGINN
## 6. DESEMBER KL 20.00

### HLJÓMSVEITIN DIMMA HITAR UPP

**MIÐASALA Á MIDI.IS**




**2 | KL. 19:20**

**Um land allt**

Kristján Már Unnarsson kynnist mannlífi í Svarfaðardal og skoðar nýtt sveitaþorp sem er að myndast í Laugahlíð.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld

**2 | KL. 20:15**

**Modern Family**

Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.



**2 | KL. 21:45**

**Stalker**

Magnaðir spennuþættir um sérstaka deild innan lögreglunnar í LA sem rannsakar mál tengd eltihrellum.




**2 | KL. 22:30**

**The Strain**

Magnaðir spennuþættir um farþegaflugvél sem lendir í New York og ekki er allt með felldu og furðulegir hlutir gerast.



**KL. 22:00**

**Extremely Loud & Incredibly Close**

Áhrifamikil mynd sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna.



**3 | KL. 20:10**

**One Born Every Minute US**

Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingadeild þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



**Krakkastöðin | KL. 18:00**

**Ævintýri Tinna**

Við fylgjumst með Tinna, og hundinum hans Tobba, lenda í hinum ýmsu ævintýrum.



Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | 2 | | 4 | 3 | 9 |
| | 2 | 7 | | | 4 | 1 | | 6 |
| | 3 | 6 | | | | | 8 | |
| | | 8 | 6 | 7 | | 3 | 9 | |
| | | 1 | | | 9 | | | 8 |
| | 7 | | | 5 | | | 2 | |
| 1 | | | 9 | 8 | | 7 | | |
| | | | | | | | | |
| 7 | 8 | | 4 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | 6 | | 3 |
| 6 | | 2 | 3 | 8 | | | | 9 |
| 7 | | | | 5 | 6 | | 1 | |
| 5 | | | | 2 | 4 | | | |
| | 1 | | | | | 9 | | 6 |
| 2 | | 7 | | | | | | |
| | | | | 9 | | | | |
| | | 8 | 2 | | | 3 | | |
| | 7 | 9 | | 4 | | 2 | 5 | 8 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 5 | 9 | | 8 |
| 2 | | | | 7 | | 1 | | |
| | | | 1 | | 3 | 7 | | |
| | | | | | | | 4 | 2 |
| | 8 | 9 | | 1 | | | | 5 |
| | 6 | | | | | | 1 | |
| | 5 | | 8 | | | | | |
| | 1 | 4 | | 2 | 7 | | | |
| | | | 3 | 5 | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 2 | 4 | 8 | 9 | 7 | 6 | 1 |
| 7 | 4 | 8 | 1 | 2 | 6 | 5 | 9 | 3 |
| 6 | 1 | 9 | 5 | 7 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 8 | 2 | 3 | 9 | 1 | 5 | 4 | 7 | 6 |
| 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 7 | 1 | 8 | 5 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 3 | 2 |
| 4 | 9 | 7 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 8 |
| 2 | 8 | 6 | 7 | 5 | 4 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 3 | 1 | 8 | 9 | 2 | 6 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 5 | 3 | 7 | 6 | 1 | 8 |
| 1 | 3 | 8 | 4 | 6 | 9 | 2 | 5 | 7 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 1 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 2 | 6 | 5 | 3 | 1 | 8 | 4 |
| 3 | 4 | 6 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 8 | 5 | 1 | 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 4 | 1 | 7 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 7 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 | 4 | 6 | 5 |
| 2 | 9 | 5 | 3 | 4 | 6 | 8 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 9 | 8 | 2 | 3 | 1 | 5 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 | 7 | 8 | 9 |
| 5 | 9 | 8 | 7 | 1 | 3 | 2 | 6 | 4 |
| 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 | 9 | 8 |
| 8 | 6 | 5 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 1 | 4 | 9 | 8 | 5 | 7 | 6 | 2 | 3 |
| 3 | 1 | 7 | 5 | 9 | 6 | 8 | 4 | 2 |
| 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 6 |
| 9 | 5 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Hamingjan er ekki eitthvað sem er tilbúið. Hún myndast út frá þínum eigin aðgerðum.“**

*Dalai Lama.*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** köttur, **6.** hvort, **8.** aðstoð, **9.** umrót, **11.** mun, **12.** harmur, **14.** safna saman, **16.** upphrópun, **17.** kelda, **18.** blóm, **20.** þys, **21.** hvæs.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gá, **3.** gangflötur, **4.** eyja, **5.** svelg, **7.** fyrirhyggja, **10.** er, **13.** útdeildi, **15.** svara, **16.** hluti verkfæris, **19.** sjó.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kisi, **6.** ef, **8.** lið, **9.** los, **11.** ku, **12.** tregi, **14.** smala, **16.** oj, **17.** fen, **18.** rós, **20.** ys, **21.** fnæs.

**LÓÐRÉTT: 1.** gelt, **3.** il, **4.** sikiley, **5.** iðu, **7.** forsjón, **10.** sem, **13.** gaf, **15.** ansa, **16.** orf, **19.** sæ.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Stefán Þór Sigurjónsson (2.137), Víkingaklúbbnum, hafði hvítt gegn Magnúsi Gíslasyni (2.012), Skákfélagi Íslands, á Íslandsmóti skákfélaga.**

**Hvítur á leik:**



**35. Hxb6+!** (35. De7 dugar einnig) **35.…axb6** (35.…Ka8 36. Dc5 Hc8 37. Hc6 (eða 37. Hb8+!) og svartur er varnarlaus) **36. Dd6+ Kc8 37. Hc2+** og svartur gafst upp enda óverjandi mát. **www.skak.is** Andreikin sigraði í Tashkent.



# JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

**JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS er okkar veglegasta sérblað ár hvert. Það er að jafnaði 120 síður og hefur að geyma umfjöllun um mat, föndur, skraut, jólasiði og aðrar hátíðarvenjur.**

Í blaðinu verður að finna uppskriftir að hefðbundnum og óhefðbundnum hátíðarmat auk fjölda uppskrifta að eftirréttum, smákökum og konfekti.

Jafnframt verður í blaðinu að finna áhugaverð og skemmtileg viðtöl, hugmyndaþætti auk innlits á fallega skreytt heimili.

- Innlit á glæsilega skreyttu heimili
- Ólíkur stíll tvíburasystra
- TÍSKAN fyrir jólaboðin
- Hugmynd að hárgreiðslu fyrir jólaboðið
- Hugað að heilsunni í desember
- Jólasaga frá Indlandi
- Uppskrift að jólaveislu
- Skotheldar smákökuuppskriftir
- Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur ræðir jólin
- Ljúffengt kaffi um jólin
- Hvernig á að brugga jólabjórinn
- Hannyrðahugmyndir í jólapakkann
- Heimagerð jólakort
- Fagurkerar pakka inn listilegum pökkum
- Krakkajólaföndur

Auglýsendur hafi vinsamlegast samband í tíma með því að senda tölvupóst á hlynur@365.is eða með því að hringja í s. 512-5439




Allt sem þú þarft ...

# Wannabe valið mest grípandi popplagið

Tólf þúsund manns tóku þátt í könnun á því hvert mest grípandi popplagið væri. Spice Girls á toppnum.

Lagið Wannabe með The Spice Girls hefur verið kjörið mest grípandi popplagið sem komið hefur út allt frá fimmta áratugnum. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Háskólinn í Amsterdam gerði í samstarfi við Vísinda- og iðnaðarsafn Manchester.

Könnunin var framkvæmd í gegnum nettölvuleikinn Hooked On Music þar sem tólf þúsund manns voru beðnir um að mæla hversu fljótir þeir voru að þekkja 220 lög. Að meðaltali tók það 2,3 sekúndur fyrir þátttakendur að þekkja Wannabe, samkvæmt BBC. Í næstu fjórum sætum á eftir voru Mambo No 5 með Lou Bega, Eye of the Tiger með Survivor, Just Dance með Lady Gaga og SOS með ABBA.

Markmið könnunarinnar var að rannsaka hvort eitthvað eitt einkenni grípandi popplög.

## TOPP TÍU LISTINN

Spice Girls **Wannabe**
Lou Bega **Mambo No 5**
Survivor **Eye Of The Tiger**
Lady Gaga **Just Dance**
ABBA **SOS**
Roy Orbison **Pretty Woman**
Michael Jackson **Beat It**
Whitney Houston **I Will Always Love You**
The Human League **Don't You Want Me**
Aerosmith **I Don't Want To Miss A Thing**



➜ Wannabe **2,3 sekúndur**
Mambo No 5 **2,48 sekúndur**
Eye of the Tiger **2,62 sekúndur**






**FYRIRSÆTUFIÐRILDI** Heidi Klum stillti sér upp fyrir ljósmyndara á Times-torginu í New York skömmu fyrir Halloween-partíið sem hún hélt. NORDICPHOTOS/GETTY



**FLOTTIR** Joe Jonas, fyrrverandi liðsmaður Jonas-bræðra, og leikarinn Nolan Gerard Funk úr sjónvarpsþáttunum Glee voru á meðal gesta Heidi Klum.

# Stal senunni í FIÐRILDAGALLA

Fimmtánda Halloween-partí fyrirsætunnar Heidi Klum var haldið í New York síðastliðið föstudagskvöld og var þar að sjálfsögðu mikið um dýrðir. Gestgjafinn sjálfur var klæddur eins og fiðrildi og stal senunni. Hrekkjavökupartí voru vitaskuld haldin víðar, þar á meðal í London þar sem Kate Moss var á meðal gesta.



**DÚKKA** Leikkonan Michelle Trachtenberg úr þáttunum Gossip Girl var klædd sem drungaleg dúkka í partíinu hjá Klum.



**BLÓÐUG** Game of Thrones- og The Tudors leikkonan yfirgefur hið árlega hrekkjavökupartí sjónvarpsmannsins Jonathans Ross í London.



**Í GERVI DELEVINGNE** Fyrirsætan Kate Moss var í gervi annarrar fyrirsætu, Cara Delevingne, í Halloween-veislu sem var haldin í London á Englandi.



**SÖNGKONUSNAKK** Söngkonan Katy Perry mætti sem Cheeto-snakk í árlegt Halloween-partí leikkonunnar Kate Hudson í Los Angeles á fimmtudagskvöld.



**DON CORLEONE** Vito Schnabel, kærasti Heidi Klum, sló í gegn sem mafíuforinginn Don Corleone úr kvikmyndinni The Godfather.

# KITCHENAID JÓLATILBOÐ




***Frábært úrval af nýjum vörum frá KitchenAid*** *Glæsileg hágæða raftæki í mörgum litum*



EF 50
1964 - 2014

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

LAUGARÁS BÍÓ
POWERSÝNING KL. 10:10
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| JOHN WICK | 8, 10:10(P) | 16 |
| GRAFIR & BEIN | 6, 8 | 16 |
| FURY | 10:10 | 16 |
| BORGRÍKI 2 | 5:50, 8, 10:10 | 16 |
| KASSATRÖLLINN 2D | 5:50 | L |

SAMbio.is
„BESTA SVEPPAMYNDIN TIL ÞESSA"
JOHN WICK
T.V. - BÍÓVEFURINN.IS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 - 6:40- 8 | L |
| JOHN WICK | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| JOHN WICK VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| THE REWRITE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| THE JUDGE | KL. 9 | 7 |
| KASSATRÖLLIN ÍSLTAL 2D: | KL. 5:50 | L |
| ANNABELLE | KL. 10:20 | 16 |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 | L |
| IF I STAY | KL. 10:20 | 12 |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 - 8 | L |
| JOHN WICK | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| THE REWRITE | KL. 5:40 | 7 |
| THE JUDGE | KL. 10 | 7 |
| ALEXANDER | KL. 8 | L |
| DRACULA UNTOLD | KL. 10:20 | 16 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |
| THE REWRITE | KL. 8 - 10:20 | 7 |
| THE JUDGE | KL. 8 - 10:20 | 7 |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 | L |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:20 | L |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:50 - 8 | L |
| GRAFIR OG BEIN | KL. 10:20 | 16 |
| JOHN WICK | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| KASSATRÖLLIN ÍSLTAL 2D: | KL. 5:50 | L |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 - 8 | L |
| THE REWRITE | KL. 10:20 | 7 |
| THE JUDGE | KL. 10:20 | 7 |
| ALEXANDER | KL. 6 | L |
| AFINN | KL. 8 | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
-V.J.V, SVARTHOFDI.IS ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ -G.D.Ó, MBL
FURY

| SMÁRABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| GRAFIR OG BEIN | KL 5.30 - 8 - 10.15 | 16 |
| GRAFIR OG BEIN LÚXUS | KL 5.30 - 8 - 10.15 | 16 |
| FURY | KL 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| BORGRÍKI | KL 8 - 10.10 | 16 |
| GONE GIRL | KL 8 | 16 |
| THE MAZE RUNNER | KL 5.30 | 12 |
| KASSATRÖLLIN ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| SMÁHEIMAR 2D | KL 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| GRAFIR OG BEIN | KL 8 - 10.15 | 16 |
| FURY | KL 9 | 16 |
| HEMMA | KL 5.45 | L |
| BORGRÍKI | KL 8 - 10.10 | 16 |
| GONE GIRL | KL 5.45 - 9 | 16 |
| BOYHOOD | KL 5.30 | L |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 | 12 |


# Lawrence keypti villu



Jennifer Lawrence hefur fest kaup á glæsivillu í Los Angeles sem var áður í eigu söngkonunnar Jessicu Simpson. Húsið stendur í hverfinu Beverly Crest og kostaði rúmar átta milljónir dala, eða um einn milljarð króna, að sögn blaðsins The Los Angeles Times.

Hunger Games-leikkonan keypti eignina af Sydney Holland, kærustu fjölmiðlamógúlsins Sumners Redstone, sem keypti hana af Simpson í fyrra fyrir tæpar 800 milljónir króna. Í glæsivillunni eru fimm svefnherbergi, sex baðherbergi, tjörn og sundlaug.



**TAYLOR SWIFT** Bandaríska söngkonan er á leiðinni í stóra tónleikaferð á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

# Taylor Swift í tónleikaferð

Taylor Swift hefur tilkynnt um tónleikaferð á næsta ári sem nefnist 1989. Meðal annars mun söngkonan bandaríska stíga á svið í Hyde Park í London á sumarhátíð 27. júní.

„London! Hæ, þetta er Taylor. Ég er svakalega spennt fyrir því að koma og spila fyrir ykkur 27. júní," sagði söngkonan í myndbandi þar sem tónleikarnir voru kynntir.

Fimmta hljóðversplata Swift, 1989, fór á topp iTunes-listans í 95 löndum þegar hún kom út. Eftir spilamennsku í Evrópu á næsta ári snýr hún aftur til Bandaríkjanna og lýkur ferðalaginu í Flórída 31. október.



**STEVIE WONDER** Tónlistarmaðurinn ástsæli á von á þremur börnum í einu með kærustunni sinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Wonder á von á príburum

Tónlistarmaðurinn Stevie Wonder er á von á príburum með kærustu sinni, Tomeeku Robyn Bracy. Þetta kemur fram á síðu Page Six.

Þetta verður níunda, tíunda og ellefta barn söngvarans sem á fyrir átta börn með fimm konum. Bracy og Wonder, sem er 64 ára, eignuðust sitt fyrsta barn saman í fyrra.

Elsta barn tónlistarmannsins er 39 ára og það yngsta eins árs. Wonder hefur verið kvæntur tvisvar, fyrst söngkonunni Syreetu Wright á árunum 1970 til 1972 og síðar hönnuðinum Kai Millard Morris á árunum 2001 til 2012. Wonder og Bracy hafa verið saman í rúmlega ár.

# Biðin eftir breytingaskeiðinu

**BAKÞANKAR**
Erlu Bjargar Gunnarsdóttur



Sagt er að móðurhjartað stækki með hverju barni, en gleymum ekki að samviskubitið stækkar í sömu hlutföllum. Sjálfsásökunarsvipan sem maður heldur á í hægri verður vígalegri. Bónuspokinn er í vinstri. Sem þriggja samviskubita móðir varð mér því létt þegar ég horfði á viðtal um daginn við Árelíu Eydísi Guðmundsdóttur um breytingaskeið kvenna. Hún sagði að fyrir breytingaskeiðið væru konur líffræðilega hannaðar til að hugsa látlaust um þarfir annarra. Þegar þær fara af barneignaaldri hættir umönnunarþörfin að stjórna lífi þeirra og þær læra að beina sjónum að sjálfum sér. Þannig að ekki nóg með að ég geti hér með hætt að mæta á meðvirknifundi þar sem þetta á sér allt saman líffræðilegar skýringar heldur sé ég fram á að losna við blessað samviskubitið í kringum fimmtugt.

**ÉG** mun geta unnið af mér rassgatið án þess að vera með móral og jafnvel skipt um starfsferil enda von um góð tuttugu ár í viðbót á vinnumarkaði. Ég mun mæta úthvíld á morgnana og ekki með neitt hor í fötunum. Ég mun ekki bara kaupa vítamín heldur líka taka þau og vera svakalega hraust. Ég mun loksins hafa tíma til að hlusta á hugleiðsludiskinn sem bíður mín í tækinu og verða helkjörnuð. Ég mun ekki fá kvíðahnút í magann þegar eitthvert barnanna byrjar að hnerra og ekki eyða kvöldunum í örvæntingarfulli leit að bleikri flík fyrir bleikan dag á leikskólanum. Ég verð stórkostlegur starfskraftur! Nei, nei, ég verð enn stórkostlegri starfskraftur!

**EN** staðreyndin er þó sú að langtímaatvinnuleysi er einna mest meðal kvenna yfir miðjum aldri og því greinilegt að samfélagið er ekki búið að meðtaka skilaboðin um hvað þær eru fáránlega til í slaginn. Það vill svo til að það eru nokkrar magnaðar konur á þessum aldri í kringum mig að leita sér að vinnu þessa dagana. Uppfullar af vilja til að gefa sig starfinu á vald verða þær vitni að því trekk í trekk að í stað þeirra eru ráðin unglömb sem eru oftar en ekki þjökuð af umönnunarþarfarsamviskubiti.

**ÞÁ** segi ég bara við þær að bugast eigi. Okkar kæra Vigdís Finnbogadóttir var einmitt fimmtug þegar hún var kosin forseti.



**FOKKING PÖNKROKKDÆMI** Muck hefur skilið hismið frá kjarnanum á nýju plötunni.

MYND/ÞORSTEINN CAMERON

# Muck samdi við bandarískan risa

## Hljómsveitin Muck sem hefur látið lítið fyrir sér fara seinasta árið hefur samið við útgáfufyrirtækið Prosthetic Records sem hefur gefið út þekkt metalbönd.

„Það hefur verið dálítið langt ferli að græja þetta," segir Ási Þórðarson, trommari harðkjarnasveitarinnar Muck sem er nú komin á samning hjá bandaríska útgáfufyrirtækinu Prosthetic Records.

„Við höfum látið lítið fyrir okkur fara seinasta árið því við höfum verið að taka upp nýja plötu og senda pósta á hin og þessi fyrirtæki. Að lokum vorum við farnir að pæla í að gefa plötuna út sjálfir en þá fengum við póst frá gaurnum sem rekur London-skrifstofu Prosthetic. Hann dýrkaði þetta og sagðist vera geðveikt til í að henda út plötu," segir Ási en platan umrædda kemur út 16. febrúar á heimsvísu.

Prosthetic leggur höfuðáherslu á metal en fyrirtækið hefur gefið út ýmsa risa í metalheiminum eins og 1349, Gojira og Lamb of God. „Þetta er helvíti fínt enda hefur verið langur aðdragandi og við getum loksins farið að segja frá þessu."

Nýja plata Muck er pönkplata og er að sögn Ása harðari, hraðari og einfaldari en sú fyrri, Slaves. „Þetta er bara fokking pönkrokkdæmi. Það mætti segja að við séum búnir að skilja hismið frá kjarnanum. Við erum orðnir aðeins skýrari í því sem við viljum gera og platan er skýrt dæmi um það. Platan veit hvað hún er."

> **Þetta er bara fokking pönkrokkdæmi. Það mætti segja að við séum búnir að skilja hismið frá kjarnanum.**
> *Ási Þórðarson.*

torduringi@frettabladid.is

# Orðrómurinn er ekki réttur

## Leikkonan Catherine Heigl segir að það sé ekkert erfitt að vinna með henni.

Catherine Heigl segir það ekki rétt að það sé erfitt að vinna með henni. Hún viðurkennir samt að hafa gert mistök í samskiptum sínum við samstarfsmenn sína.

Þessi fyrrverandi leikkona í sjónvarpsþáttunum Grey's Anatomy var viðfangsefni greinar í tímaritinu The Hollywood Reporter þar sem því var haldið fram að það væri erfitt að vinna með henni og það væri ekki þess virði að ráða hana í vinnu.

Hægt var að spyrja Heigl spjörunum úr á Facebook um helgina og þar sagði hún þennan orðróm vera „mjög dónalegan" og kveðst alls ekki vera erfið í samskiptum.

„Mér finnst ekkert eins óþægilegt og að særa einhverja manneskju og ég gæti aldrei gert það viljandi. Auðvitað hef ég gert mistök eins og aðrar manneskjur og sagt eitthvað í hálfkæringi en ég reyni alltaf að bæta fyrir slíkt," sagði hún.

Heigl hætti í Grey's Anatomy árið 2010 eftir deilu við stjórnendur þáttanna.



**CATHERINE HEIGL**


ego dekor
FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI
MILANO leðursófasett
3ja sæta - Verð: 199.900,-
Stóll – Verð: 99.900,-
MODESTO leðurhornsófi
Stærð: 300X210cm
Verð: 398.000,-
PISA tungusófi
Stærð: 249x157cm
Verð: 177.000,-
DOMINO tungusófi
Stærð: 327X199cm
Verð: 248.000,-
ERIC skenkur
Breidd: 170cm – Verð: 149.900,-
Breidd: 224cm – Verð: 209.900,-
ERIC sjónvarpsskenkur
Breidd: 210cm
Verð: 149.900,-
ADRIANA -
stækkanlegt hnotuborð
Stærð: 180(240)x100
Verð: 158.000,-
-20%
Verð áður: 16.900,-
MORRIS stóll
Verð: 19.900,-
SONATA stóll
Verð: 25.900,-
ARLO stóll
Tilboðsverð: 13.520,-
Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

# SPORT

## SAMANBURÐUR Á MEÐALALDRI TVEGGJA ÍSLENSKRA LANDSLIÐSHÓPA

**ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í DAG — 30,8**

| | |
|---|---|
| **MARKVERÐIR** | |
| Björgvin Páll Gústavsson | 29 ára |
| Aron Rafn Eðvarðsson | 25 ára |
| **HORNAMENN** | |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 35 ára |
| Þórir Ólafsson | 34 ára |
| Stefán Rafn Sigurmannsson | 24 ára |
| **LÍNU- OG VARNARMENN** | |
| Sverre Andreas Jakobsson | 37 ára |
| Róbert Gunnarsson | 34 ára |
| Vignir Svavarsson | 34 ára |
| Kári Kristján Kristjánsson | 33 ára |
| Bjarki Már Gunnarsson | 26 ára |
| **ÚTILEIKMENN** | |
| Alexander Petersson | 34 ára |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 33 ára |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | 30 ára |
| Arnór Atlason | 30 ára |
| Sigurbergur Sveinsson | 27 ára |
| Björgvin Þór Hólmgeirsson | 27 ára |



**ÍSLENSKA LIÐIÐ Á HM 1990 — 27,1**

| | |
|---|---|
| **MARKVERÐIR** | |
| Einar Þorvarðarson | 33 ára |
| Guðmundur Hrafnkelsson | 25 ára |
| Leifur Dagfinnsson | 22 ára |
| **HORNAMENN** | |
| Guðmundur Guðmundsson | 30 ára |
| Jakob Sigurðarson | 26 ára |
| Valdimar Grímsson | 25 ára |
| Bjarki Sigurðsson | 23 ára |
| **LÍNUMENN** | |
| Þorgils Óttar Matthiesen | 28 ára |
| Geir Sveinsson | 26 ára |
| **ÚTILEIKMENN** | |
| Alfreð Gíslason | 31 árs |
| Sigurður Gunnarsson | 31 árs |
| Sigurður Valur Sveinsson | 31 árs |
| Kristján Arason | 30 ára |
| Júlíus Jónasson | 26 ára |
| Óskar Ármannsson | 25 ára |
| Héðinn Gilsson | 21 árs |

# Eldra en liðið sem kvaddi Bogdan

Ein frægustu kynslóðaskiptin í sögu íslenska handboltalandsliðsins voru eftir HM í Tékkóslóvakíu árið 1990. Meðalaldur liðsins sem tapaði fyrir Svartfellingum í Bar í undankeppni EM á sunnudaginn var þremur árum hærri en hjá landsliðinu á HM fyrir 24 árum.

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið er orðið gamalt, það sást á leik liðsins gegn Svartfellingum í undankeppni EM um helgina og stingur líka í augun þegar meðalaldur hópsins er skoðaður betur.

Gullkynslóðin hefur skilað íslensku þjóðinni fjölmörgum gleðistundum á síðasta áratug en það bólar aftur á móti lítið á kynslóðinni sem á að taka við.

Leiðtogarnir Guðjón Valur Sigurðsson og Snorri Steinn Guðjónsson þurfa enn að draga vagninn yfir erfiðustu hjallana og liðið má ekki mikið við því þegar lykilmenn eins og Alexander Petersson, Arnór Atlason eða Ásgeir Örn Hallgrímsson eru ekki upp á sitt allra besta.

Auðvitað saknaði liðið líka eins manns um helgina. Aron Pálmarsson er öflugasti leikmaður íslenska liðsins í dag og enn á besta aldri (24 ára) en hann hefur hins vegar glímt við meiðsli og er nú búinn að missa af fimm keppnisleikjum liðsins í röð. Flestir geta verið sammála þeirri fullyrðingu að íslenska liðið væri með fullt hús í riðlinum og að fara að keppa á HM í janúar ef Aron hefði spilað.

Staðreyndirnar stinga hins vegar í augun. Meðalaldur íslenska liðsins í tapinu í Svartfjallalandi var 30,8 ár og vegið meðaltal marka liðsins voru heil 33 ár. 22 af 24 mörkum íslenska liðsins í Svartfjallalandi voru skoruð af mönnum sem eru komnir á fertugsaldurinn og fjórir markahæstu leikmenn liðsins eru 33 eða eldri.

Ein allra frægustu kynslóðaskiptin í sögu íslenska handboltalandsliðsins voru eftir HM í Tékkóslóvakíu 1990 en það var síðasta mót liðsins undir stjórn Pólverjans Bogdans Kowalczyk.

Þarna kvöddu goðsagnir eins og Alfreð Gíslason, Einar Þorvarðarson, Guðmundur Guðmundsson og Þorgils Óttar Matthiesen. Kristján Arason og Sigurður Valur Sveinsson töldu sig líka vera komna á endastöð en voru síðan „plataðir“ aftur af stað.

Íslenska landsliðið hafði tvisvar náð sjötta sæti á stórmóti og unnið B-keppnina. Í liðinu voru yngri menn eins og Geir Sveinsson, Júlíus Jónasson, Bjarki Sigurðsson, Valdimar Grímsson og Guðmundur Hrafnkelsson sem höfðu þegar öðlast reynslu og fóru fyrir liðinu á næstu árum á eftir.

Staðreyndin er hins vegar sú að liðið sem tapaði í Bar um helgina er miklu eldra en liðið sem kvaddi Bogdan í mars 1990. Það munar meira en þremur árum á meðalaldri þessara liða – sjá fyrir ofan.

Íslenska þjóðin getur verið þakklát fyrir að Guðjón Valur Sigurðsson, Snorri Steinn Guðjónsson, Alexander Petersson og fleiri eru enn tilbúnir að fórna sér fyrir landsliðið og hjálpa liðinu að brúa kynslóðabilið. Það að enginn yngri en 27 ára skyldi skora í leiknum gegn Svartfjallalandi bendir hins vegar til þess að það gæti verið langt í næstu „alvöru“ kynslóð í íslenska handboltalandsliðinu.

ooj@frettabladid.is


NOTAÐIR BÍLAR
Í MIKLU ÚRVALI

Vertu með!
FERÐAFJÖR
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna
400.000 KR.
GJAFABRÉF FRÁ WOWair*
Hvert myndir þú fara?



▶ Tilboð: 1.890.000 kr.
Ford Focus Trend Collection IVY39
Skráður júní 2010, 1,6i bensín, beinskiptur
Ekinn 68.000 km.
Ásett verð: 1.990.000 kr.

▶ FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



▶ Tilboð: 3.590.000 kr.
Ford Kuga Titanium S JJF07
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 85.000 km.
Ásett verð: 4.090.000 kr.



▶ Tilboð: 2.890.000 kr.
Honda Accord Elegance PMU45
Skráður júlí 2010, 2,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 68.000 km.
Ásett verð: 3.090.000 kr.

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Notaðir bílar – Brimborg

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 1. nóvember 2014 til og með 22. desember 2014 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2014 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umboðssölubíla.




**HÆGT AÐ STÖÐVA HANN?** Liverpool gekk illa að ráða við Ronaldo á Anfield en hvað gerist í kvöld? FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Verður erfitt kvöld hjá liði Liverpool

Liverpool sækir Real heim í Meistaradeild Evrópu.

**FÓTBOLTI** Það var mikill gæðamunur á liðum Real Madrid og Liverpool er þau mættust á Anfield fyrir tveimur vikum.

Real vann leikinn 3-0 með mörkum í fyrri hálfleik og gat leyft sér að taka því rólega í síðari hálfleik enda beið leikur gegn Barcelona nokkrum dögum síðar.

Það má því ætla að róðurinn verði enn þyngri hjá Liverpool í kvöld. Real á heimavelli og búið að endurheimta Gareth Bale úr meiðslum.

„Bale er í fínu lagi. Eina sem ég er að velta fyrir mér er hvort ég eigi að setja hann í byrjunarliðið,“ sagði Carlo Ancelotti, þjálfari Real, en hann íhugar líka að hvíla leikmenn sem hafa spilað mikið. Svo öruggur er Ancelotti með sig.

Hann má reyndar vera það enda hefur hans lið unnið ellefu leiki í röð í öllum keppnum. Liðið er nú komið á toppinn á Spáni þrátt fyrir brösuga byrjun.

„Við erum að spila vel þessa dagana og öllum líður vel. Það er mikið sjálfstraust og við óttumst engan. Það er mikil fagmennska í klefanum hjá okkur.“

- hbg

## LEIKIR KVÖLDSINS

**A-RIÐILL:**
Juventus - Olympiakos
Malmö - Atletico Madrid
**Staðan:** Atletico 6 stig, Olympiakos 6, Juventus 3, Malmö 3.

**B-RIÐILL:**
Basel - Ludogorets
Real Madrid - Liverpool
**Staðan:** Real 8 stig, Ludogorets 3, Liverpool 3, Basel 3.

**C-RIÐILL:**
Zenit - Leverkusen
Benfica - Monaco
**Staðan:** Leverkusen 6 stig, Monaco 5, Zenit 4, Benfica 1.

**D-RIÐILL:**
Arsenal - Anderlecht
Dortmund - Galatasaray
**Staðan:** Dortmund 9 stig, Arsenal 6, Anderlecht 1, Galatasaray 1.

# LÖNGUSTEIKUR

# 1.590 kr/kg



LÖNGUSTEIKUR
SUÐUR AMERÍSKUR
KRYDDLÖGUR



LÖNGUSTEIKUR
SÍTRÓNU PIPAR

**TILBOÐ GILDIR ÞRIÐJUDAG OG MIÐVIKUDAG**



Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 587 7755

HAFBERG
*fiskbúð sælkerans*

Gnoðarvogi 44
Sími 588 8686

HUGSAÐU UM HEILSUNA OG BORÐAÐU FISK

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 19.20
### Um land allt



Annar þáttur í nýrri seríu sjónvarpsmannsins Kristjáns Más Unnarssonar. Í þessum þætti kynnist Kristján mannlífi í Svarfaðardal og skoðar nýtt sveitaþorp sem er að myndast í Laugahlíð.

## Í KVÖLD



### Gotham

**STÖÐ 2 KL. 21.00** Hörkuspennandi þættir þar sem sögusviðið er Gothamborg sem flestir kannast við úr sögunum um Batman en sagan gerist þegar Bruce Wayne var ungur drengur og glæpagengi réðu ríkjum í borginni.



### Real Madrid - Liverpool

**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30** Bein útsending frá leik Real Madrid og Liverpool í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn verður erfiður fyrir Liverpool-menn sem töpuðu fyrri leiknum 3-0.



### Malala – skotin vegna skólagöngu

**RÚV KL. 21.25** Heimildarmynd um pakistönsku unglingsstúlkuna Malala Yousafzai. Á svipstundu varð Malala sameiningartákn í réttindabaráttu stúlkna til náms í Pakistan þegar talíbanar reyndu að ráða hana af dögum fyrir að mótmæla lokun stúlknaskóla.

## Bylgjan kl. 16.00
### Reykjavík síðdegis

Þorgeir, Kristófer og Bragi eru með puttann á púlsinum og bjóða upp á þjóðmálaumræðu sem skiptir máli.







**Active Liver**
Eykur niðurbrot fitu í lifrinni og styrkir starfsemi hennar

*„Finn mikinn mun á mér, eftir að ég byrjaði að nota Active Liver. Hef minni löngun í óhallan mat, sætindi, kaffi og áfengi. Ég hef líka lést og er mjög ánægð með árangurinn“.*
**-Kirsten**


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.30** **Gossip Girl** *(10:24)*
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors** *(18:50)*
**10.15** **Go On** *(16:22)*
**10.35** **The Middle** *(1:24)*
**11.00** **Flipping Out** *(8:12)*
**11.45** **Breathless** *(2:6)*
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **So You Think You Can Dance**
**14.20** **The Mentalist** *(13:22)*
**15.05** **Hawthorne** *(5:10)*
**15.50** **Scooby-Doo! Leynifélagið**
**16.15** **Sjáðu** *(363:400)*
**16.45** **New Girl** *(11:25)*
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(4:22)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Um land allt** *(2:12)*
**19.50** **2 Broke Girls** *(21:24)*
**20.15** **Modern Family** *(6:24)*
**20.40** **The Big Bang Theory** *(6:24)*
**21.00** **Gotham** *(6:16)*
**21.45** **Stalker** *(5:13)*
**22.30** **The Strain** *(4:13)*
**23.15** **Daily Show: Global Edition**
**23.40** **A to Z** *(4:13)*
**00.00** **Grey's Anatomy** *(5:24)*
**00.45** **Forever** *(5:13)*
**01.30** **Covert Affairs** *(16:16)*
**02.15** **Howl**
**03.40** **Boys Don't Cry**
**05.35** **Modern Family** *(6:24)*

## SPORT *besta sætið*

**11.25** **NBA**
**12.15** **Undankeppni EM 2016** *(Þýskaland - Írland)*
**13.55** **Euro 2016 - Markaþáttur**
**14.45** **Barcelona - Celta**
**16.25** **Spænsku mörkin**
**16.55** **Zenit - Bayer Leverkusen** **Bein** **útsending.**
**19.00** **Meistaradeildin - upphitun**
**19.30** **Real Madrid - Liverpool** **Bein** **útsending.**
**21.45** **Meistarad. - Meistaramörk**
**22.30** **Arsenal - Anderlecht**
**00.20** **Malmö - Atletico Madrid**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** **Crystal Palace - Sunderland**
**08.40** **Messan**
**11.35** **Hull - Southampton**
**13.15** **Football League Show**
**13.45** **Messan**
**15.00** **Leicester - WBA**
**16.40** **Crystal Palace - Sunderland**
**18.20** **Chelsea - QPR**
**20.00** **Ensku mörkin - úrvalsdeild**
**20.55** **Messan**
**22.10** **Newcastle - Liverpool**
**23.50** **Arsenal - Burnley**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Kling Klang **21.30** Eldhús meistaranna

## STÖÐ 3

**18.15** **Jamie's 30 Minute Meals**
**18.40** **Baby Daddy** *(8:21)*
**19.00** **Wipeout**
**19.45** **Welcome to the Family** *(3:11)*
**20.10** **One Born Every Minute US** *(4:8)* Bandaríska útgáfan af þessum vönduðu og áhugaverðu þáttum sem gerast á fæðingadeild á bandarískum spítala.
**20.55** **Drop Dead Diva** *(12:13)*
**21.40** **Witches of east End** *(10:10)*
**22.25** **Treme** *(2:11)*
**23.20** **Flash** *(2:13)*
**00.05** **Arrow** *(2:23)*
**00.45** **Sleepy Hollow** *(2:18)*
**01.30** **Wipeout**
**02.15** **Welcome to the Family** *(3:11)*
**02.40** **One Born Every Minute US** *(4:8)*
**03.25** **Drop Dead Diva** *(12:13)*
**04.10** **Witches of East End** *(10:10)*
**04.50** **Treme** *(2:11)*
**05.40** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Brunabílarnir **09.22** Lína Langsokkur **09.43** Ævintýraferðin **09.56** Tommi og Jenni **10.00** Ævintýri Tinna **10.25** Latibær **10.47** Hvellur keppnisbíll **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Brunabílarnir **13.22** Lína Langsokkur **13.43** Ævintýraferðin **13.56** Tommi og Jenni **14.00** Ævintýri Tinna **14.25** Latibær **14.47** Hvellur keppnisbíll **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Brunabílarnir **17.22** Lína Langsokkur **17.43** Ævintýraferðin **17.56** Tommi og Jenni **18.00** Ævintýri Tinna **18.25** Latibær **18.47** Hvellur keppnisbíll **19.00** Kapteinn Skögultönn **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.55** **Strákarnir**
**18.20** **Friends** *(21:24)*
**18.45** **Arrested Development 3** *(3:13)*
**19.10** **Modern Family** *(24:24)*
**19.30** **Two and a Half Men** *(20:22)*
**19.55** **Geggjaðar græjur**
**20.15** **Veggfóður**
**21.00** **The Mentalist** *(10:22)*
**21.45** **Zero Hour** *(10:13)*
**22.25** **Red Widow** *(8:8)*
**23.10** **Chuck** *(18:22)*
**23.50** **Cold Case** *(4:23)*
**00.35** **Geggjaðar græjur**
**00.50** **Veggfóður**
**01.35** **The Mentalist** *(10:22)*
**02.20** **Zero Hour** *(10:13)*
**03.00** **Red Widow** *(8:8)*
**03.45** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.20** **You've Got Mail**
**12.20** **The Way Way Back**
**14.05** **A League of Their Own**
**16.10** **You've Got Mail**
**18.10** **The Way Way Back**
**19.55** **A League of Their Own**
**22.00** **Extremely Loud & Incredibly Close**
**00.10** **Magic MIke**
**02.00** **Twelve**
**03.35** **Extremely Loud & Incredibly Close**

## RÚV

**16.30** **Ástareldur**
**17.20** **Músahús Mikka** *(2:26)*
**17.40** **Violetta**
**18.25** **Táknmálsfréttir** *(65)*
**18.35** **Melissa og Joey** *(8:21)*
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Íþróttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Óskalögin 1964 - 1973** *(3:5)*
**20.10** **Djöflaeyjan** Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn Vera Sölvadóttir, Guðdur, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir. Dagskrárgerð: Sigurður Jakobsson. Textað á síðu 8 88 í Textavarpi.
**20.40** **Castle** *(3:24)*
**21.25** **Malala - skotin vegna skólagöngu**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Morðæði** *(4:4)*
**23.10** **1864** *(3:8)*
**00.10** **Kastljós**
**00.35** **Fréttir**
**00.50** **Dagskrárlok** *(63:365)*

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **The Talk**
**09.40** **Pepsi MAX tónlist**
**15.05** **Happy Endings** *(21:22)*
**15.30** **Franklin & Bash** *(5:10)*
**16.15** **Reckless** *(10:13)*
**17.00** **Kitchen Nightmares** *(7:10)*
**17.45** **Dr. Phil**
**18.30** **The Tonight Show**
**19.10** **The Talk**
**19.50** **Trophy Wife** *(9:22)*
**20.10** **The Royal Family** *(8:10)*
**20.35** **Welcome to Sweden** *(8:10)* Glæný sænsk grínþáttaröð, en þættirnir slógu rækilega í gegn í Svíþjóð fyrr á þessu ári. Welcome to Sweden fjalla um hinn bandaríska Bruce *(Greg Poehler)* sem segir upp vellaunuðu starfi í New York til að flytja með sænskri kærustu sinni, Emmu *(Josephine Bornebusch)*, til Svíþjóðar. Parið ætlar sér að hefja nýtt líf í Stokkhólmi og fáum við að fylgjast með Bruce takast á við nýjar aðstæður í nýjum heimkynnum á sprenghlægilegan hátt.
**21.00** **Parenthood** *(7:22)*
**21.45** **Ray Donovan** *(10:12)*
**22.35** **The Tonight Show**
**23.20** **CSI** *(1:20)*
**00.05** **Hannibal** *(6:13)*
**00.50** **Ray Donovan** *(10:12)*
**01.40** **The Tonight Show**
**02.30** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** **European Tour 2014**
**13.00** **Inside the PGA Tour 2014**
**13.25** **PGA Tour 2014**
**14.30** **European Tour 2014**
**19.30** **Golfing World 2014**
**20.20** **PGA Tour Highlights**
**21.15** **Golfing World 2014**
**22.05** **PGA Tour Highlights**
**23.00** **Golfing World 2014**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÁLNAVÖRUBÚÐIN
Hveragerði

Við sendum hvert á land sem er

# SKÓDAGAR til 9.nóv

a.m.k. **20%** afsláttur af **ÖLLUM** skóm



Piano (SIXMIX)
Verð: 22990 kr
NÚ: 18392 kr



SIXMIX 9239
Verð: 17.990 kr
NÚ: 14.392 kr



IMAC kuldaskór
Verð: 16.990 kr
NÚ: 13.592 kr



SIXMIX 12193
Verð: 19.990 kr
NÚ: 15.992 kr



SIXMIX 1014
Verð: 16.990 kr
NÚ: 13.592 kr



SIXMIX 14158
Verð: 16.490 kr
NÚ: 13.192 kr



Marco Tozzi
Verð: 12.990 kr
NÚ: 10.392 kr



SIXMIX 13528
Verð: 17.490 kr
NÚ: 13.992 kr



Studio London
Verð: 11.990 kr
NÚ: 9.592 kr



SIXMIX 13677
Verð: 16990 kr
NÚ: 11044 kr



Star KIDS
Verð: 6990 kr
NÚ: 5592 kr



Star KIDS
Verð: 6990 kr
NÚ: 5592 kr



Star KIDS
Verð: 7490 kr
NÚ: 5992 kr




Beaver Kuldaskór
Verð: 7490 kr
NÚ: 5992 kr



IMAC kuldaskór
Verð: 15.990 kr
NÚ: 12.792 kr



Best Walk leðurskór
Verð: 15.990 kr
NÚ: 12.792 kr



IMAC kuldaskór
Verð: 15.990 kr
NÚ: 12.792 kr



Bullboxer
Verð: 17990 kr
NÚ: 14.392 kr

**25%** afsláttur af **ÖLLUM** North Rock útivistarfatnaði

Þú getur pantað og fengið sent
í gegnum Facebook eða síma 483-4517
facebook.com/alnavorubudin

## OPNUNARTÍMI

Mán-Lau 10-18
Sunnudagar 12-18

## MORGUNMATURINN



**„Ég borða aldrei morgunmat, drekk ekki einu sinni kaffi. Ég tek bara ADHD-lyfin mín og bíð eftir að þau virki svo ég geti byrjað daginn.“**

Curver Thoroddsen, listamaður og einn aðstandenda YAIC-ráðstefnunnar.

# Gunni og Felix í fyrsta sinn með barnafarsa

Æfingar á fyrsta leikriti félaganna Gunnars Helgasonar og Felix Bergssonar hófust í Gaflaraleikhúsinu í gær.

Æfingar hófust í gær á fyrsta leikriti félaganna Gunnars Helgasonar og Felix Bergssonar, Bakaraofninn – þar sem matargerð er lyst, sem verður frumsýnt í Gaflaraleikhúsinu í febrúar.

„Það var kominn tími fyrir leiksýningu. Það hefur alltaf verið í bígerð. Við skemmtum okkur gríðarlega við að leita leiða til að endurnýja okkur,“ segir Felix og bætir við hlæjandi að Sveppi hafi stolið af þeim hugmyndinni að bíómyndinni og því hafi þeir þurft að finna eitthvað annað í staðinn.

Bakaraofninn er fjölskylduleikrit sem fjallar um það þegar Gunni og Felix ákveða að opna veitingastað. „Það getur ekki farið nema illa. Frægasti matargagnrýnandi landsins er á leiðinni og þeir sitja uppi með pólskan iðnaðarmann sem er ákaflega klaufskur. Við köllum þetta barnafarsa. Við höfum ekki séð svoleiðis áður,“ segir Felix. „Okkur langaði að gera leikrit sem er skemmtilegt en með týpískum Gunna og Felix skilaboðum.“ Ævar Þór Benediktsson og Elva Ósk Ólafsdóttir leika einnig í verkinu, Björk Jakobsdóttir leikstýrir og Máni Svavarsson sér um tónlistina. **- fb**

➜ Gunni og Felix hafa unnið saman í 21 ár og selt geisladiska, DVD-diska og annað efni í yfir 100 þúsund eintökum.



**Á ÆFINGU** Gunni og Felix á æfingu fyrir leikrit sitt, Bakaraofninn, sem verður frumsýnt í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


# iPhone viðgerðir



iSíminn
Skipholti 21


# Vill að fleiri kvenkyns skáld taki upp pennann

Alma Mjöll Ólafsdóttir er eina konan sem sýnir verk á vegum Ungleiks í nóvember. Af þeim tólf sem sendu inn leikrit til leikhópsins í haust voru aðeins þrjár konur.

„Ég veit ekki hvernig á að hvetja stelpur til að skrifa meira, kannski vantar þær fyrirmyndir,“ segir Alma Mjöll Ólafsdóttir, skáld og eina konan sem sýnir verk á vegum sjálfstæða leikhópsins Ungleiks í Borgarleikhúsinu í nóvember.

Alma segist vilja sjá fleiri ungar konur taka upp pennann en af þeim tólf einstaklingum sem sendu inn leikrit til Ungleiks í haust voru aðeins þrjár konur. „Þetta er svolítið eins og með liðin í Gettu betur og MORFÍS. Um leið og maður sér stelpur í þessum liðum þá fær maður þá flugu í höfuðið að þetta sé hægt,“ segir Alma, sem telur viðhorf til kvenkyns rithöfunda í samfélaginu vera öðruvísi en til karlkyns penna.

„Mér finnst pínu merkilegt að til að byrja með fann ég fyrir ákveðinni pressu að mitt verk yrði að vera meistaraverk, svo ég myndi nú ekki klúðra þessu fyrir stelpum. Auðvitað ýtti ég þessari hugsun strax til hliðar en mér fannst samt merkilegt að taka eftir henni. Ég hef stundum hugsað þegar ég er að skrifa bækur: „Passaðu þig að skrifa ekki bara kvenlegt dót,“ því maður vill ekki að dótið sitt fái einhvern stimpil. Það er auðvitað fáránlegt því efnið sem ég skrifa er skrifað út frá sjálfri mér og auðvitað eiga raddir ungra stelpna að eiga sitt svæði í þessum bransa án þess að vera bækur um konur fyrir konur,“ segir hún.

„Á meðan það eru færri konur en karlar sem skrifa þá eru þær kannski undir meiri pressu því að þeim finnst augljósara ef þær gera mistök heldur en karlar,“ bætir hún við. „Það vantar bara einhverja fylkingu af pönkurum (sem er hægt og rólega að myndast) sem segja bara „fokk jú, ég geri bara það sem ég vil,“ og þannig hvetja aðrar stelpur til að gera bara nákvæmlega það sem þeim sýnist. Ekki kalla ungar konur „skáldkonur“ því enginn maður er kallaður „skáldkall“. „Skáld“ ætti bara að nægja.“

Þess skal þó getið að helmingur leikstjóranna á Ungleik í nóvember er konur og helmingur karlar.

thorduringi@frettabladid.is



**„SKÁLD“ ÆTTI AÐ NÆGJA** Alma telur viðhorfin til kvenkyns penna vera öðru vísi en til karla. MYND/ÚR EINKASAFNI

> **Mér finnst pínu merkilegt að, til að byrja með, þá fann ég fyrir ákveðinni pressu að mitt verk yrði að vera meistaraverk, svo ég myndi nú ekki klúðra þessu fyrir stelpum.**
>
> *Alma Mjöll Ólafsdóttir skáld*

# Fyrsta einkasýning Einars

Einar Örn Benediktsson, tónlistar- og stjórnmálamaður, sýnir einnar línu teikningar.

„Þetta er formfast oft á tíðum hjá mér,“ segir tónlistarmaðurinn Einar Örn Benediktsson, sem opnar sína fyrstu myndlistarsýningu í Gallerí Listamönnum á miðvikudaginn.

„Haraldur Jónsson myndlistarmaður sagði að ég væri bara að teikna tónlist Ghostigital. Það er að vísu alveg til í því, af því að ég hlýt að vera tónlistin sem ég spila, þannig að ég hlýt líka að vera teikningin sem ég teikna. Ég hef voðalega gaman af því að teikna og ég hef líka voða gaman af því að spila – að búa til svona ástand.“

Einar kallar teikningar sínar „one liners“ eða einnar línu teikningar. „Það er náttúrulega smá orðaleikur af því að „one liners“ eru oft frægar setningar þannig að þessar myndir eru svona frægar setningar. Það er saga í hverri einustu mynd auðvitað, en hverjar þær eru get ég bara sagt síðar,“ segir Einar, sem kveðst aðallega teikna vini sína og atvik úr eigin lífi.

„Margar af þessum teikningum eru þannig að ég set pennann niður og tek hann ekki upp þar til penninn hittir aftur á upphafsstað. Þetta er ein lína í raun og veru, einn hringur sem tekur mörgum breytingum á leið sinni. Þegar ég er búinn að því svindla ég stundum og skreyti þær.“ **- þij**



**TEIKNAR TÓNLISTINA** Einar Örn hefur gaman af því að búa til ákveðið ástand. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI



ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.
50% AFSLÁTTUR AF 2 L COKE ZERO
Coca-Cola zero
KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Eiga von á barni

**Snæbjörn Ragnarsson** eða Bibbi í Skálmöld eins og hann er gjarnan kallaður, á von á barni með unnustu sinni, Agnesi Grímsdóttur. Bibbi bloggaði um væntanlega komu frumburðarins en hann er staddur í Evrópután með Skálmöld. Agnes skrifaði svo einlægan pistil á Facebook-síðu sína undir sónarmynd af barninu þar sem hún sagði óléttuna vera óvænta en mikil gleði ríkti hjá tilvonandi foreldrum. Og endaði pistilinn svo á: „Þar hafiði það, ég og Bibbi erum að verða foreldrar. Vúhú!“



- vh

### Lára með nýtt myndband

**Lára Rúnars** gaf í gær út nýtt lag og myndband sem heitir Rósir og er af væntanlegri plötu Láru, sem kemur út snemma á næsta ári. Um er að ræða ákaflega fallegt myndband þar sem bæði Lára og íslensk náttúra eru í aðalhlutverki en þar er meðal annars stuðst við svokallaða „timelapse“-myndatöku. Myndbandinu var leikstýrt af Dögg Mósesdóttur, aðstandanda Northern Wave-stuttmynda- og tónlistarmyndbandahátíðarinnar. Lára mun síðan koma fram á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni á miðvikudagskvöldið í Norðurljósasal Hörpu og á sunnudagskvöld á Gauknum.



- þij

### Mest lesið VÍSIR

1 Karl Garðarsson telur mótmælin tilefnislaus
2 Beið í 90 mínútur með slösuðum ketti á umferðareyju
3 Grunur um ebólusmit á Keflavíkurflugvelli
4 Maynard svipti sig lífi í gær
5 Fellaini hrækti á Aguero í gær | Sjáið myndbandið




